EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON

*Heldur að mestu í eigin stíl en þiggur góð ráð*

tíska heimili heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



BÍLAR

*Öflugir bílar og önnur tryllitæki á einum stað*

Sérblað um bíla

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MAX RAFTÆKI

2.289 kr.



AUKABLAÐ Í DAG

Gleðilegt sumar – velkomin Holtagarða og Kauptún



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. maí 2008 — 118. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## FIMMTUDAGUR



**Blásið í lúðra fyrir alþýðuna**

Lúðrasveit verkalýðsins spilar í kröfugöngu í dag en sveitin á 55 ára afmæli á þessu ári.

TÍMAMÓT 32

**Sjónlistadagurinn**

Myndlistarmenn opna vinnustofur sínar í dag og bjóða almenningi að ganga í bæinn.

MENNING 36



**Páll Óskar í sjónvarpið**

Klæðist vinnugalla frá Bangladess.

FÓLK 50



**Chelsea í úrslit**

Man. Utd mætir Chelsea í úrslitum Meistaradeildarinnar í Moskvu en Chelsea lagði Liverpool í framlengdum leik.

ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** Í dag verða norðan 3-10 m/s en heldur stífari við suðausturströndina. Bjartviðri sunnanlands, skýjað með köflum á landinu vestanverðu annars skýjað og stöku skúrir norðaustan til.

VEÐUR 4

# Neyðarástandi aflýst

**Lausn fékkst á deilu hjúkrunarfræðinga og stjórnenda Landspítalans í gærkvöldi. Vaktafyrirkomulagið sem deilt var um var slegið út af borðinu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég mæti á vakt í fyrramálið,“ sagði Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður á skurðdeild Landspítalans, í samtali við Fréttablaðið eftir að tilkynnt hafði verið að lausn hefði fundist á deilu hjúkrunarfræðinga og stjórnenda Landspítalans í gærkvöldi.

„Neyðarástandinu er því aflýst,“ segir Vigdís sem segist ekki vita betur en að nær allir skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingar muni draga uppsögn sína til baka. Undantekningar væru þær sem hafa ráðið sig annað. „Það var því miður talsverður fórnarkostnaður af þessum aðgerðum og veit ég til þess að um tíu hjúkrunarfræðingar hafa ráðið sig annað.“

Í yfirlýsingu sem send var til fjölmiðla í gærkvöldi segir: „Starfandi forstjórar Landspítala lýsa yfir að það vinnufyrirkomulag sem öðlast átti gildi 1. maí 2008 er ekki til umræðu lengur og núverandi vaktafyrirkomulag gildir til 1. maí 2009, nema um annað verði samið.“

> Mér þykir mjög ánægjulegt hvernig bæði hjúkrunarfræðingar og stjórnendur tóku á stöðunni af ábyrgð og festu.
>
> GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON
> HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að virða skuli vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Því eigi að setja saman vinnuhóp sem skipaður verður einum fulltrúa skurðhjúkrunarfræðinga, einum fulltrúa svæfingarhjúkrunarfræðinga og tveimur fulltrúum sem tilnefndir verða af stjórnendum spítalans. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra mun tilnefna oddamann.

Spurður hvort viðbrögð hjúkrunarfræðinga sýni ekki að of geyst hafi verið farið svaraði Björn að stjórnendur hefðu ekki vitað til þess að óánægja ríkti með fyrirhugaðar aðgerðir. „Neyðaráætlun var tilbúin og fólk vel búið undir þær aðgerðir sem hjúkrunarfræðingar ætluðu í. Það er hins vegar mikið ánægjuefni að farsæll farvegur fannst á þessu máli áður en grípa þurfti til slíkra aðgerða,“ segir Björn.

„Mér þykir mjög ánægjulegt hvernig bæði hjúkrunarfræðingar og stjórnendur tóku á stöðunni af ábyrgð og festu. Það er niðurstaðan sem er mjög ánægjuleg,“ sagði Guðlaugur rétt eftir að fundi lauk.

- kdk



**Á LEIÐ Í HÚSAKYNNI FÉLAGS ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA** Það var heldur þungt yfir þeim Bryndísi Þorvaldsdóttur, Sigurveigu Björgólfsdóttur og Vigdísi Árnadóttur þegar þær gengu út úr heilbrigðisráðuneytinu í gær. Laust fyrir klukkan níu sáu þær þó ástæðu til að gleðjast þar sem stjórnendur ákváðu að slá það vaktarfyrirkomulag sem átti að öðlast gildi í dag út af borðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Kallar eftir nýrri þjóðarsátt

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin, sveitarfélögin, seljendur vöru og þjónustu og almenningur verða að stilla saman strengi til að berjast gegn verðbólgunni og kveða hana hratt niður. Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í grein í Fréttablaðinu í dag í tilefni af baráttudegi verkafólks.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg kallar eftir sams konar þjóðarsátt og var gerð árið 2001. Þá segir hún að þótt hún telji íslenskt launafólk borga það alltof dýru verði að halda uppi sjálfstæðri örmynt, verði krónan okkar gjaldmiðill enn um hríð og því verði að standa vörð um hana.

- bs/ sjá síðu 29.

Landsþing lögreglumanna:

# Vill Taser-tæki sem allra fyrst

**LÖGREGLUMÁL** Landsþing Landssambands lögreglumanna samþykkti ályktun þar sem þess er krafist að „öllum lögreglumönnum verði útvegað Taser-valdbeitingartæki sem allra fyrst,“ eins og orðrétt segir í ályktuninni. Taser-tækin eru rafstuðtæki og hefur notkun þeirra víða verið gagnrýnd af mannréttindasamtökum en dauðsföll hafa verið rakin til þeirra. Landsþingið er haldið í Munaðarnesi í Borgarfirði og því lýkur í dag.

Í greinargerð með ályktuninni segir að það sé óþarft að „tefja málið frekar“ með skoðunum því lögreglumenn slasist við skyldustörf sín daglega á meðan.

- mh

Búist við miklum afföllum af loforðum um stuðning við framboð í öryggisráðið:

# Enginn vill spá fyrir um úrslit

**UTANRÍKISMÁL** Reikna má með því að allt að fjórðungur þeirra ríkja, sem segjast ætla að styðja framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, heltist úr lestinni í kosningum um sæti í ráðinu sem fara munu fram í október.

Ætla má að Ísland hafi nú tryggt sér stuðning í það minnsta 128 ríkja í kosningunum. Utanríkisráðuneytið vill ekki gefa upp nákvæman fjölda ríkja sem lofað hafa stuðningi. Fram hefur hins vegar komið í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra að heltist engin ríki úr lestinni ætti Ísland að ná kjöri. Því má ætla að 2/3 hlutar aðildarríkjanna 192 hafi lýst yfir stuðningi. Það eru 128 atkvæði, mæti fulltrúar allra ríkja til atkvæðagreiðslunnar.

Engar líkur eru hins vegar á því að öll ríkin sem segjast ætla að styðja Ísland geri það í raun, og því gera íslensk stjórnvöld sér vel grein fyrir. Þetta er samdóma álit fjölda sérfræðinga í málefnum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) sem Fréttablaðið hefur rætt við undanfarið.

Í dag birtist fyrsti hluti ítarlegrar úttektar blaðsins á framboði Íslands til öryggisráðsins.

„Það er gríðarlega mikil samkeppni um hvaða stöðu sem losnar innan SÞ,“ segir Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúi Danmerkur hjá SÞ.

Samkeppnin í kosningum hefur færst í aukana undanfarið og með auknum þrýstingi hækkar hlutfall ríkja sem segjast ætla að styðja ákveðin ríki en gera það ekki þegar á hólminn er komið.

Faaborg-Andersen tekur sem dæmi framboð Danmerkur til sætis í mannréttindaráði SÞ í fyrra, gegn Hollandi og Ítalíu. „Við héldum að við hefðum þau atkvæði sem þurfti, en hjá okkur voru afföllin um 25 prósent,“ segir hann. Slík hlutföll eru alþekkt í kosningum innan SÞ, þó 25 prósent afföll teljist yfirleitt með því mesta sem reiknað er með.

Sérfræðingarnir telja líklegt að annað hvort hinna ríkjanna verði kjörið í ráðið fyrst og Ísland lendi í nokkurs konar bráðabana gegn hinu ríkinu.

- bj / sjá síðu 18






**Við stöndum upp úr**

Fréttablaðið er með 64,20% meiri lestur en 24 stundir og 91,44% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft… …alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. skv. könnun Capacent 1. nóv. 2007–31.jan. 2008

MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur, trúir þú á fljúgandi furðuhluti?*

Já, geimverurnar vinna hjá tryggingafélögunum.

Bifreið Guðmundar M. Kristjánssonar stórskemmdist þegar fljúgandi bolti lenti á bílnum. VÍS neitar að borga þar sem félagið telur að atvikið hafi verið slys og engum að kenna.

Maðurinn sem fann eftirfararbúnað undir bifreið sinni:

# Vill viðurkenningu á bótaskyldu

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem fann eftirfararbúnað undir bifreið sinni, og fékk nýlega afhent rannsóknargögn lögreglu er vörðuðu hann, hefur krafist þess að íslenska ríkið viðurkenni bótaskyldu vegna rannsóknaraðgerða lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem snertu hann.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu fylgdist lögreglan náið með manninum, meðal annars með símhlerunum og eftirfararbúnaði, en sættist að lokum á að afhenda lögmanni mannsins gögnin eftir að ljóst varð að rannsókn lögreglunnar leiddi ekki til neins. Maðurinn var grunaður um aðild að svokölluðu hraðsendingarmáli en það snýst um innflutning á fíkniefnum til landsins í gegnum UPS-hraðsendingarþjónustuna.

Í bréfi Vilhjálms H. Vilhjálmsson héraðsdómslögmanns, fyrir hönd mannsins, kemur fram að símar mannsins hafi verið hleraðir mánuðum saman. Héraðsdómur hafi á þessu tímabili samþykkt „gagnrýnislaust" að framlengja heimild til hlerunar án þess að nokkuð hafi komið fram um þátt málsins í fyrrnefndum innflutningi. **- mh**



**LÖGREGLAN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fylgdist grannt með ferðum mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýtt verkalýðsfélag verður til:

# Tvö þúsund félagar í Framsýn

**VERKALÝÐSMÁL „Nú er stór dagur hjá okkur," segir Aðalsteinn Baldursson, nýr formaður Framsýnar en í dag, 1. maí sameinast Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis og Verslunarmannafélag Húsavíkur undir nafninu Framsýn - stéttarfélag.**

**Aðalsteinn segir að unnið hafi verið að sameiningu félaga á norðursvæðinu í mörg ár. Í nýju sameinuðu félagi verða um tvö þúsund félagsmenn. „Við segjum stundum að þetta nái yfir átján prósent landsins því starfssvæði félagsins er frá Raufarhöfn að Víkurskarði."** **- ovd**

# Aðalsteinn Jónsson látinn

**Aðalsteinn Jónsson, útgerðarmaður á Eskifirði, lést á Fjórðungssjúkrahúsi Neskaupstaðar í morgun, áttatíu og sex ára að aldri.**



**Aðalsteinn var um áratuga skeið einn af forystumönnum í íslenskum sjávarútvegi og var forstjóri Eskju, áður Hraðfrystihúss Eskifjarðar, í fjörutíu ár. Samhliða gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum, var sæmdur riddara- og stórriddarakrossi íslensku fálkaorðunnar og var heiðursborgari á Eskifirði.**

**Aðalsteinn lætur eftir sig eiginkonu, þrjú börn, tíu barnabörn og fjögur barnabarnabörn.**



**STEFÁN FLYTUR ERINDI** Stefán fór vítt og breitt yfir árangur af breytingum sem innleiddar hafa verið á starfi lögreglunnar frá árinu 2003. Á myndinni sést Stefán við ræðupúlt og einnig Bjarni Benediktsson, sem var fundarstjóri, og Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sem einnig hélt erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lögreglumenn fái árangurstengd laun

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir að skoða megi hugmyndir um að árangurstengja laun lögreglumanna. Breytingar á löggæslu í landinu hafa reynst vel, sagði Stefán Eiríksson á hádegisfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það hlýtur að koma til álita að velta því upp hvort það komi ekki til greina að árangurstengja laun lögreglustjóra. Þannig að ég fái ekki eins há laun ef árangurinn af starfinu á höfuðborgarsvæðinu verður ekki eins og að var stefnt, og svo gæti þetta farið neðar í lagið. Endi svo á því að ef afbrotum fækkar um fimm til tíu prósent á ári þá fái lögreglumenn bara myndarlegan jólabónus," sagði Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, á hádegisfundi Sjálfstæðisflokksins um lögreglumál í Valhöll í gær.

Þar ræddu Stefán og Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari um löggæslumál í landinu, árangurinn af breytingum sem innleiddar hafa verið á undanförnum árum og hver væru ný viðfangsefni þeirra sem sinna munu löggæslu í landinu á næstu árum.

Stefán sagði árangurinn af endurskipulagningu, sem hófst árið 2003, hafa verið afar góðan. „Aðaldriffjöðrin í þessum breytingum hefur verið Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, sem hefur haldið á þessum málaflokki af mikilli skynsemi," sagði Stefán í upphafi erindis síns.

Nefndi hann sérstaklega þær breytingar sem innleiddar voru með lagabreytingum um áramótin 2006/2007. Þá var lögregluembættum fækkað úr 26 í fimmtán. Meðal annars voru lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu sameinuð í eitt líkt og á Suðurnesjum. „Þetta hefur reynst vel og mjög fá atriði, miðað við umfang breytinganna, verið gagnrýnd."

Stefán sagði þrjú mál helst hafa vakið umræðu sem hefði pólitískan flöt. Það væru hugmyndir um varalið lögreglunnar, greiningardeild ríkislögreglustjóra og síðan með hvaða hætti forvirkar aðgerðir lögreglunnar ættu að vera. „Nýjar hættur kalla á breytt verklag," sagði Stefán og nefndi vaxandi áhrif skipulagðrar glæpastarfsemi hér á landi. „Það þarf auðvitað að taka tillit til persónuverndar og mannréttindasjónarmiða þegar hugað er að verkfærum lögreglunnar til að sinna löggæslustörfum, og ég tel að það sé vel hægt að skapa lögreglustarfi þá umgjörð að allir geti verið sáttir við það," sagði Stefán.

**magnush@frettabladid.is**

Lögreglumenn álykta:

# Styðja Jóhann Benediktsson

**LÖGREGLUMÁL** Landssamband lögreglumanna styður „baráttu lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir leiðréttingu á fjárveitingu til þessa annars stærsta embættis landsins".

Ályktun svo hljóðandi samþykkti landsþing sambandsins, sem haldið er í Munaðarnesi í Borgarfirði, í gær. Þinginu lýkur í dag.

Dómsmálaráðuneytið hefur boðað endurskipulagningu á embættinu á Suðurnesjum vegna fjárhagsvanda. Jóhann hefur sagt það óþarft og vill að fjárheimildir verði auknar til samræmis við verkefni. **- mh**

Ólympíukyndillinn til Tíbet:

# Á leiðinni upp á tind Everest

**KÍNA, AP** Mikil leynd hvíldi í gær yfir því hvar ólympíukyndillinn væri niðurkominn, en verið var að undirbúa för hans upp á tind Everest.

Jafnvel var búist við að farið yrði með hann þangað upp strax í gær, þegar réttir hundrað dagar voru fram að Ólympíuleikunum, eða í dag, 1. maí, sem er mikill hátíðisdagur í Kína.

Kínverjar leggja mikið upp úr mikilvægi þess að farið verði með kyndilinn upp á Everestfjall, sem er reyndar enginn hægðarleikur. Fjallgangan með kyndilinn er auk þess enn ein niðurlægingin fyrir Tíbetbúa, enda er þessi hæsti fjallstindur jarðar á landamærum Tíbets og Nepals. **- gb**

Stjórnvöld í Ástralíu:

# Staða samkynhneigðra bætt

**ÁSTRALÍA, AP Nýja vinstristjórnin í Ástralíu tilkynnti í gær víðtækar lagabreytingar til að bæta réttarstöðu samkynhneigðra.**

**Samkynhneigðum pörum verður þó ekki heimilað að ganga í hjónaband.**

**Breytingar verða gerðar á um það bil hundrað lagaákvæðum, sem öll fela í sér einhvers konar mismunun gegn samkynhneigðum. Hafist verður handa við lagabreytingarnar í næsta mánuði og er stefnt að því að þeim verði lokið um mitt næsta ár.** **- gb**

## SVEITASTJÓRNARMÁL

### Nýr meirihluti tekinn við

Elías Jónatansson er nýr bæjarstjóri á Bolungarvík eftir að nýr meirihluti A- og D-lista tók við í gær. Ragna Jóhanna Magnúsdóttir var kjörin forseti bæjarstjórnar og Anna Guðrún Edvardsdóttir var kjörin formaður bæjarráðs.





Sparaksturskeppni

1. verðlaun 25.000 króna bensínúttekt.

Laugardaginn 3. maí. Skráning á www.atlantsolia.is

Skemmtilegur fjölskyldubíltúr frá Bíldshöfða.


Playmo-karlinn Sturla Jónsson fylgir litlum drengjum í svefninn:

# Sex ára drengir krefjast verðlækkana

**FÓLK** „Við viljum að bensínverð lækki. Það er alltof dýrt og ef það myndi lækka myndi fólk getað notað meira af peningunum sínum í eitthvað annað. Til dæmis mat og svona," segir Aron Kristinn Ágústsson sex ára mótmælandi skattlagningar á eldsneyti. Síðustu þrjá daga hefur hann staðið með mótmælaspjöld í nágrenni Hringbrautar ásamt vini sínum Arnþóri Snæ Þorsteinssyni, sem einnig er sex ára gamall.

„Við höldum með löggunni en finnst náttúrulega að rétt sé að lækka bensínverð. Við viljum samt ekki mótmæla með því að standa úti á götu og stoppa fólk heldur stöndum við uppi á gangstétt með spjöld sem sýna hvað við viljum," segir Aron.

Ágúst Kr. Björnsson, faðir Arons, segir strákana hafa sýnt öllu því sem tengist mótmælum vörubílstjóra og aðgerðum lögreglunnar mikinn áhuga. Aron leiki sér nú öll kvöld að Playmo-körlum. Annar hluti karlanna sé í hlutverki mótmælenda en hinn hlutinn sé löggur. Aðalatriði leiksins sé þó forláta trukkur sem Aron segði vera eign Playmo-útgáfunnar af Sturlu Jónssyni, talsmanni vörubílstjóra. **- kdk**



**ARON OG ARNÞÓR** Stilltu sér upp fyrir ljósmyndara í mótmælastöðu. Þeir halda með lögreglumönnum en skilja aðgerðir vörubílstjóra þótt þeim finnist rangt að stöðva umferð. Betra sé að krefjast aðgerða á löglegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. MAÍ 2008

# VERJUM KJÖRIN!

Í yfir 90 ár hefur styrkur og samtakamáttur verkalýðshreyfingarinnar gjörbreytt íslensku samfélagi þannig að óvíða er betra að búa. Með þjóðarsáttinni árið 1990 kváðum við verðbólguna niður og lögðum grunn að mesta framfaraskeiði Íslandssögunnar. Nú eru enn blikur á lofti.

Snúumst til varnar þeim kjörum sem áratuga barátta okkar hefur skilað. Höfum kjark til að horfast í augu við staðreyndirnar, bregðast við þeim og leita nýrra leiða að sameiginlegum markmiðum. Sýnum ábyrgð, en krefjumst líka ábyrgðar atvinnurekenda, stjórnvalda og annarra áhrifaaðila í þjóðfélaginu.
Verjum kjörin!

Alþýðusamband Íslands

ENNEMM / SÍA / NM33109

## GENGIÐ 30.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,38 | 74,74 |
| Sterlingspund | 146,23 | 146,95 |
| Evra | 115,49 | 116,13 |
| Dönsk króna | 15,474 | 15,564 |
| Norsk króna | 14,470 | 14,556 |
| Sænsk króna | 12,332 | 12,404 |
| Japanskt jen | 0,7131 | 0,7173 |
| SDR | 120,64 | 121,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
149,1537

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fulltrúar lögreglu og mótmælenda gengu á fund allsherjarnefndar Alþingis í gær:

# Nefndin skoði upptökur af átökunum

**ALÞINGI** „Þótt talsvert hafi borið í milli í lýsingum aðila var fundurinn upplýsandi,“ sagði Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, eftir fund nefndarinnar í gær um átökin sem urðu í Norðlingaholti síðasta vetrardag.

Fulltrúar lögreglu, dómsmálaráðuneytis og mótmælenda komu á fundinn. Fóru þeir yfir atburðarásina frá sínum sjónarhóli og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Jón Magnússon, Frjálslynda flokknum, fór fram á að nefndin óskaði eftir myndskeiðum sjónvarpsstöðvanna af atburðum og kveðst Birgir reikna með að það verði gert á næstunni.

Birgir segir að nefndin muni ekki skila áliti eða komast að niðurstöðu í málinu, það sé ekki í hennar verkahring. Hvað sem því líði sé það sín skoðun að atburðarás og aðstæður á vettvangi hafi gefið tilefni til harðari lögregluaðgerða en Íslendingar eigi að venjast.

- bþs



**SJÓNARHÓLL LÖGREGLU** Yfirmenn lögreglu höfuðborgarsvæðisins, Hörður Jóhannesson og Stefán Eiríksson, fyrir allsherjarnefnd Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Geir Haarde forsætisráðherra:

## Ferðakostnaður ekki leyndarmál

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að kostnaður við ferðalög ráðamanna sé ekki leyndarmál. Mistök hafi verið gerð þegar kostnaði vegna ferðar hans, utanríkisráðherra og föruneytis, með leiguflugvél, á leiðtogafund Nató í Búkarest í byrjun mánaðarins var haldið leyndum.

Geir upplýsti þetta á Alþingi í gær.

Sagði hann að í upphafi hafi flugrekandinn óskað þess að kostnaði við leiguna yrði haldið leyndum þar sem um sérstakan kynningarafslátt var að ræða. Ríkið gæti hins vegar ekki leynt upplýsingum á borð við þessar.

- bþs

**UMHVERFISMÁL**

### Árni endurkjörinn

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, var endurkjörinn í stjórn Greenpeace Nordic til næstu þriggja ára á aðalfundi Greenpeace Nordic í Stokkhólmi um síðustu helgi.

**DANMÖRK**

### Ritstjóri Jótlandspósts víkur

Carsten Juste, ritstjóri Jótlandspóstsins danska, hefur boðað að hann muni brátt víkja sæti fyrir nýjum ritstjóra. Enn liggur þó ekki fyrir hver sá verður. Jafnframt hefur Flemming Rose, menningarritstjóri blaðsins, hætt störfum, en „Múhameðsteikningafárið“ mæddi mest á honum.

**NOREGUR**

### Ferðamenn farast í bátaslysi

Talsmaður norsku strandgæslunnar staðfesti í gær að fjórir þýskir ferðamenn hefðu fundist látnir eftir að báti sem þeir höfðu leigt til sjóstangveiði hvolfdi undan ströndinni við bæinn Bessaker í Syðri-Þrændalögum.

# Segir fanga misskilja fjölda sálfræðinga

**Félag fanga hefur lýst yfir áhyggjum af því að aðeins einn sálfræðingur sé starfandi hjá Fangelsismálastofnun. Forstjóri stofnunarinnar segir misskilnings gæta í yfirlýsingu fanga. Hið rétta sé að sálfræðingarnir séu þrír en ekki einn.**

**FANGELSISMÁL** Misskilnings gætir um fjölda sálfræðinga hjá Fangelsismálastofnun og yfirlýsing um að aðeins einn sálfræðingur sinni föngum er röng. Þetta segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, um yfirlýsingu frá Afstöðu, félags fanga, um að frá og með gærdeginum sé aðeins einn sálfræðingur starfandi í fangelsum landsins en þá fór Þórarinn V. Hjaltason í launalaust leyfi frá stofnuninni.

Í yfirlýsingu Afstöðu segir meðal annars: „Ljóst er að einn starfsmaður getur á engan hátt sinnt öllum þessum fjölda en sálfræði-, geðlækna- og heilbrigðisþjónusta fangelsanna hefur verið mikið í umræðunni, sérstaklega í kringum sjálfsvíg er átti sér stað í fangelsinu á Litla-Hrauni fyrir nokkru. Var þjónustan þá gagnrýnd og kom í ljós að dæmi eru um að fangar sem afplána mislanga dóma hafi aldrei hitt sálfræðing eða geðlækni meðan á afplánun þeirra stóð.“

Páll svarar yfirlýsingu fanga svo: „Hið rétta er að síðustu mánuði hafa aldrei fleiri sálfræðingar unnið hjá Fangelsismálastofnun, en þeir eru nú þrír talsins. Einn þeirra hefur óskað eftir launalausu leyfi í eitt ár. Í stað hans verður að sjálfsögðu ráðinn annar sálfræðingur.“



PÁLL WINKEL

Segir hann að þegar sé unnið að því að ráða annan sálfræðing tímabundið í stað Þórarins.

Þá bendir Páll á að í vissum tilvikum hafi Fangelsismálastofnun jafnframt keypt þjónustu utanaðkomandi sálfræðinga sé þess talin sérstök þörf. Á undanförnum árum hafi sálfræðiþjónustan í fangelsum landsins verið aukin verulega. Tekur hann sem dæmi að aðeins einn sálfræðingur starfaði í fangelsunum árið 1997 en eins og áður segi séu þeir nú þrír talsins. Einnig megi benda á að árið 2005 hafi gengið í gildi ný lög um fullnustu refsinga. Þau hafi falið í sér frekari áherslu á betrun og þjónustu við fanga og í kjölfar þeirrar lagasetningar hafi tvö stöðugildi félagsráðgjafa bæst við hjá Fangelsismálastofnun sem hrein viðbót og á þessu ári hafi náms- og starfsráðgjafi, sem eingöngu sinnir föngum, verið ráðinn til starfa. Hann sjái því ekki að yfirlýsingar fanga um skerta þjónustu í fangelsum eigi við rök að styðjast.

karen@frettabladid.is



**MISSKILNINGUR** Fangar segja að ljóst sé að einn sálfræðingur geti á engan hátt sinnt þjónustu við fanga í öllum fangelsum landsins. Það telur forstjóri Fangelsismálastofnunar rétt en bendir á að sálfræðingarnir séu þrír talsins og þjónusta í fangelsum hafi verið aukin verulega. Misskilnings gæti því meðal fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VIÐ HÚS FRITZL-FJÖLSKYLDUNNAR** Lögreglurannsókn stendur enn yfir. NORDICPHOTOS/AFP

Elizabeth og börnin:

## Elsta dóttirin enn í lífshættu

**AUSTURRÍKI, AP** Læknar segja að líðan tveggja barna Elizabeth Fritzl, sem ólust upp hjá henni í dýflissu föður þeirra í Amstetten, sé merkilega góð. Elsta dóttirin, Kerstin, sem er 19 ára, er þó enn í lífshættu. Henni er enn haldið sofandi í öndunarvél og nýrnavél.

Drengirnir tveir, sem eru 5 og 18 ára, þurfa að fara varlega í að venjast dagsbirtu og sólarljósi eftir að hafa alla ævi verið innandyra í þröngri kjallaraholu.

Drengirnir tveir og þrjú systkini þeirra, sem ólust upp utan kjallaraholunnar í húsi Josefs Fritzl, dveljast nú ásamt móður sinni og ömmu á sjúkrahúsi og hafa þau heila álmu út af fyrir sig.

- gb

**REYKJAVÍKURBORG**

### Efla foreldra í skólastarfi

Menntaráð Reykjavíkur hefur falið fræðslustjóra að „finna leiðir til að stuðla að því að fleiri grunnskólum í Reykjavík verði gert kleift að auka velferð nemenda sinna með því að efla foreldra í hlutverki sínu og stuðla að hlutdeild þeirra í skólastarfi barna sinna“.

### Ekki göng á Skólavörðuholti

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur ákveðið að fella jarðgöng um Skólavörðuholt út af aðalskipulagi. Framkvæmdastjóri byggingar nýs háskólasjúkrahúss segir þetta fagnaðarefni. Göngin áttu að tengja saman Hringbraut og Sæbraut.


LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

LR RANGE ROVER SE
Nýskr: 03/2004, 4400cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 79.000.
**Verð 6.200.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík
575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230




Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**HÆGARI OG HLÝRRI**
Eftir tvo hvassa daga lægir nú loksins. Samhliða því má reikna með að hitastígið nái töluvert hærra upp að deginum en verið hefur og í dag á ég von á hita á bilinu 2-14 stig á landinu, hlýjast í uppsveitum á Suður- og Suðausturlandi. Á morgun og hinn verður vindasamt á Vestfjörðum.



Á MORGUN
8-15 m/s NA-til annars 3-8 m/s

LAUGARDAGUR
5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Billund | 14° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 15° |
| Gautaborg | 16° |
| London | 15° |
| París | 15° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Berlín | 17° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 22° |
| Basel | 17° |
| Eindhoven | 15° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 41981 05/08

## KJÖRKASSINN



*Er launahækkun grunnskólakennara með nýjum kjarasamningi of há?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 26,4 |
| NEI | 73,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum í kjaradeilu þeirra?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Umfangsmikið skjalasafn Bjarna Benediktssonar afhent Borgarskjalasafni:

# Tólf hillumetrar af skjölum

**FÉLAGSMÁL** Björn Bjarnason afhenti, fyrir hönd lögerfingja, Borgarskjalasafni Reykjavíkur einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar við hátíðlega athöfn í gær. Þá voru liðin 100 ár frá fæðingu Bjarna. Um mikinn feng er að ræða því í safninu er að finna fjölmörg skjöl frá Bjarna, sem og Benedikt Sveinssyni, föður hans.

Um er að ræða bréf, handrit og önnur skjöl frá Benedikt og skjöl frá stjórnartíma hans í Þjóðvinafélaginu. Bjarni hélt alla tíð utan um skjöl sín og í safninu er að finna námsgögn frá honum, einkunnir, dagbækur og handgerð tímarit.

Bjarni átti fjölbreyttan pólitískan feril og í safninu er að finna bréfa- og málasafn sem spannar feril hans allan, þar með talið frá tíma hans sem borgarfulltrúi, borgarstjóri, formaður Sjálfstæðisflokksins, þingmaður og ráðherra í fjölmörgum ráðuneytum.

Þá eru einnig persónulegri skjöl í safninu, sendibréf, heillaóskaskeyti, jólakort, blaðaúrklippur og dagblöð sem Bjarni hélt til haga, ásamt ljósmyndum.

Í safninu er mikið magn af ræðum og greinum og drög að ræðum sem sýna hvernig þær hafa mótast.

Unnið er að skráningu safnsins og mun það verða opnað til rannsókna eigi síðar en 1. febrúar 2009. **- kóp**



**HÖFÐINGLEG GJÖF** Björn Bjarnason afhenti skjalasafn Bjarna Benediktssonar í Höfða í gær, á 100 ára ártíð Bjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórn FL Group fundaði í gær:

# Samþykkt að afskrá félagið

**VIÐSKIPTI** Stjórn FL Group hefur samþykkt að taka félagið af markaði. Samkvæmt heimildum Markaðarins fékkst um þetta niðurstaða á stjórnarfundi síðdegis í gær.

Eigendur félagsins hafa um nokkurt skeið stefnt að afskráningu, en frá þeim fyrirætlunum var fyrst greint í Markaðnum um miðjan mars. Í kjölfarið sendi stjórn félagsins frá sér tilkynningu um að afskráning hefði ekki verið þar til umræðu.

Búist er við tilkynningu frá FL Group um afskráninguna áður en viðskipti hefjast í Kauphöll Íslands á morgun. **- óká**

Samstarf tveggja ráðuneyta:

# 180 milljónir fyrir flóttafólk

**FÉLAGSMÁL Félagsmálaráðuneytið mun annast móttöku flóttamanna á þessu og næsta ári samkvæmt nýju samkomulagi þess og utanríkisráðuneytisins.**

**Verður 180 milljónum króna varið til málaflokksins á tímabilinu en kostnaðurinn felst í vali á flóttafólki og þjónustu við það fyrsta árið á Íslandi.**

**Félagsmálaráðuneytið mun gera sérstaka samninga við sveitarfélög og Rauða krossinn um móttöku flóttamanna. - bþs**

## SANDGERÐI

### Skattur af ókláruðu hóteli

Nýborg ehf. fær ekki umbeðna niðurfellingu á fasteignagjöldum frá Sandgerðisbæ þar til hótel félagsins við Flugstöð Leifs Eiríkssonar er fullbyggt og tekið til starfa á árinu 2010.



**SINUBRUNI** Ungir piltar kveiktu í sinunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sinueldar í Hafnarfirði:

# Trjágróður er víða skemmdur

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar hafa skoðað svæðið við Hafnarfjörð þar sem kveikt hefur verið í sinu undangengna daga. Gengið var með stærstu brunaflekkjunum og útlínur þeirra kortlagðar með GPS-mælingum. Niðurstaðan er að rúmlega tólf hektarar lands hafa brunnið.

Sýnt er að talsvert tjón hefur orðið á trjágróðri þótt eldur hafi hvergi hlaupið í þéttan, hávaxinn skóg. **- shá**

# Segja ráðherra bera ábyrgð á LSH-deilu

**Stjórnarandstaðan segir heilbrigðisráðherra bera ábyrgð á upplausnarástandi á Landspítalanum. Ráðherra segir deilur um kaup og kjör ekki vera á sínu borði. Formaður Frjálslyndra telur að skipa eigi sérstakan sáttasemjara í málinu.**

**ALÞINGI** Ábyrgðin á þeirri upplausn sem ríkir á Landspítalanum vegna deilna stjórnenda við geislafræðinga og við skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðinga hvílir á herðum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra.

Í utandagskrárumræðum um málið á Alþingi í gær sögðu stjórnarandstæðingar það vera kristaltært.

Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sagði að ráðherrar gætu ekki hlaupist undan þeirri ábyrgð sem þeir bera. Sagði hún jafnframt að ástandið innan spítalans væri það slæmt að starfsfólk hefði gefist upp á því.

Kolbrún Halldórsdóttir, VG, sagði heilbrigðisráðherra leggja áherslu á samráð um lausn deilunnar en hjúkrunarfræðingar hefðu upplýst að við þá hefði ekki verið rætt. Hún furðaði sig jafnframt á að ráðherra hefði ekki nýtt sér ákvæði í lögum sem gerir honum kleift að fresta uppsögnum um sex mánuði. Guðlaugur kvað það vald ekki á sinni könnu, það væri í höndum stjórnenda spítalans. Sagði hann líka að deilur um kaup og kjör og vaktatilhögun væru ekki málefni ráðherra.

Birkir Jón Jónsson, Framsóknarflokki, sagði stjórnendur spítalans hafa gripið of seint til aðgerða og því hafi deilan hlaupið í harðan hnút. Sagði hann þá jafnframt hafa sýnt mikla hörku með því að tilkynna að ekki yrði hætt við fyrirhugaðar breytingar á vinnutilhögun en lýsa svo yfir frestun tveimur dögum síðar. Óskaði hann hjúkrunarfræðingum góðs gengis við lausn deilunnar.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði ljóst að kergja væri í fólki og vantraust milli deiluenda. Lagði hann til að sérstakur sáttasemjari yrði fenginn til að miðla málum. Kristinn H. Gunnarsson, flokksbróðir hans, sagði báða aðila bera ábyrgð og að engin deila yrði leyst með því að annar gengi í burtu. Allir yrðu að talast við.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði stjórnvöld taka málið mjög alvarlega, ráðherra hefði gert það auk þess sem sérstakur fundur heilbrigðisnefndar Alþingis síðdegis í gær væri til marks um það. Árni Páll Árnason, Samfylkingunni, sagði deiluna ekki verða leysta nema með samkomulagi, menn ættu að einhenda sér í verkefnið og ekki standa upp fyrr en sátt hefði náðst. **bjorn@frettabladid.is**



**RÁÐHERRA BER ÁBYRGÐ** Siv Friðleifsdóttir var málshefjandi í utandagskrárumræðum um málefni Landspítalans. Hún sagði neyðarástand í uppsiglingu og að enginn gæti tekið við störfum hjúkrunarfræðinga ef þeir stæðu við uppsagnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON









Karlmaður sýknaður af ákæru um að trufla lögreglumenn við störf sín:

# Lögreglumenn mundu ekkert

**DÓMSMÁL** Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri tímaritsins Grapevine, var á þriðjudag sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af því að hafa brotið gegn áfengis- og lögreglulögum með „truflandi háttsemi í garð lögreglumanna sem voru við skyldustörf, og óhlýðnast fyrirmælum lögreglu um að víkja á brott frá vettvangi“ eins og orðrétt segir í ákæru. „Mér var boðið að skrifa undir sátt en ég vildi það ekki, þar sem ég taldi mig ekki hafa gert neitt rangt,“ segir Sveinn Birkir en hann var ákærður í kjölfarið.

Kristín Edwald, lögmaður Sveins Birkis, telur að enginn grundvöllur hafi verið fyrir ákæru í málinu. Það hafi ekkert bent til þess að Sveinn Birkir hafi verið með óspektir sökum ölvunar og gögn málsins styðji það.

Atvikið átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Pizza Pronto, við gatnamót Skólavörðustígs og Laugavegs að kvöldi 31. október í fyrra.

Sveinn Birkir kom að nokkrum lögreglumönnum þar sem þeir voru að handtaka konu. Spurði Sveinn Birkir „hvort það þyrfti fjóra lögreglumenn til að handtaka konu?“. Lögreglumenn handtóku Svein Birki að lokum fyrir að óhlýðnast lögreglumönnum um að víkja á brott og hætta að trufla lögreglumennina við störf sína.

Þrír lögreglumenn, sem ákæruvaldið kallaði fyrir sem vitni, sögðust ekki muna eftir atvikinu fyrir dómi.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir að ekki hafi komið fram sannanir um að maðurinn hafi sökum ölvunar valdið truflunum á starfi lögreglumanna og með því brotið lög. Ekki náðist í fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem fór með málið fyrir hönd ákæruvaldsins, við vinnslu fréttarinnar. **- mh**



**SVEINN BIRKIR BJÖRNSSON** Hann var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af því að hafa brotið gegn áfengis og lögreglulögum.. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mesta úrvalið

## Opið í dag
1. maí

10 til 20

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvað heitir dóttir Josefs Fritzl sem hann lokaði inni ásamt börnum þeirra feðgina í kjallara í Austurríki?*

*2 Er formaður Framsóknarflokksins hlynntur eða andvígur því að Íslendingar sæki um aðild að Evrópusambandinu?*

*3 Hver leikstýrir verkinu Ást sem verður sett upp í London?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Sveitarstjórnarkosningar í Bretlandi gefa vísbendingar um stöðu Gordons Brown:

# Hörð keppni um London

**BRETLAND, AP** Niðurstöður sveitarstjórnarkosninga, sem haldnar verða í Bretlandi í dag, gefa væntanlega góða vísbendingu um stöðu ríkisstjórnar Verkamannaflokksins og Gordons Brown forsætisráðherra sem tók við af Tony Blair síðasta sumar.

Nái Verkamannaflokkurinn ekki góðu fylgi má búast við innri átökum í flokknum. Vaxandi efasemda muni gæta um að Brown verði sigurstranglegur í baráttunni gegn David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins, í þingkosningunum sem haldnar verða á næsta eða þarnæsta ári.

Athyglin beinist þó ekki síst að



**BORIS JOHNSON** Hægrimaðurinn sem vill taka við af Ken Livingstone, borgarstjóra í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

borgarstjórakosningum í London, þar sem íhaldsmaðurinn Boris Johnson gerir sér vonir um að sigra vinstri róttæklinginn Ken Livingstone.

Livingstone hefur verið borgarstjóri í London í tíu ár, hægri mönnum til mikillar armæðu. Livingstone hefur verið óhræddur við að gefa umdeildar yfirlýsingar, meðal annars gjarnan lýst aðdáun sinni á Hugo Chavez, hinum umdeilda forseta Venesúela.

Johnson þykir þó ekki síður sérstakur en Livingstone. Hann er fyrrverandi blaðamaður og þekktur fyrir að missa út úr sér mismæli og skrýtin ummæli.

Þriðji frambjóðandinn, frjálslyndi demókratinn Brian Paddick, þykir ekki eiga mikla möguleika. Hann er fyrrverandi lögreglustjóri og fer ekki í felur með samkynhneigð sína. **- gb**

Tyrkneska þingið:

# Hömlur á málfrelsi mildaðar

**TYRKLAND, AP** Tyrkneska þingið samþykkti í gærmorgun, eftir næturlangar umræður, breytingu á lögum sem takmarka málfrelsi.

Mannréttindasamtök segja breytinguna ekki ganga nógu langt, en í yfirlýsingu frá Evrópusambandinu er breytingunni fagnað sem skrefi í rétta átt.

Breytingin er aðeins orðalagsbreyting á umdeildu lagaákvæði, sem óspart hefur verið notað til þess að þagga niður í gagnrýnisröddum.

Til þessa hefur verið bannað að „móðga allt sem tyrkneskt er“, en nú banna lögin fólki að „móðga tyrknesku þjóðina“. **- gb**









**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur dæmdi í gær Ker, áður Olíufélagið, til þess að greiða Sigurði Hreinssyni fimmtán þúsund krónur í bætur vegna samráðs olíufélaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

# Samráðið olli hærra verði

**Sigurði Hreinssyni, húsasmiði frá Húsavík, voru í gær dæmdar bætur vegna samráðs olíufélaganna. Óumdeilt að samráðið olli viðskiptavinum félaganna tjóni, segir lögmaður Sigurðar.**

**DÓMSMÁL** „Það er nú óumdeilt að samráð olíufélaganna olli neytendum tjóni og það er það sem þessi dómur segir okkur,“ sagði Steinar Þór Guðgeirsson, lögmaður Sigurðar Hreinssonar, húsasmiðs frá Húsavík, sem í gær voru dæmdar fimmtán þúsund krónur í skaðabætur vegna samráðs olíufélaganna Kers, áður Olíufélagsins, Skeljungs og Olís. Þetta er fyrsti dómurinn sem fellur í máli einstaklings sem höfðar mál á hendur olíufélögunum vegna samráðs olíufélaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001.

Sigurður höfðaði mál gegn Keri þar sem hann átti öðru fremur viðskipti við það félag á fyrrnefndu tímabili.

Mál á þriðja hundrað einstaklinga bíða þess nú að vera tekin fyrir í dómstólum, á grundvelli dóms Hæstaréttar, en Lögfræðistofa Reykjavíkur vinnur að framgangi þeirra í samráði við Neytendasamtökin.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, segir niðurstöðu dómsins vera vonbrigði. „Það var hátt reitt til höggs í málinu. Það sem eftir stendur er innan við fimm prósent af upphaflegri kröfugerð og að því



**KRISTINN HALLGRÍMSSON**

leyti er niðurstaðan ánægjuleg. Hins vegar er hún óvænt, þar sem við bjuggumst við sýknu í málinu, og að því leyti til er niðurstaðan vonbrigði.“

Kristinn segist jafnframt líta svo á að dómurinn sé á skjön við fyrri dóma í skaðabótamálum. „Ég tel að þessi dómur feli í sér algjörlega nýtt fordæmi á sviði íslensks skaðabótaréttar. Það er verið að gefa óviðundandi afslátt á venjubundnum reglum um sönnun. Við leyfum okkur að fullyrða að niðurstaðan sé upp á kant við öll dómafordæmi á sviði skaðabótaréttar.“

Í dómnum segir meðal annars að Ker hafi ekkert „fært fram í málinu, sem staðið geti í vegi þeirri ályktun að tilgangur samráðsins hafi verið að hækka tekjur Kers með því að selja bensín á hærra verði en annars hefði verið.“

Keri var auk þess gert að greiða Sigurði 400 þúsund krónur í málskostnað. **magnush@frettabladid.is**






THULE SWEDEN ®

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

Ferðabox verð frá 24.900,-



Allar upplýsingar um THULE ferðaboxin
er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

Samfylkingin

Samfylkingin óskar öllum launþegum á Íslandi til hamingju með baráttudag verkalýðsins

1.maí



Kjaraviðræðu vísað til ríkissáttasemjara:

# Funda á föstudag

**KJARAMÁL** Kjaraviðræðum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, og samninganefndar ríkisins hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Nýr samningafundur hefur verið boðaður á föstudaginn.

BSRB á samningafund með samninganefnd ríkisins. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir að kannaður verði vilji ríkisins til að gera skammtímasamning. Nú verði að keyra niður verðbólguna og tryggja kaupmátt.

Ögmundur telur að nú hljóti menn að beina sjónum að versluninni og þeim sem henni ráða.



**VERSLUNIN SÝNI ÁBYRGÐ** „Nú er komið að þeim [versluninni] að sýna ábyrgð,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

„Nú er komið að þeim að sýna ábyrgð,“ segir hann. **- ghs**



**SPRON HRINGT INN Í KAUPHÖLL** Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq/OMX Kauphallar Íslands, og Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, fagna hér skráningu sparisjóðsins í Kauphöllina í fyrrahaust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SPRON og Kaupþing í viðræður

**Kaupþing hefur óskað eftir viðræðum um yfirtöku á SPRON. Beiðnin er án fyrirvara og að frumkvæði Kaupþings. Niðurstöðu er vænst innan mánaðar.**

**VIÐSKIPTI** Kaupþing banki og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hafa ákveðið að taka upp viðræður um mögulega sameiningu félaganna. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands í gær er gert ráð fyrir fjórum vikum í viðræðurnar.

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir frumkvæðið alfarið hafa verið Kaupþings. „Þetta átti sér engan aðdraganda af okkar hálfu,“ segir hann, en stjórn barst í gær stutt bréf þar sem óskað var eftir viðræðunum. Væntingar til viðræðnanna eða niðurstöðu þeirra var ekki að finna í bréfinu.

Stjórn eða stjórnendur SPRON segir Guðmundur ekki hafa verið með vangaveltur um sameiningu við annað fjármálafyrirtæki og langt sé síðan slíkar vangaveltur hafi síðast verið uppi. „Við þurfum að fara aftur til ársins 2003, þá voru viðræður milli þessara tveggja fyrirtækja, en þeim var hætt í ársbyrjun 2004 eftir að lögum hafði verið breytt. En nú hefur vitanlega markaðurinn og aðstæður breyst mikið og fjármagnsaðstæður þróast,“ bendir hann á og segir menn nú telja að ávinningur kunni að vera af því að taka þessar viðræður upp aftur. „En þær eru ekki hafnar. Menn hafa samþykkt það eitt að setjast niður.“

Þó svo að lög um sparisjóði gildi um SPRON og takmarki meðal annars atkvæðavægi hluthafa segir Guðmundur það ekki trufla mögulegan samruna sjóðsins við annað félag. „Ef meirihluti hluthafa samþykkir á fundi að sameinast öðrum þá er það hægt,“ segir hann, en viðurkennir um leið að ef til vill væri í ljósi stærðarhlutfalla nær að tala um yfirtöku Kaupþings á sparisjóðnum. „En hitt er annað mál að Kaupþing er fyrst og fremst stórt utan Íslands og á þessu svæði sem við störfum erum við með ágæta markaðshlutdeild. Mikil verðmæti eru því fólgin í SPRON, bæði starfsfólkinu og samskiptum þess við viðskiptavini sem eru rómuð. Ég gef mér því að menn séu fyrst og fremst að leita leiða til að auka verðmæti þess hlutafjár sem er í fyrirtækjunum. Þá hagsmuni, sem og hagsmuni starfsmanna og viðskiptamanna, hljótum við að þurfa að hafa að leiðarljósi í viðræðunum.“

Hver sem niðurstaða viðræðnanna verður er ljóst að sameining félaganna er háð samþykki hluthafafundar SPRON, stjórnar Kaupþings, Fjármálaeftirlitsins, Samkeppniseftirlitsins og lánveitenda félaganna, að því er áréttað er í kauphallartilkynningu um viðræðurnar. **olikr@markadurinn.is**

## HLUTI AF ÞRÓUN Á FJÁRMÁLAMARKAÐI



**INGÓLFUR HELGASON**

„Við teljum að þetta geti verið áhugavert fyrir báða aðila,“ segir Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, um beiðni bankans um að hafnar verði viðræður um sameiningu bankans við SPRON. „Í sjálfu sér er þetta hluti af þróun á fjármálamarkaði í bland við viðleitni til að styrkja og stækka einingarnar.“ Ingólfur bendir á að Kaupþing sé með sterka stöðu á landsvísu í viðskiptabankastarfsemi og kveður bankann sjá með samruna við SPRON tækifæri til að styðja enn frekar við þá starfsemi, sem og aðra starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, með samrunanum. Hann segir að svo verði bara að koma í ljós hvaða hagræðingartækifæri kunni að felast í mögulegum samruna. „Menn hljóta náttúrulega bara að ganga fyrir hönd eigenda til þessara viðræðna með opnum huga.“ Viðræðurnar segir hann hefjast nú þegar og búið að ákveða fyrstu fundi.




MEISTARANÁM Í FORYSTUFRÆÐUM OG NÝSKÖPUN Á HEILBRIGÐISSVIÐI

Nýtt og spennandi meistaranám fyrir stjórnendur og leiðtoga sem vilja starfa við nýsköpun, rekstur, þjónustu og stjórnun á sviði heilbrigðismála. Unnið er í náinni samvinnu við þrjá erlenda háskóla: Columbia University í New York, McGill University í Montreal og Mayo Clinic í Rochester.

Námið miðar að því að þátttakendur öðlist afburðaþekkingu og færni í stjórnun stofnana og fyrirtækja.

MPH Executive er kennt í lotum tvær helgar í mánuði og sniðið að þörfum þeirra sem stunda atvinnu með námi.

MPH Ex-nám (Master of Public Health Executive) er fyrir

- framsækna stjórnendur í heilbrigðismálum
- frumkvöðla sem vilja öðlast þekkingu til að koma hugmyndum sínum í verk
- metnaðarfulla einstaklinga sem ætla sér hlutverk í þeim breytingum sem framundan eru í heilbrigðismálum Íslendinga

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Réttarhöld hafin í Írak:

# Tarik Aziz meðal sakborninga

**ÍRAK, AP** Réttarhöld hófust í fyrradag yfir Tarik Aziz, sem var einn þekktasti og nánasti samstarfsmaður Saddams Hussein. Aziz er sakaður um aðild að aftökum á tugum matvörukaupmanna árið 1992. Kaupmennirnir voru teknir af lífi fyrir að hafa hagnast á Persaflóastríðinu.



TARIK AZIZ

Ásamt Aziz eru sjö aðrir sakborningar í málinu, þar á meðal hálfbróðir Saddams og hinn alræmdi Efnavopna-Ali, sem svo er nefndur, en hann bíður enn fullnustu dauðadóms sem hann hlaut í öðru máli síðastliðið haust.

Aziz neitar ásökunum. Hann hefur verið í haldi Bandaríkjamanna síðan 25. apríl 2003. - gb

Norsk fyrirtæki:

# Sænskar konur í stjórnunum

**SKANDINAVÍA Stöðugt fleiri sænskar konur setjast í stjórn skráðra hlutafélaga í Noregi. Átján sænskar konur sitja í stjórn félaga sem skráð eru í kauphöllinni í Ósló, að sögn Dagens Nyheter. Þetta þýðir að níu prósent af norskum fyrirtækjum hafa sænska konu í stjórn.**

**Sænsku konurnar sitja fyrst og fremst í stjórn líftækni- og fjarskiptafyrirtækja.**

**Samkvæmt norskum lögum verða konur að vera fjörutíu prósent stjórnarmanna.**

**Aðeins fjórar norskar konur eru í stjórn sænskra félaga.**

**„Ég er vön að segja í gríni að norsku konurnar séu búnar, þess vegna verði Norðmennirnir að leita til Svíþjóðar,“ segir sænska stjórnarkonan Meg Tivéus við Dagens Nyheter.** - ghs

## GEORGÍA

### Afhenti trúnaðarbréf

Benedikt Ásgeirsson sendiherra hefur afhent Mikheil Saakashvili, forseta Georgíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Georgíu með aðsetur í Moskvu.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Harma sinubruna

Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar segist harma sinuelda sem undanfarna daga hafa brunnið víða í landi Hafnarfjarðar og meðal annars valdið stórtjóni á skógræktarlandi. Eru Hafnfirðingar hvattir til að halda vöku sinni og fyrir þeim brýnt að fara varlega með eld.





**Krafan er skýr!**

Um leið og við óskum landsmönnum til hamingju með daginn, hvetjum við VR félaga til að verja deginum með börnum og ástvinum.

Einnig minnum við á kröfugönguna. Safnast verður saman á **Hlemmi kl. 13.00** og gengið niður Laugaveg sem leið liggur á Ingólfstorg þar sem útifundur hefst **kl. 14.10**. Flutt verða ávörp og skemmtiatriði í tilefni dagsins.

**Hlökkum til að sjá ykkur!**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR



# Porsche notaðir bílar

PORSCHE




**Toyota Land Cruiser 200 Dísil** **Verð 13.119.000,-**

Nýskráður: 31.1.2008 - Ekinn: 1.900 km - Slagrými: 4500 cc - Hestöfl: 282 hö
Skipting: Sjálfskiptur - Litur: Silfur

Loftpúðafjöðrun, leiðsögukerfi, Bluetooth símbúnaður, 20" álfelgur, Dökkar hliðarrúður, Leðuráklæði, Hiti í sætum, Sóllúga, Vetrardekk, 7 sæta, Lyklalaust aðgengi, 6 diska geislaspilari, Bakkmyndvél o.fl.

**Innfluttur nýr af umboði og er í ábyrgð**

**Nánari upplýs. hjá Bílabúð Benna / Notaðir bílar - 587 1000 - Bíldshöfða 10**

**Tilboð 10.900.000,-**




**Range Rover Supercharged** **Verð 11.500.000,-**

Nýskráður: 10.2005 - Ekinn: 30 þús. km - Slagrými: 4197 cc - Hestöfl: 390 hö
Skipting: Sjálfskiptur - Litur: Svartur

Loftpúðafjöðrun, leiðsögukerfi, Innbyggður sími, 20" álfelgur, Dökkar hliðarrúður, Leðuráklæði, Minnistillingar í sæti, Hiti í fram og aftursætum, Hiti í stýrishjóli, Sóllúga, DVD kerfi með skjám í höfuðpúðum, Innbyggt sjónvarp, Xenon ökuljós, Bakkmyndvél o.m.fl.

**Innfluttur nýr af umboði og er í ábyrgð**

**Nánari upplýs. hjá Bílabúð Benna / Notaðir bílar - 587 1000 - Bíldshöfða 10**

**Tilboð 7.990.000,-**




**Mercedes Bens GL 420 Dísil 700 Nm** **Verð 14.050.000,-**

Nýskráður: 5.2007 - Ekinn: 12 þús km - Slagrými: 4000 cc - Hestöfl: 306 hö
Tog: 700 Nm - Skipting: 7 þrepa Sjálfskiptur - Litur: Silfur

DVD kerfi með skjám í höfuðpúðum, Navigation, Fjarstýrð dísilmiðstöð, Glertopplúga, Bluetooth símbúnaður, Rafstýrð sæti með minni, Hiti í sætum og stýrishjóli, AIRMATIC loftpúðafjöðrun, Dráttarkrókur, BI-Xenon ökuljós, HARMAN-KARDON hljómkerfi, 6 diska geislaspilari, 7 sæta, Rafdrifin niðurfelling á 3 sætaröð, Rafopnun á afturhlera, Torfærupakki hátt og lágt drif, Viðarinnrétting, Þakbogar, Loftþrýstingsskynjari á hjólbörðum, Króm útlitspakki, Stálhlífðarpanna, Bakkmyndavél, PARKTRONIC fjarlægðarskynjari, Leðurklætt mælaborð, Dökkar rúður, I-Pod tengi, Stærri rafgeymir o.m.fl.

**Með öllum hugsanlegum aukahlutum, fluttur inn nýr af umboði í ábyrgð.**

**Tilboð 10.790.000,-**

**Porsche Ísland**
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
590 2000

Bílabúð Benna
**www.benni.is**




Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

Þar sem tryggingar snúast um fólk

1. MAÍ 2008

1. maí í Reykjavík
Launafólk

VERJUM KJÖRIN!

Kröfuganga dagsins fer frá Hlemmi
Safnast verður saman við Hlemm og gengið niður Laugaveg kl. 13.00
Gangan leggur af stað kl. 13.30
Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu
Útifundurinn hefst á Ingólfstorgi kl. 14.10

**Ávarp**
Georg Páll Skúlason, formaður Félags bókagerðarmanna.

**Tónlist**
Sprengjuhöllin.

**Ávarp**
Árni Stefán Jónsson, formaður SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu.

**Gamanmál**
Gísli Einarsson, fréttamaður.

**Ávarp**
Gabriella Unnur Kristjánsdóttir, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanemenda.

**Fundarstjóri**
Fanney Friðriksdóttir, ritari Eflingar.

Verkalýðsfélögin í Reykjavík
BSRB
Bandalag háskólamanna
Kennarasamband Íslands
Samband íslenskra framhaldsskólanema
Alþýðusamband Íslands

Landhelgisgæslan tekur Safe Sea Net í notkun:

# Siglingaöryggi eykst

**ÖRYGGISMÁL** Landhelgisgæslan hefur tekið í notkun nýtt rafrænt tilkynningakerfi fyrir skip sem koma til hafnar hér á landi og um flutning hættulegs farms. Siglingastofnun og Landhelgisgæslan hafa unnið að gerð kerfisins undanfarin tvö ár. Innleiðing kerfisins byggist á lögum um Vaktstöð siglinga og tilskipun Evrópusambandsins.

Öll ríki Evrópusambandsins, sem liggja að sjó eða reka kaupskip undir eigin fána, auk Íslands og Noregs vinna að eða hafa komið sér upp slíku kerfi. Kerfi allra landanna eru tengd miðlægum tilvísunargrunni þar sem hægt er að sækja upplýsingar um farm og ferðir skipa milli landa. Kerfið hefur verið nefnt Safe Sea Net.

- shá



**RISAOLÍUSKIP** Vaktstöð siglinga hefur tekið nýtt tilkynningakerfi í notkun.



**BANDALAG ÞJÓÐRÍKJA** Raeva segir aðildarþjóðir ESB vera „sameinaðar í fjölbreytni".

# Hnarreistir til samninga

**Búlgarski Evrópuþingmaðurinn Biljana Raeva, sem nú er formaður sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar, segir ástæðulaust fyrir Íslendinga að óttast aðildarsaminga við Evrópusambandið.**

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar ættu að ganga hnarreistir til aðildarsamninga við Evrópusambandið án þess að óttast að það skref ógni grundvallarhagsmunum eða sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta segir búlgarski þingmaðurinn Biljana Raeva, formaður sameiginlegrar þingmannanefndar EES og tengslanefndar Evrópuþingsins við EFTA-ríkin.

Raeva var hér í vikunni ásamt öðrum fulltrúum EES-þingmannanefndarinnar í þeim erindagjörðum að sitja árlegan samráðsfund nefndarinnar og funda auk þess með utanríkismálanefnd Alþingis.

Í samtali við Fréttablaðið leggur Raeva áherslu á að Ísland eigi sér vini á Evrópuþinginu sem séu tilbúnir að leggja við hlustir þegar fulltrúar Íslands vilja koma einhverju sérstöku á framfæri, til að mynda í tengslum við nýja Evrópulöggjöf sem er til umfjöllunar þar. En hún minnir jafnframt á að hver og einn Evrópuþingmaður ber fyrst og fremst hag eigin kjósenda fyrir brjósti; honum er ekki skylt að taka tillit til hagsmuna ríkja sem standa utan við Evrópusambandið.

Raeva vekur enn fremur athygli á því að þegar Lissabon-sáttmáli ESB tekur gildi, væntanlega í byrjun næsta árs, þá verður það flóknara og erfiðara fyrir fulltrúa Íslands og hinna EFTA-ríkjanna í EES að gæta sinna hagsmuna í Evrópulöggjafarferlinu. Þessu valdi fyrst og fremst aukið hlutverk Evrópuþingsins og þjóðþinga ESB-ríkjanna í því ferli. Eina stofnun ESB sem EES-samningurinn veitir fulltrúum EES-ríkjanna einhvern aðgang að til að koma nálægt mótun nýrrar Evrópu-/EES-löggjafar er framkvæmdastjórnin, en áhrif hennar í löggjafarferlinu voru miklu meiri þegar EES-samningurinn var gerður fyrir hálfum öðrum áratug en þau verða framvegis.

Spurð hvort hún telji að Ísland geti dregið einhverja lærdóma af reynslu Búlgaríu af því að semja sig inn í Evrópusambandið svarar Raeva: „Við [Búlgarar] álítum okkur líka litla þjóð sem vissulega framseldi hluta af fullveldi sínu við inngöngu í sambandið en nýtur nú ávinningsins sem vegur miklu þyngra. Ísland sem lítil en stolt þjóð með merka sögu og forna lýðræðishefð ætti að mínu mati að geta gengið hnarreist til samninga við ESB."

audunn@frettabladid.is



**BILJANA RAEVA** Búlgarskur formaður sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar tók sæti á Evrópuþinginu fyrir ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.212 **-0,08%**

**Fjöldi viðskipta:** 574
**Velta:** 8.181 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **GLITNIR** | +2,71% | **BAKKAVÖR** | -6,88% |
| **SKIPTI** | +2,11% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -2,26% |
| **FL GROUP** | +0,94% | **FØROYA BANKI** | -2,08% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,28 -0,95% ... Bakkavör 35,85 -6,88% ... Eimskipafélagið 21,65 -2,26% ... Exista 11,99 -1,80% ... FL Group 6,47 +0,94% ... Glitnir 17,05 +2,71% ... Icelandair Group 21,70 -1,81% ... Kaupþing 853,00 +0,35% ... Landsbankinn 29,90 -0,33% ... Marel 89,70 +0,00% ... SPRON 4,97 -1,78% ... Straumur-Burðarás 12,79 -0,85% ... Teymi 3,72 +0,00% ... Össur 97,00 -1,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Rekstrarkostnaður lækkar



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

„Uppgjörið sýnir getu bankans til að bregðast hratt við breyttum markaðsaðstæðum," sagði Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, við kynningu á uppgjöri bankans á fyrsta fjórðungi ársins.

Kaupþing hagnaðist um tæpa nítján milljarða króna eftir skatta. Hagnaður á sama fjórðungi í fyrra nam rúmum tuttugu milljörðum.

Rekstrarkostnaður bankans lækkaði um sautján prósent, í evrum mælt, miðað við sama fjórðung í fyrra, en jókst hins vegar um fimmtung, þegar hann er reiknaður í krónum.

Vaxtatekjur bankans jukust um tæpan þriðjung milli ára, en þóknanatekjur drógust saman um ríflega ellefu prósent.

Gengishagnaður Kaupþings á fyrsta fjórðungi nam tæpum tíu milljörðum króna, og dróst hann saman um 28 prósent frá fyrsta fjórðungi síðasta árs.

„Almenn gæði eigna bankans eru góð þrátt fyrir að afskriftir aukist milli ársfjórðunga. Í núverandi markaðsumhverfi er sérlega mikilvægt að tekist hefur að verja sterka lausafjárstöðu bankans og verður það sem fyrr höfuðmarkmið stjórnenda. Við erum undir það búin að núverandi ástand á mörkuðum geti varað í töluvert langan tíma en teljum verkefnastöðu og horfur viðunandi þrátt fyrir það." - ikh

# Lausafé tryggt til ársins 2010

SPRON tapaði 8,4 milljörðum milljörðum króna á fyrsta fjórðungi 2008, samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Á sama tíma í fyrra nam hagnaður 4,7 milljörðum króna.

Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, segir afkomuna markaða af erfiðu ástandi sem ríkt hafi á fjármálamörkuðum. Hann segir það versta virðast að baki á hlutabréfamarkaði og bendir á að verðmæti fjárfestinga SPRON hafi aukist það sem af er öðrum fjórðungi.

Fram kemur að eiginfjárhlutfall SPRON samstæðunnar hafi verið 14,1 prósent í lok fjórðungsins og að endurfjármögnun sé lokið fyrir árið 2008. Þá sé tryggt aðgengi að lausafé fram til ársins 2010. - óká



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra segir að það taki lengri tíma að styrkja gjaldeyrisforðann en menn hugðu.

# Tafir við styrkingu gjaldeyrisforðans

„Þetta tekur lengri tíma en við gerðum ráð fyrir," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra um vinnu til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans.

Ummælin féllu í þættinum Ísland í dag.

Geir sagði að ýmislegt hefði þegar verið gert, en enn hefði ekki verið gengið frá stækkun gjaldeyrisforðans. Hann nefndi engar tímasetningar í þessu sambandi.

Gjaldeyrisforðinn er nú um 220 milljónir króna.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur sagt að gjaldeyrisforðann megi tvöfalda. - ikh

# Tap á Skiptum á fyrsta fjórðungi



BRYNJÓLFUR BJARNASON

„Gengisþróun íslensku krónunnar hefur verið okkur afar óhagstæð og þrátt fyrir gengisvarnir félagsins skýrir veiking krónunnar tapið sem er á tímabilinu. Fram undan eru krefjandi tímar fyrir stjórnendur og starfsfólk þar sem búast má við almennt minnkandi eftirspurn á Íslandi vegna þróunar efnahagsmála," segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, móðurfélags Símans.

Félagið tapaði 3,6 milljörðum króna á fyrsta fjórðungi ársins, enda þótt sala hafi aukist um 1,5 milljarða króna. Fjármagnsgjöld námu 5,5 milljörðum, þar af nam gengistapið 4,4 milljörðum. - ikh

# Högnuðust um 2,6 milljarða

Hagnaður Straums-Burðaráss á fyrsta ársfjórðungi nam 22,3 milljónum evra eða tæpum 2,6 milljörðum króna. Á sama tíma í fyrra var 600.000 evra tap á rekstrinum.

William Fall, forstjóri Straums, segir gleðiefni að hafa náð hagnaði á erfiðum tímum á fjármálamörkuðum, fjárhagsstaða bankans sé traust, eiginfjárhlutfallið 21,4 prósent og skuldsetning hófleg. Arðsemi eigin fjár bankans var 5,9 prósent á fjórðungnum og námu heildareignir í marslok 8,0 milljörðum evra (932 milljörðum króna), samanborið við 7,1 milljarð evra (827 milljarða króna) um áramót. - óká






GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


Íslendingar, til hamingju með verkalýðsdaginn.
LSK
1.maí
Landsbankinn

**1. MAÍ - ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR VERKAFÓLKS**

# Baráttudagur verkafólks í 120 ár

**Í dag er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks. Að venju stendur verkalýðshreyfingin fyrir kröfugöngum og útifundum víða um land. Í Reykjavík verður gengið niður Laugaveg og haldinn fundur á Ingólfstorgi. Þar verða kröfur hreyfingarinnar tíundaðar, Sprengjuhöllin flytur tónlist og Gísli Einarsson fréttamaður fer með gamanmál. Slík dagskrá hefði ekki þótt við hæfi í árdaga verkalýðshreyfingarinnar, en þá þótti þessi dagur ekkert gamanmál.**

Frakkar eru upphafsmenn þessa frídags og þing evrópskra verkalýðshreyfinga samþykkti árið 1889 að þessi dagur yrði alþjóðlegur frídagur verkafólks. Frakkar vildu að dagurinn yrði notaður til fjöldafunda þar sem kröfum um átta stunda vinnudag og aðrar umbætur yrði fylgt eftir. Dagurinn og dagskráin eiga því ríkar rætur í hefðinni.

Dagsetningin er heldur engin tilviljun. Að heiðnum sið var 1. maí oft frídagur og var hann táknrænn fyrir endalok vetrar og upphaf sumars og kirkjan helgaði daginn heilagri Valborgu. Hefð var því fyrir hátíðarhöldum þennan dag.

Á Íslandi var í fyrsta sinn gengin kröfuganga 1. maí árið 1923. Á fyrstu árum göngunnar var oftast safnast saman við Bárubúð, þar sem Ráðhúsið stendur í dag, og gengið fylktu liði um bæinn og endað á Austurvelli. Kjörorð voru hrópuð: „Lifi heimsbyltingin!“ og „Burt með íhaldsbraskið!“ og að lokum haldin ávörp á Austurvelli.

Dagurinn er alþjóðlegur og til marks um það syngja menn Alþjóðasöng verkalýðsins. Internationalinn, eða nallinn, er enn kyrjaður á útifundum víða um land og „boða kúgun ragnarök“ líkt og segir í íslenskri þýðingu. Íslendingar sjálfir eignuðust sitt baráttukvæði þegar Halldór Laxness flutti Maístjörnuna á útifundi þann 1. maí. Ekki er endilega víst að skólabörn viti að fáni „okkar framtíðarlands“ sem sungið er um, sé rauður fáni kommúnismans.

Verkalýðshreyfingin barðist lengi fyrir því að dagurinn yrði gerður að lögbundnum frídegi, en það náðist ekki í gegn fyrr en árið 1972. Voru Íslendingar þar talsvert á eftir nágrannalöndum sínum, en nefna má að í Svíþjóð varð dagurinn frídagur árið 1938.

Ekki hafa allir ætíð verið á eitt sáttir með forystu verkalýðsins og um og upp úr 1970 kom upp hreyfing fólks sem vildi ganga lengra. Fylkingin, í samstarfi við ýmis andófsöfl, félaga úr BSRB og ýmsa róttæka hópa innan ASÍ og Dagsbrúnar, blés til kröfugerðar undir heitinu „rauð verkalýðseining“. Á þessum árum voru til ýmsir hópar yst til vinstri og oftar en ekki gekk þeim illa að starfa saman. Á meðan Fylkingin og fleiri stóðu fyrir rauðri verkalýðseiningu stóðu Trotsky-istar fyrir dagskrá undir heitinu „Rauður 1. maí“.



**KRÖFUGANGA 1924** Árið 1923 var fyrst gengin kröfuganga 1. maí á Íslandi. Hér má sjá göngumenn árið 1924 við Austurvöll með kjörorð sín: „Fátækralögin eru svívirða!“ „Friðurinn ríki, hervaldsstjórnin víki!“ „Fátækt er enginn glæpur!“ „Enga ríkislögreglu!“ „Elliheimili handa uppgefnu fólki!“ LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/INGIMUNDUR SVEINSSON

Birna Þórðardóttir var ötul í starfi Fylkingarinnar. „Við vildum ganga mun lengra í kjarabaráttu fyrir launafólk en verkalýðshreyfingin. Þá töldum við einnig að verkalýðsbarátta væri alþjóðleg og við vildum ekki bara einblína á þessar sjómílur í kringum landið,“ segir Birna.

„Við vorum á móti öllum hernaði, aðild Íslands að Nató og lögðum mikið upp úr alþjóðlegri vitund og samstöðu. Þá vó mjög þungt á vogarskálunum hjá okkur að berjast fyrir því að lægstu laun yrðu hækkuð verulega. Við töldum ýmsa aðra hópa geta séð um sig sjálfa.“

Staða kvenna var félögum rauðrar verkalýðseiningar hugleikin. Nokkrum árum síðar urðu til samtökin Samstaða um stöðu kvenna á vinnumarkaði, og settu þau svip sinn á 1. maí, með kröfum um jafnrétti.

Í seinni tíð hefur færst í vöxt að alls kyns hópar standi fyrir mótmælum á baráttudegi verkalýðsins. Anarkistar, Félagið Ísland Palestína, menntaskólanemar; fjöldi fólks hefur gengið undir fánum og barist fyrir kröfum sínum. Í raun má segja að dagurinn hafi orðið almennur baráttudagur, ótengdur verkalýðshreyfingunni.

Mikil umræða skapast reglulega um gildi dagsins í nútímanum. Þær raddir hafa heyrst sem segja daginn úreltan, að í stað baráttudags eigi að halda hátíð þar sem fólk skemmtir sér og stungið hefur verið upp á Fjölskyldu- og húsdýragarðinum sem vettvangi.

kolbeinn@frettabladid.is



**RAUÐSOKKUR** Kvennabaráttan hefur sett svip sinn á 1. maí. Hér ganga rauðsokkur með rauðar sokkabuxur árið 1973. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



**1974** Námsmenn, líklega iðnnemar, kynna kröfur sínar. Sjá má að menntaskólar fengu ríflega þrefalt hærra framlag en iðnskólar á fjárlögum. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

## GENGIÐ Í FJÖRUTÍU OG ÞRJÚ ÁR



**SJÖFN INGÓLFSDÓTTIR**

Sjöfn Ingólfsdóttir hefur farið í kröfugöngu á þessum degi síðustu 43 ár, „nema 1961, en þá gekk ég með son minn,“ segir Sjöfn. Hún segir að 1. maí hafi alls ekki misst gildi sitt sem baráttudagur. „Nei, síður en svo. Mér finnst þetta baráttu- og hátíðisdagur og hreint ekki tilgangslaus. Mér finnst þessar göngur hafa verið glæsilegar og það er gott að nú ætli menn að ganga Laugaveginn aftur. Auðvitað má breyta út af vananum með einhverjum uppákomum, en mér sýnist þetta vera að glæðast úti um allt land. Mikill fjöldi mætir í gönguna, eða samkomur, og fer svo í 1. maí kaffi hjá verkalýðsfélögunum.“

Sjöfn segir að sér finnist að dagurinn eigi að vera frídagur. „Mér finnst óþarflega mikið um að fólk þurfi að vinna á þessum degi og finnst að fólk eigi að fá frí. Þeir sem gæta lífs okkar og lima þurfa náttúrulega að vinna, en ég lifi daginn alveg af þótt ég komist ekki í sund. Ég tek ofan fyrir þeim sem auglýsa að þeir hafi lokað. Mér finnst þetta dagur verkalýðsins og vil halda hann hátíðlegan áfram.“


VM FÉLAGAR

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

*Mætum í 1. maí kaffi að loknum útifundi í nýja húsnæðið okkar að Stórhöfða 25*

DAGSKRÁ 1. MAÍ HÁTÍÐARHALDANNA Í REYKJAVÍK

Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13.00.

Gangan leggur af stað kl. 13.30. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngunni. Útifundurinn hefst á Ingólfstorgi kl. 14.10.

Eftir að útifundi lýkur kl. 15.00, býður VM félagsmönnum sínum að þiggja kaffiveitingar í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum VM að Stórhöfða 25.











Félag vélstjóra og málmtæknimanna




VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ fax 575 9809 ▸ www.vm.is



WC|A

hrein verðlaunalína

Hafðu það vandað

- allt frá uppsprettu inn til þín

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 108 Reykjavík Sími 510 1400 vatnsvirkinn.is

**FRÉTTASKÝRING:** Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ — 1. hluti

# Erfið staða og tvísýnar kosningar

**Ísland er í verri stöðu en Austurríki og Tyrkland nú þegar innan við hálft ár er í að kosið verði um tvö sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Sérfræðingar segja stöðuna þó óræða og ríkin eigi öll möguleika á að fá sæti í ráðinu. Alls hafa í það minnsta 128 ríki innan Sameinuðu þjóðanna lofað Íslandi stuðningi, en sérfræðingar segja þá tölu eiga eftir að rýrna nokkuð í kosningunum.**

Kosið verður milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands um tvö laus sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna innan sex mánaða. Þrátt fyrir það treystir enginn af þeim sérfræðingum í málefnum ráðsins sem Fréttablaðið hefur rætt við undanfarið sér til að spá fyrir um úrslitin.

Flestir virðast á þeirri skoðun að Ísland sé í erfiðari stöðu en Austurríki og Tyrkland, en benda á að kosningar um sæti í ráðinu hafi gjarnan verið tvísýnar. Allir þekkja sérfræðingarnir dæmi um kapphlaup tveggja ríkja um sæti í ráðinu þar sem verr setta ríkið hafði betur, þvert á spár.

„Ég met það svo að þetta sé mjög opin staða, öll ríkin hafa kosti og galla,“ segir Colin Keating, forstjóri Security Council Report, óháðs ráðgjafafyrirtækis sem fjallar um málefni öryggisráðsins.

Tíu ár eru síðan tekin var ákvörðun um að Ísland myndi sækjast eftir sæti í öryggisráðinu, en nú er kosningabaráttan að ná hámarki. Kosið verður um miðjan október.

Íslenskir talsmenn framboðsins taka í svipaðan streng og Keating, og forðast stórar yfirlýsingar. „Þar til annað kemur í ljós held ég að það sé raunhæft að segja að við eigum möguleika, en það sé frekar á brattann að sækja,“ segir Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá SÞ.

„Ég myndi segja að við værum bjartsýn en raunsæ á möguleika okkar á því að fá sæti í öryggisráðinu. Við erum alls ekki sigurviss, þetta getur farið hvernig sem er,“ segir Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands.

### Handabönd talin

Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á að fulltrúar Íslands ræði við fulltrúa ríkja SÞ og kynni framboð Íslands. Skriflegum stuðningsyfirlýsingum hefur verið safnað, og handabönd talin og skrásett.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins vilja ekki gefa upp hvaða ríki hafa lofað að styðja Ísland, vegna trúnaðar við löndin. Þá vill ráðuneytið ekki gefa upp ákveðna tölu til að upplýsa ekki Austurríkismenn og Tyrki um stöðuna.

Kristín segir aðeins að loforðin séu orðin „vel á annað hundrað“. Alls eru 192 ríki í SÞ, og til að fá sæti í ráðinu þarf ríki að fá stuðning 2/3 aðildarríkjanna. Ákveðin ríki hafa þó opinberlega lýst því yfir að þau styðji Ísland, til dæmis Kína, Mexíkó, Albanía og fleiri.

Kosið er í öryggisráðið á fundum allsherjarþings SÞ, og nákvæmur fjöldi þeirra atkvæða sem þarf til að tryggja sæti í ráðinu fer því eftir því hvort fulltrúar allra ríkjanna 192 eru á staðnum. Ef svo er þarf 128 atkvæði til að fá sæti í ráðinu, en reynslan sýnir að oft eru nokkrir fulltrúar fjarverandi í kosningunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í Silfri Egils í Sjónvarpinu í lok apríl að Ísland hefði tryggt stuðning nægilegra margra ríkja til að fá sæti í ráðinu, skili stuðningurinn sér allur. Það bendir til þess að stjórnvöld telji sig hafa stuðning 128 landa hið minnsta.

Undir það tekur Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúi Danmerkur hjá SÞ. „Ég tel að Ísland eigi mjög góða möguleika. Þetta er í fyrsta skiptið sem Ísland býður sig fram.“

### Afföllin allt að fjórðungur

Faaborg-Andersen, eins og aðrir sem komið hafa að kosningum innan SÞ, viðurkennir þó að það sé ekki nægilegur fjöldi til að teljast öruggur um sæti í ráðinu. Þar sem kosningin er leynileg gera ríki gjarnan ráð fyrir því að 15 til 25 prósent af loforðum skili sér ekki alla leið í atkvæðagreiðsluna.

Afföllin gætu þó orðið mun meiri. Kosta Ríka, sem fékk sæti í öryggisráðinu um síðustu áramót, taldi sig hafa stuðning 149 ríkja áður en gengið var til kosninga, segir Jorge Urbina fastafulltrúi og sendiherra Kosta Ríka hjá SÞ. Í fyrstu umferð kosninganna fékk ríkið hins vegar aðeins 115 atkvæði. Tæpur fjórðungur loforðanna skilaði sér ekki.

Þrátt fyrir þetta komst Kosta Ríka í ráðið. Þegar ekkert ríki fær tilskilinn fjölda atkvæða er kosið aftur, og haldið er áfram að kjósa þar til eitt ríki fær 2/3 hluta atkvæða.

Framboð Íslands er í raun framboð Norðurlandanna allra. Eitt Norðurlandanna hefur boðið sig fram til tveggja ára setu í ráðinu annað hvert tveggja ára tímabil. Vegna þessa aðstoða stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum við kosningabaráttuna, og þrýsta um leið á íslensk stjórnvöld að gera sitt besta til að fá sæti í ráðinu.

Sérfræðingar eru sammála um að eigi Ísland að fá sæti í ráðinu skipti vinna fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum SÞ í New York höfuðmáli. Þó að fastafulltrúar ríkjanna 192 fái margir fyrirmæli frá ráðuneytinu um það hvaða ríki þeir eigi að styðja hafa þeir sjálfir heilmikil áhrif, ekki síst ef margar umferðir þarf til að fá fram niðurstöðu.

Danmörk bauð sig fram til setu í mannréttindaráði SÞ á síðasta ári, en tapaði í kosningum á móti Hollandi og Ítalíu. „Við héldum að við hefðum þau atkvæði sem þurfti, en hjá okkur voru afföllin um 25 prósent,“ segir Faaborg-Andersen.

„Á endanum eru það fulltrúar ríkjanna hér í New York sem ýta á hnappana og kjósa. Það er hægt að gera samkomulag milli forseta eða ráðherra, en í mörgum tilvikum tel ég að þau gangi ekki niður stigann. Kannski af því að það er ekki alvara á bak við þau,“ segir hann.

### Ómögulegt að spá

Colin Keating segir miklu skipta hvernig fyrsta umferð kosninganna fer, jafnvel þótt yfirgnæfandi líkur séu á því að ekkert eitt ríki fái 2/3 hluta atkvæða í fyrstu umferð. Sendiherrarnir hafi oft fyrirmæli um að styðja ríki í fyrstu umferð, en geti verið sveigjanlegri eftir það. Þá komi oft upp sú tilhneiging að standa með þeim sem séu komnir á skrið.

Að þessu sögðu er ljóst að ómögulegt er að spá fyrir um úrslit kosninganna, enda treysti enginn þeirra fjölmörgu sérfræðinga sem til var leitað til þess. Þó er engin ástæða til annars en að taka þá trúanlega sem segja að á brattann verði að sækja fyrir Ísland, sem er sannarlega ekki sterki keppandinn í þessu kapphlaupi. Möguleikarnir eru því trúlega minni en meiri, en eins og skýrt hefur komið fram í kosningum um sæti í ýmsum ráðum og nefndum SÞ getur allt gerst þegar kosið verður um miðbik október. ■






**NEW YORK** Fánar allra aðildarríkja SÞ blakta fyrir utan höfuðstöðvar samtakanna í New York. Hvað sem loforðum stjórnvalda líður eru það á endanum fastafulltrúar aðildarríkjanna í New York sem kjósa milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands í október. Því skiptir miklu að vinna stuðning fulltrúanna við framboð Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN JÓNASSON

## ALLIR ÞJÓNI Í ÞAÐ MINNSTA EINU SINNI

Samkeppnin um sætin tvö í öryggisráðinu er hörð. Tyrkland og Austurríki eru öflug ríki innan SÞ, og eru bæði með afar sterka utanríkisþjónustu. En eins og Colin Keating minnir á hafa öll löndin þrjú sína kosti og galla.

Hann segir það munu vinna með Íslandi að vera hluti af Norðurlöndunum, og bjóða fram í þeirra nafni. Þá sé það kostur í þessu tilviki að Ísland er ekki í Evrópusambandinu, enda finnist fulltrúum talsvert margra ríkja völd ríkja Evrópusambandsins fullmikil innan ráðsins.

Swadesh M. Rana, sérfræðingur í málefnum SÞ hjá World Policy Institute, segir að það muni vinna með Íslandi að hafa ekki setið í ráðinu áður. Innan SÞ sé sú skoðun sterk að öll ríki eigi að hafa tækifæri til að þjóna í ráðum og nefndum í það minnsta einu sinni. Ísland sé stöðugt lýðræðisríki sem sé ekki með harða afstöðu eða sterka hagsmuni á ákveðnum sviðum. Það auki möguleika Íslands.

Ísland hefur einnig ýmsa ókosti. Smæðin er það sem flestir sérfræðingar nefna fyrst. Hjálmar W. Hannesson viðurkennir að smæðin skipti máli. Ísland sé með fá sendiráð samanborið við Austurríki og Tyrkland, þótt hin Norðurlöndin bæti það að einhverju leyti upp. Skortur á sýnileika innan SÞ er angi af sama vanda, eins og Rana bendir á.

Austurríki telst til lítilla ríkja innan SÞ, með innan við tíu milljónir íbúa. Þrátt fyrir þetta er staða Austurríkis innan SÞ gríðarlega sterk. SÞ eru með stóra skrifstofu í Vínarborg þar sem margar af undirstofnunum SÞ starfa. Þá hefur Austurríki bæði kostina og gallana við að vera í Evrópusambandinu, segir Keating.

Austurríki hefur unnið mjög skipulega að framboðinu, og að sögn sérfræðinga telja Austurríkismenn sig hafa nægan stuðning til að fá sæti í öryggisráðinu. Hans Winkler, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Austurríkis, vill þó ekkert gefa upp um fjölda landa sem styðja Austurríki.

Tyrkland byggir sína baráttu að hluta til á því að landið sé nokkurskonar brú á milli múslímaríkja og vestrænna ríkja, og að sögn Keatings fær það talsverðan hljómgrunn innan SÞ. Þeir eru afar sýnilegir innan SÞ um þessar mundir, og eyða að því sagt er miklu fé í baráttuna. Það vinnur þó gegn Tyrklandi að landið á víða hagsmuna að gæta á svæðinu, og hefur ekki gott orðspor hvað varðar mannréttindi, aðstöð við flóttamenn og fleiri skyld málefni. Fulltrúar Tyrklands vildu ekki veita Fréttablaðinu viðtal.

## ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

- Öryggisráðið er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem hefur það hlutverk að stuðla að friði og öryggi í heiminum.
- Öryggisráðið ber að rannsaka mál, sem talin eru geta leitt til milliríkjadeilna, og miðla málum.
- Komi til átaka hefur ráðið heimildir til að beita viðskiptaþvingunum og öðrum efnahagsaðgerðum, senda friðargæslulið til átakasvæða, eða ákveða sameiginlegar hernaðaraðgerðir.
- Fimmtán ríki eiga sæti í ráðinu. Fimm þeirra eiga fast sæti í ráðinu, en tíu eru kosin til tveggja ára í senn. Ríki sem tekur sæti tímabundið í ráðinu má ekki bjóða sig fram til setu aftur fyrr en tveimur árum eftir að setu í ráðinu lýkur.
- Þau ríki sem eiga fast sæti í ráðinu eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland. Þau njóta einnig þeirrar sérstöðu að geta alltaf beitt neitunarvaldi í öryggisráðinu.
- Þau ríki sem nú eiga tímabundið sæti í ráðinu eru Belgía, Búrkína Fasó, Indónesía, Ítalía, Kosta Ríka, Króatía, Líbía, Panama, Suður-Afríka og Víetnam.

**FYRSTA GREIN AF FIMM**
**Á morgun:**
Hvað græðir Ísland á framboðinu?



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Óskum verkafólki til hamingju með baráttudag verkalýðsins.

# 1.mai

## Allar verslanir Bónus eru lokaðar í dag

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Fíton/SÍA




Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt




**Keyrum niður verðbólguna! Lækkum verð á nýjum bílum um allt að 17%!**

## Nýja lága verðið tekur gildi strax í fyrramálið

Við höfum gert nýja og hagstæðari samninga við framleiðendur og getum því boðið lægra verð á nýjum bílum. Varanleg verðlækkun um allt að 17% er okkar framlag til þess að keyra verðbólguna niður. Nýtt verð á Volkswagen, Audi, Skoda, Mitsubishi og KIA tekur gildi á morgun föstudag og svo verður sannkölluð hátíðarstemmning um helgina. **Komdu og taktu þátt í að keyra niður verðbólguna.**

**Erlend bílalán**
Við bjóðum allt að 80% myntkörfulán á öllum nýjum bílum á bestu mögulegu vöxtum.

HEKLA

**Útgjöldin**

> Verð á sígarettupakka.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** KITTY VON SOMETIME PLÖTUSNÚÐUR

## *Vampíruskikkja frá Marokkó*



„Ég hugsa að ég hafi gert mín bestu kaup í Marokkó fyrir stuttu,“ segir Kitty Von Sometime plötusnúður. „Ég vildi kaupa eitthvað fatakyns sem gæti komið mér að gagni á Íslandi – og miðað við hitamismuninn var það allt annað en auðvelt. En að lokum rakst ég svarta skósíða skikkju úr ull. Ég náði að prútta hana niður í jafnvirði sjö þúsund króna auk þess að smella kossi á verslunareigandann. Mér finnst þetta æðisleg flík – hún er eins og sambland af skikkju Drakúla greifa og kuflunum sem Jedi-riddararnir í Stjörnustríðsmyndunum klæddust. Gotnesk eyðimerkurkápa.“ Kitty segist hljóta að vera afskaplega góður og heppinn neytandi því hún kaupi sjaldan köttinn í sekknum. „En ætli mín verstu kaup hafi ekki verið Rolling Stones geisladiskur, sem ég keypti á hraðferð. Í flýtinum sá ég ekki betur en að þetta væri samansafn vinsælustu laga þeirra. Þegar ég setti diskinn yfir geislann komst ég hins vegar að því – mér til mikillar hrellingar – að þetta voru vinsælustu lög Rolling Stones í panflautu-útsetningum. Mig minnir að ég hafi gefið diskinn í jólagjöf. Einhverjum sem mér var ekkert sérstaklega vel við.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### HJARTAMAGNYL Í FLUGIÐ

■ *Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa, hefur húsráð undir rifi hverju og þurfti hún ekki langan tíma til að rifja upp eitt sem á vel við í þeim aðstæðum sem blaðamaður fann hana í.*



„Mér dettur einna helst í hug, þar sem ég er nú stödd í flugvél og að búa mig undir fimm tíma flug til New York, að hafa alltaf með sér hjartamagnyl þegar menn eiga langt flug í vændum. Það á víst að draga úr líkunum á því að fólk fái blóðtappa. Svo er það þjóðráð að labba svolítið um ganginn á svona langri leið svo kroppurinn fái smá hreyfingu.“

**MATUR & NÆRING** KOLBRÚN EINARSDÓTTIR NÆRINGARRÁÐGJAFI

## Spelt eða hveiti



Epli eru ekki bara epli. Í daglegu tali flokkum við þau sem græn, gul og rauð en innan þeirrar flokkunar eru síðan fleiri tegundir. Á sama hátt eru margar tegundir til af hveiti. Ein tegund af hveiti sem mikið hefur verið á heilsuvörumarkaðnum síðustu ár er kölluð í daglegu tali spelt. Þegar spelt kom á markaðinn var fullyrt að þeir sem hefðu ofnæmi fyrir hveiti og einnig þeir sem eru með glútenóþol myndu þola spelt. Einstaklingar með glútenóþol, sem prófuðu þessa vöru, komust fljótt að því að þessi fullyrðing stóðst engan veginn.

Einstaklingar með fæðuofnæmi þola ekki ákveðnar prótínsameindir í matnum og á það einnig við um þá sem eru með glútenóþol. Munur getur verið á innihaldi einstakra prótína í mismunandi tegundum matvæla eins og til dæmis hveitis.



Áður en hægt er að fullyrða að ein matvara valdi síður ofnæmi en önnur þurfa að liggja fyrir rannsóknir um hvaða prótínsameindir valda ofnæmi og magn þeirra í mismunandi tegundum. Rannsóknir á venjulegu hveiti og spelti sýna að þau innihalda svipuð prótín og rannsóknir á einstaklingum með glútenóþol sýna einnig að þeir þola hvorki hveiti né spelt.

Samkvæmt reglugerð um merkingu matvæla á að merkja skýrt þær fæðutegundir sem geta valdið fæðuofnæmi. Þar á meðal er hveiti. Þegar hveiti er merkt sem spelt á innihaldslýsingu getur það villt um fyrir neytendum sem hafa ofnæmi fyrir hveiti. Þetta þurfa matvælaframleiðendur og eftirlitsaðilar að hafa í huga.

Þegar spelt kom fyrst á markað var eingöngu boðið upp á gróft spelt sem samsvarar heilhveiti. Því má segja að þeir sem kusu brauð og annan bakstur úr speltmjöli borðuðu oft grófari brauð en ella og þar með trefjaríkari. Í dag er aftur á móti hægt að fá bæði gróf speltbrauð og brauð bökuð með hvítu speltmjöli. Þeir sem velja speltbrauð í dag fá því ekki alltaf gróf brauð eins og fyrst eftir að þessi mjöltegund varð vinsæl.

**mni.is**



**VERÐBÓLGA** Vanda þarf valið þegar kemur að því að velja sem heppilegastan reikning fyrir sparifé.

# Lægstu vextir ná ekki verðbólgu

**Almennir óverðtryggðir sparireikningar eru varasamir staðir til að geyma peninga á nú um stundir. Fréttablaðið kannaði málið og komst að því að vænlegra er að velja bundna sparireikninga. Misjafnt er hversu lengi þarf að binda innistæðu til að verðbólgan éti hana ekki upp.**

Það er allt annað en hagkvæmt að geyma peningana sína inni á almennum óverðtryggðum sparireikningum bankanna nú til dags. Vextirnir á þessum reikningum eru í öllum þeim tilfellum sem Fréttablaðið kannaði svo lágir að þeir ná ekki upp í verðbólgustigið, sem á mánudag mældist 11,8 prósent á ársgrundvelli.

Hagkvæmara virðist vera að geyma aurinn inni á bundnum sparireikningum, þar sem vextirnir hækka í samræmi við fjölda mánaða sem innistæðan er bundin. Þó þarf að gæta að því að velja sem hagstæðastan reikning til að verðbólgan hreinlega gleypi ekki vextina, eins og getur orðið í tilfelli óverðtryggðra sparireikninga.

Allur gangur er á því hversu lengi innistæða þarf að hafa verið inni á reikningunum til að vextirnir verði hærri en verðbólgustigið. Á þrepareikningi Byrs er miðað við 24 til 30 mánaða bindingu til að fá 11,80 prósenta vexti, á meðan Kaupþing býður upp á 12,90 prósenta vexti fyrir þriggja til tólf mánaða bindingu á Kostabók sinni.

1. þrep Kjörbókar Landsbankans, sem gerir ráð fyrir 60 daga bindingu, gefur hins vegar af sér 12,65 prósenta vexti, og Grunnþrep Uppleiðar hjá Glitni, sem gerir ekki ráð fyrir neinni bindingu, veitir 12,10 prósenta vexti.

Mikill fjöldi sparnaðarleiða er í boði hjá bönkunum og því þarf að kynna sér málin vel, hvar besta ávöxtunin fæst, en það er misjafnt eftir upphæð sparifjár og því hversu lengi á að geyma spariféð hjá bönkunum.

Ásta L. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, segir besta sparnaðinn í dag vera þann að skuldsetja sig alls ekki of mikið, og borga niður þær skuldir sem þegar eru til staðar. „Eins og staðan er í dag er mjög mikilvægt að leggja peninga fyrir til að geta mætt þessum gríðarlegu sveiflum sem eru að eiga sér stað. Besti sparnaðurinn er að skuldsetja sig ekki of mikið. Maður er alltaf að taka áhættu þegar maður tekur lán,“ segir Ásta.

**kjartan@frettabladid.is**

DKNY
IKKS
Gerard Darel
Nicole Farhi
Bruuns Bazaar
Kristensen Du Nord
Spring Court
Free Lance
Hope



Við erum í sumarskapi

Opið í dag 1. maí frá kl. 12-17

Bjóðum 15% afslátt af öllum vörum í versluninni í dag.

eva

laugavegi 91

s. 512 1715 www.ntc.is

■ **Verslun**

## Gildistími gjafabréfa



Gjafabréf hafa orðið æ vinsælli gjöf á síðustu árum. Þau eru sniðug tækifærisgjöf, þótt sumum þyki meira gaman að gefa persónulegri gjafir. Almenna reglan er sú að þau gilda í fjögur ár frá útgáfudegi, nema annað sé tekið fram. Stytta má gildistíma þeirra niður í eitt ár.

Komi nýr eigandi að fyrirtækinu sem gaf út bréfið gildir það engu að síður gagnvart þeim sem verslunarreksturinn var framseldur til. Eigendur gjafabréfa geta gert kröfur í gjaldþrotabú, en því fylgir mikið umstang fyrir oftar en ekki smáar fjárhæðir.

Gætið því að gildistíma gjafabréfa því það er leiðinlegt að sitja uppi með verðlaust bréf sem gefið er af góðum hug.

FÍB og Atlantsolía:

# Sparakstur fyrir fjölskylduna

Sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu verður haldin næstkomandi laugardag, þann 3. maí. Keppnin verður tvískipt að þessu sinni, annars vegar keppa atvinnumenn, eða keppendur úr bílgreininni en hins vegar almenningur. Keppnisleiðin er 143 kílómetrar og liggur um Mosfellsdal, Mosfellsheiði, niður Grafning, fram hjá Nesjavöllum að Ljósafossi, í gegnum Selfoss og um Þrengsli til Reykjavíkur. Upphaf og endir keppninnar verður á bensínstöð Atlantsolíu við Húsgagnahöllina, Bíldshöfða.

Almenna keppnin er upplögð laugardagsskemmtun fyrir fjölskylduna sem leggur þá saman hugvit og kunnáttu í því skyni að ná sem bestum árangri. - shá




**HANDBÓK** Bókin á að auðvelda matseld fyrir aldraða.

Bók frá Lýðheilsustöð:

# Matur aldraðra í brennidepli

Lýðheilsustöð hefur gefið út handbók um mataræði aldraðra sem ætlað er að auðvelda þeim stórfin sem vinna við að skipuleggja matseðla og útbúa mat fyrir aldraða eða vinna við hjúkrun aldraðra.

Í handbókinni eru hagnýtar upplýsingar um samsetningu mataræðis fyrir aldraða, hráefnaval, matreiðsluaðferðir, hreinlæti og innkaup.

Öldruðum, sem eru við góða heilsu og hreyfa sig daglega, hæfir yfirleitt almennt fæði. Hætta á næringarskorti eykst hins vegar ef matarlyst minnkar, hvort heldur er vegna líkamlegra eða geðrænna sjúkdóma. Við slíkar aðstæður þarf að gera sérstakar og oft einstaklingsbundnar ráðstafanir varðandi fæðið. - shá

Póst- og fjarskiptastofnun:

# Ekki niðurstaða hjá starfshópi

Póst- og fjarskiptastofnun hefur undanfarna mánuði staðið fyrir vinnu starfshóps með það að markmiði að ná samkomulagi meðal hagsmunaðila þar sem neytendum yrði tryggður réttur til að afþakka fjölpóst og/eða fríblöð.

Drög að samkomulagi gengur út frá því að óumbeðnar sendingar yrðu settar í tvo flokka, annars vegar fjölpóst og hins vegar fríblöð. Neytendur gætu síðan hafnað öðrum hvorum flokknum eða báðum.

Þótt allir aðilar lýstu yfir áhuga á að finna lausn á þessu mikilvæga neytendamáli hefur ekki tekist að ná samkomulagi um samræmt verklag um meðferð fjölpósts sem dreift er í fríblöðum. - shá

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Gelatín í lýsisperlum er unnið úr beinum og húð svína og nautgripa:

# Lýsið er gamaldags og rómantískt

Neysla á lýsi eykst með hverju árinu sem líður og á það jafnt við um lýsi sem tekið er inn á gamla mátann eða inntöku á lýsisperlum. „Það kemur okkur á óvart," segir Adolf Ólason, markaðsstjóri neytendavara hjá Lýsi. „Að taka lýsi á gamla mátann er svolítið rómantískt, gamaldags og flott."

Hver lýsisperla inniheldur 280 milligrömm af þorskalýsi en auk þess gelatín og glýseról. Gelatín er hlaupkennt, litlaust og bragðlaust hleypiefni sem í dag er unnið úr beinum og húð svína og nautgripa auk ákveðinnar tegundar af þörungum. Telst gelatín sem hráefni en ekki aukaefni og eru notkunarmöguleikar þess fjölbreyttir. Er það nýtt í ýmis matvæli eins og í matarlím, sælgæti, sultur, hlaup, ís, niðursoðnar kjötvörur og fleira.

„Við stefnum á að koma með fiskigelatínafurðir," segir Adolf en málið sé hins vegar að gelatín unnið úr fiskafurðum sé bæði mun dýrara í framleiðslu auk þess sem það sé ekki eins stöðugt efni. Fyrir þá sem ekki vilja neyta afurða sem unnar eru úr dýrum bendir Adolf á að boðið sé upp á fljótandi lýsi í flöskum til inntöku.

„Það er staðreynd að fiskigelatín kemur einhvern tímann síðar því það er framtíðin." - ovd



**LÝSISPERLUR** Hver lýsisperla inniheldur 280 milligrömm af þorskalýsi auk glýseróls og gelatíns.




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Baráttudagur verkalýðsins í tíð efnahagslægðar:

## Hnattvæðing og hagsmunir launþega

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Í ræðum þeim sem forystumenn launþegahreyfingarinnar hérlendis munu flytja í tilefni dagsins í dag verður eflaust mikið rætt um efnahagsástandið og áhrif þess á kjarasamninga. Ýmsir verkalýðsleiðtogar hafa þegar lýst því yfir að verðbólguskotið sem nýjustu tölur Hagstofunnar staðfesta sé nú þegar búið að sprengja nýgerða kjarasamninga.

Verkalýðsforystan vísar ábyrgðinni á þessu vitaskuld til þeirra sem fara með stjórn efnahagsmála hér innanlands. Gera má ráð fyrir að tónninn í ræðum kollega þeirra í öðrum löndum Evrópu og víðar um heim verði áþekkur, enda Ísland ekki eina landið sem á við efnahagsörðugleika að stríða um þessar mundir þótt sveiflurnar hér séu óneitanlega öfgakenndari en annars staðar þekkist meðal þróaðra ríkja.

Þetta er ein birtingarmynd þess hve samtvinnuð efnahagsþróunin er orðin milli landa á tímum hnattvæðingarinnar. Íslenzka „útrásin“ og sú öra uppbygging sem hér hefur orðið á fjölþjóðlegri fjármálaþjónustu beintengir íslenzkt efnahagslíf við þróunina á alþjóðlegum mörkuðum. Íslenzk stjórnvöld hafa býsna fá úrræði til að verjast afleiðingum þessa. Og því sitja íslenzkir launþegar nú í súpunni, með mestu verðbólgu í áratugi, hæstu vexti allra OECD-landa og gjaldfallinn kaupmátt vegna gengishruns krónunnar. Þensluhagvöxtur síðustu ára stöðvast snarlega; „harða lendingin“ orðin að veruleika.

Það er vart hægt að saka íslenzku verkalýðsforystuna um að hafa ekki á síðustu árum lagt sitt af mörkum til að stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði eða til aðgerða sem miða að því að hafa hemil á verðbólgunni. Nýjustu kjarasamningarnir, hverra forsendur nú eru sagðar brostnar vegna verðbólguskotsins, voru til að mynda yfirlýstir verðbólguvarnasamningar. Eins og reyndin sýnir dugar slík viðleitni skammt þegar aðrar eins ýktar sveiflur ríða yfir efnahagslífið og þjóðin (og umheimurinn) hefur orðið vitni að síðustu mánuði.

Aðrar þjóðir Evrópu hafa, í takt við nánari efnahagsleg tengsl sín í milli, fundið visst skjól fyrir sveiflum hinna hnattvæddu markaða með aðild að Evrópusambandinu. Beztu sveifluvarnanna njóta myntbandalags-aðildarríkin sem nú eru fimmtán en fer fjölgandi. Verkalýðsfélög álfunnar hafa einnig þurft að laga starfsemi sína að breyttum tímum; tímum þar sem störf í framleiðslu og jafnvel ýmiss konar þjónustu leita frá ríku löndunum til svokallaðra láglaunalanda og vinnuafl frá slíkum löndum leitar í störf í ríku löndunum. Ísland hefur sem ríkt land heldur ekki farið varhluta af þessari þróun; hún hefur reyndar átt sinn þátt í þeim mikla hagvexti sem íslenzka þjóðarbúið hefur orðið aðnjótandi á síðustu árum.

Aðallærdómurinn sem allir hlutaðeigandi ættu að geta dregið af ástandinu sem upp er komið er að trúverðugar sveifluvarnir, íslenzkum fyrirtækjum og launþegum til hagsbóta, fást ekki svo lengi sem Ísland býr við krónuna. Stærsta hagsmunamál bæði atvinnurekenda og launþega til lengri tíma litið er því að Ísland gangi í Evrópusambandið og taki upp sameiginlegu Evrópumyntina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




aus

**Viltu úgga búggast?**
Hjálpa til:

- við að næra götubörn í Gana, læra afríkanska leirkeragerð og fara í safarí

- við að bjarga skjaldbökum í Mexíkó, gleypa rótsterkan chili og sóla þig á fallegri pálmaströnd

- við baráttuna gegn HIV/AIDS á Indlandi, læra jóga og taka þátt í Diwali hátíðinni

- við fornleifauppgröft á Ítalíu, prófa upprunalegu pizzuna og skella þér í siglingu um Feneyjar

aus.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fátítt

Það gerist víst sjaldan að embættismenn sjái sig knúna til að kæra alþingismenn en sem kunnugt er boðaði Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri kæru á hendur Árna Johnsen um síðustu helgi. Í tilkynningu sagði Gunnar fátítt að opinberir starfsmenn þyrftu að sitja undir rógi og dylgjum frá alþingismönnum. Það má vera. En jafnfátítt er að opinberir starfsmenn láti svo um mælt að það sé þjóðinni til skammar að hafa kosið tiltekinn mann á þing, en það sagði Gunnar í tilkynningu sinni. Ætli þeir sem kusu Árna í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi og kjósendur flokksins í kjördæminu geti höfðað meiðyrðamál á hendur Gunnari?



### Ítarlegt – en ekki nóg

Um það mátti lesa á mbl.is í gær að ökumaður hafi misst bifreið sína út af í hálku á Leifsstaðavegi í Eyjafirði í gærmorgun. Kemur fram að viðkomandi hafi verið á leið til höfuðborgarinnar. Upplýsingarnar voru fengnar frá lögreglunni á Akureyri og er henni hrósað hér fyrir að láta þess getið hvert ökumaðurinn var að fara. Að sama skapi má átelja embættið fyrir að segja ekki hvaðan ökumaðurinn kom. Ágætt hefði líka verið að vita í hvaða hverfi höfuðborgarinnar hann ætlaði og í hvaða erindagjörðum. Og umfram allt; var hann heimamaður eða „að sunnan“?

### Leggðu fram frumvarp

Pétur Blöndal, Sjálfstæðisflokki, ráðlagði Þuríði Backman, VG, í gær að leggja fram frumvarp um að ríkisábyrgð á skuldabréfi deCODE verði numin úr lögum. Þuríður lagði fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um hvort hann hygðist afnema lögin. Ráðherra sagði það ekki standa til enda forsendur allar breyttar; ljóst væri að ekki kæmi til slíkrar ábyrgðar, en óþarft væri að afnema lögin. Pétur, sem á sínum tíma var andvígur lögunum, benti Þuríði á að framkvæmdavaldið ætti ekki að setja lög heldur Alþingi og hvatti hana til að leggja fram frumvarp. Hét hann henni jafnframt stuðningi við málið.



bjorn@frettabladid.is

## Bjarni Benediktsson



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Átakasaga

Svo kynni að virðast, að harkaleg átök hafi fylgt stjórnmálabaráttu á Íslandi frá fyrstu tíð, en svo er þó ekki. Jón Sigurðsson forseti var friðsæll maður og fylgdi þeirri föstu reglu í einkaviðræðum líkt og í stjórnmálaumræðum að nefna menn helzt ekki á nafn nema til að hæla þeim. Hann átti að sönnu harða andstæðinga, til að mynda Grím Thomsen, sem var hallur undir Dani og flæktist á ýmsa lund fyrir Jóni og baráttu hans, en Jón sýndi Grími þó ævinlega fulla kurteisi. Eftir fráfall Jóns forseta 1879 þrútnaði andrúmsloftið. Deilur heimastjórnarmanna, sem heimtuðu fulla sjálfsstjórn, og Valtýinga, sem töldu hyggilegra að taka eitt skref í einu, lýstu djúpri óvild og ofstæki, þótt Valtýr Guðmundsson væri rómað prúðmenni. Eftir heimastjórn 1904 tók ekki betra við, og enn versnaði ástandið við upphaf flokkaskipanar nútímans um 1920, með því að þá komu fram á sjónarsviðið óvenjuharðskeyttir stjórnmálamenn og spöruðu hvergi vopnin. Mest fór fyrir Jónasi Jónssyni frá Hriflu, sem hrakyrti andstæðinga sína án afláts í Tímanum og öðrum blöðum Framsóknarflokksins, og höfuðandstæðingi hans, Ólafi Thors. Inn í þennan heim gekk Bjarni Benediktsson 1933, nýkominn með kosningarrétt, og gerðist með tímanum hægri hönd Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins 1934-61. Ólafur kom úr Íhaldsflokknum, en Bjarni mun hafa fylgt Frjálslynda flokknum að málum og stýrði fundinum, þar sem Frjálslyndi flokkurinn sameinaðist Íhaldsflokknum í Sjálfstæðisflokknum 1929. Bjarni lauk kornungur lagaprófi í Háskóla Íslands með frábærum vitnisburði, fór utan til frekara náms í Berlín og Kaupmannahöfn og sneri síðan heim og varð prófessor í Háskólanum 1932, 24 ára að aldri. Hann var kjörinn borgarstjóri í Reykjavík 1940 og var síðan ráðherra 1947-56 og aftur frá 1959 til dauðadags 1970 og ritstjóri Morgunblaðsins í millitíðinni 1956-59. Upplag hans og útivistin opnuðu honum víða útsýn til umheimsins og mótuðu verk hans öll.

Ólafur Thors fól Bjarna Benediktssyni forustu um tvö mikilvæg utanríkismál, sem vöktu harðar deilur. Fyrra málið varðaði konungssambandið við Danmörku. Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku 1940, taldi Bjarni nauðsynlegt að slíta sem fyrst sambandinu við Dani og stofna lýðveldi með þeim rökum, að hernumin Danmörk megnaði ekki að uppfylla skyldur sínar gagnvart Íslandi. Bretar og síðan Bandaríkjamenn komu í veg fyrir hraðskilnað. Lögskilnaðarmenn vildu bíða stríðslokanna og stofna þá lýðveldi í friði og sátt við frjálsa Danmörku. Niðurstaðan varð málamiðlun: lýðveldið var stofnað með nýrri stjórnarskrá 1944, þegar 25 ára frestur sambandslagasamningsins frá 1918 var liðinn. Stofnun lýðveldis 1944 í skugga styrjaldar var samþykkt nær einróma í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hitt málið var innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949. Þriggja flokka ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar ákvað að bera málið ekki undir þjóðaratkvæði líkt og sambandsslitin, heldur leiða það til lykta í sölum Alþingis með æstan múginn og lögregluna úti fyrir á Austurvelli. Ólafur bar þungar sakir á andstæðinga sína og aðra og sagði í ræðustól Alþingis daginn eftir óeirðirnar: „Í marga mánuði hefur þjóðin verið ærð upp og henni sagt, að verið væri að svíkja föðurlandið. ... Menn eins og Sigurbjörn docent Einarsson, Pálmi Hannesson rektor, Klemens Tryggvason, Einar Ólafur Sveinsson og Gylfi Þ. Gíslason – þessir menn hafa æst bálið og á þeim hvílir þung ábyrgð um þá atburði, sem hér urðu í gær. Það kann að vera, að þeir hafi ekki ætlazt til að við værum drepnir. En þeir ætluðu að halda fund ...“ Sigurbjörn, síðar biskup, og félagar hans fjórir báðu Alþingi með bréfi að svipta Ólaf þinghelgi, svo að hægt væri að fá ummælum hans hnekkt fyrir dómi, en af því varð ekki. Bjarni barðist einnig af hörku við andstæðinga inngöngunnar í Nató og hafði ásamt Ólafi og öðrum samherjum fullan sigur. Ætla má, að meiri friður og sátt hefðu ríkt um utanríkismálin, hefði þjóðin fengið að greiða atkvæði um inngönguna. En Bjarni Benediktsson leiddi bæði málin til réttra lykta þrátt fyrir ágreining um leiðir að settu marki.

Það orð fór af Bjarna eftir þessi átök, að hann væri harður í horn að taka. Margir lofuðu jafnframt réttsýni hans, sáttfýsi og verksvit. Forustan fyrir viðreisnarstjórninni eftir daga Ólafs Thors þótti leika í höndum Bjarna, og voru samverkamenn hans í stjórninni sammála um það og aðrir, þar á meðal verklýðsforingjar, sem unnu náið með honum að friði á vinnumarkaði. Harðskeyttur stjórnmálaforingi var orðinn að mildum landsföður. Bjarni sagði föður mínum 1969, að hann hygðist hætta afskiptum af stjórnmálum, færi svo, að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að mynda ríkisstjórn með Framsóknarflokknum eftir kosningar 1971. Á þann ásetning reyndi þó ekki, því að sumarið 1970 var Bjarni hrifinn burt í ljóma lífsins ásamt Sigríði Björnsdóttur konu sinni og kornungum dóttursyni, Benedikt Vilmundarsyni. Þá sá ég föður minn gráta.

## ESB klýfur ríkisstjórnina

UMRÆÐAN

Kristinn H. Gunnarsson skrifar um ríkisstjórnina



KRISTINN H. GUNNARSSON

Ríkisstjórn hins mesta meirihluta á Alþingi er harla máttlítil vegna innri ágreinings um veigamikil mál. Nefna má sem dæmi ágreining um þessi mál: stóriðju og virkjun fallvatna eða jarðhita, eignarhald á orkulindum, gagnrýni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á kvótakerfið í sjávarútvegi, stefnuna í loftslagsmálum, aðgerðir í efnahagsmálum og nú síðast um Evrópusambandið.

Afgangur af gömlum leikfanga- og gjafavörulager. Vörur sem henta vel í Kolaportið. Upplýsingar í síma 824 6611.

Sterkur & góður furustigi lengd 3,10x80 br 13 þrep. Uppl. í s. 661 2154.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa 40 feta frystigám. Uppl. í s. 660 3738.

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Rafmagnspíanó (frá Kawai) til sölu. Í mjög góðu ástandi. S. 867 2982.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m.2x4 óheflað á 195 kr/m, mótabitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Til sölu vinnuskúr, Spectra laser hæðamælir, Hitachi klippu- og beygjuvél og Max bindivél. S. 898 4870.

## Verslun

XXX DVD
Besta verðið!!
Nýjar myndir frá USA á aðeins ~~2950.-kr~~
DVD
Leiga kr 650,-
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
S. 568 6635
Opið frá kl. 15-23.30

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur







5-7 kíló á 9 dögum með Aloe Vera, nánari uppl. í síma 6978928 Sigríður



LR kúrinn er hraðvirkur og bætir líðan. Léttu þér lífið með Aloe Vera. Anna s. 699 7379.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega einfaldur. Dóra 869-2024 www.dietkur.is

Betri heilsa - bætt líðan Þyngdarstjórnun, orkuöflun, viðskiptatækifæri, eftirfylgni og aðstoð Herbalife er svarið. Viðar 822 3657 & 581 3657 vidarei@internet.is

## Líkamsrækt



**Pumping Iron**
Tilboð á árskortum frá 1.-3. maí. Aðeins kr. 25.900. Pumping Iron, Dugguvogur 12. Uppl. í s. 553 5590 og 896 3667.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**Silfurleir - Tréútskurður**
Byrjendanámskeið 3 kvöld næstu viku kl.18-22 Einnig tálgun og tréútskurður. Skráning og uppl. í s. 555 1212 Handverkshúsið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Nú er tíminn til að fegra heimilið fyrir sumarið án þess að svitna undan reikningnumJ 20% kynningarafsláttur. Glæsileg sófasett með Ítölsku leðri til sölu á hreint frábæru verði. Fjölbreytt úrval, en ath. Aðeins fá eintök af hverju og einu Fyrstur kemur fyrstur fær. Upplýsingar veita Þóroddur s. 895 5458 Sigurður s. 861 5001 Jón Páll s. 821 6254 Óttar s. 898 2130.

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

1 árs Púðluhundur fæst fyrir 10 þús. Uppl. í s. 848 1476.

Gullfallegir ljósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Dverg schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók. Uppl. í s. 897 6229.

**Til sölu**
3 gullfallegir, hreinræktaðir Chihuahua m./ættbók. Uppl. í s. 770 0744 & 770 0733.

Amerískir Cocker Spaníel hvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Upplýsingar í síma 869 5405.

## Ýmislegt



Frístundabyggðin Brekku Hvalfjarðarsveit. Frábærar eignalóðir - aðgangur að sjó fyrir minni báta - bátaskýli - hrossabeit - undurfagrar gönguleiðir - örstutt í óbyggðir - aðeins íslenskar trjátegundir leyfðar, áhersla á birki - land í aðlögun að lífrænni vottun. Uppl.síma 869-1011 www.brekka.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta

HVALALÍF



**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Gisting

**Norðurþing**
Ferðaþjónustan Lundur við Ásbyrgi. Sundlaug, heitur pottur, ættarmót og allskins stærri samkomur. Í boði er tilboð á fjölbreittum veitingum og gistingu. uppl lundur@dettifoss.is simi 4664030 Spánn-Alicante svo ótrúlega gott verð á alls konar eignum. Sólarhús

**Raufarhöfn**
Íbuðir og svefnpokapláss, góð þjónusta. Tilboðsverð, uppl : 8621287 - 4664030 Spánn-Alicante svo ótrúlega gott verð á alls konar eignum. Sólarhús

**Dalvík**
Ótrulega lág leiga fyrir herbergi með öllu uppl : 4664030 solarhus@gmail.com Spánn-Alicante svo ótrúlega gott verð á alls konar eignum. Sólarhús

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534-1024

Meðleigjandi óskast,okkur vantar 3 aðilann með okkur í 4 herb. Íbúð Í Norðlingaholti, sameiginlegt eldhús, bað og þvottahús.Uppl. í s. 669 5550.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

Góð 2. herb. Íbúð í Vesturbæ 107 Rvk. Laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

Rúmgóð og björt 2. herb íbúð á völlunum. Reyklaus og gæludýralaus. Ísskápur og uppþv. fylgir. Laus frá 10.05 2008. Uppl. í s. 898 5197.

Fallegt 140 fm. parhús á tveimur hæðum á rólegum og góðum stað í 104 Rvk. Stór og björt stofa með arin, þrjú svefnherbergi og góður garður. Nánari uppl. í s. 669 8313.

Einstaklingsíbúð í Seljahverfi með sérinngangi, stórt herbergi, eldús og snyrting (ekki baðaðstaða). Laus. Aðeins regluasamir koma til greina. S. 899 8195.

Herbergi til leigu með salernisaðstöðu. 40 þ. Uppl.í s. 663 1033.

82 fm íbúð til leigu frá júní. Romm for rent with everyting in Garðabæ + internet. S. 847 7147.

Rooms w/privat bathroom for rent in Hafnarfjörður. Kitchen, washer, dryer. Furniture if needed. Tel. 893 6060.

Til leigu frá 1.júní, stórglæsileg 100 fm íbúð á Völlunum í Hafnarfirði. Ísskápur og uppþvottavél fylgja með auk stæði í upphitaðri bílageymslu. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Leiga 165 þús. á mán. innifalið hússjóður, hiti og rafmagn. Tryggingavíxill skilyrði. uppl. í síma 897-9703.

## Húsnæði óskast

Óska eftir strax! Stúdíó eða 2 herb. íbúð á Rvk. sv. Reglusemi heitið. Stálfélagið S. 564 4499.

Pari vantar 2-3 herb. íbúð á Akureyri frá 1. Júní. Erum reyklaust bindindisfólk. Skilvísum greiðslum heitið. S. 848 4779, Ragnar.

## Húsnæði til sölu

Fallegt heilsárs hús. Sökklar fylgja með. Á sama stað óskast ódýr traktors grafa eða dráttarvél. Uppl. í s. 821 1160.

## Sumarbústaðir



Þessi hús eru til sölu og flutnings Sumarbústaðurinn sem 45 fermetrar (3 svefnherbergi, eldhúskrókur, stofa og WC með sturtu) er skemmdur vegna vatnsstjóns og selst í núverandi ástandi. Bústaðurinn er 20 ára en hefur verið vel viðhaldið. Gestahúsið er 16 fermetrar (lítil forstofa, svefnherbergi og geymsla. Í geymslunni er vatnslagnagrind með dælu, forhitara o.s.frv.) Tilboð óskast í þessar tvær eignir , saman eða sitt í hvoru lagi. Upplýsingar í s. 557 3231.



Til sölu nýr glæsi bústaður við Búrfellslæk í Grímsnesi. Tilbúinn með öllu þmt. heitur pottur og innbú. sja www.bergfast.is

Oska eftir að kaupa 10-15m2 gestahús. Hafið samband í síma 863 2270.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skirfstofuherb. til leigu við Ármúlann. Uppl. í s. 899 3760.

Til leigu gott iðnaðarbil með góðu aðgengi við Skemmuveg stærð 110m2. Frekari uppl. í s. 894 5675.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust**
**Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.**

**Búr ehf - Vaktstjóri**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára. Góð Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig leitum við af sumarstarfsfólki.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

VIÐHALDSVIRKNI

**Atvinna í boði**
**Fyrirtæki á Stórreykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða til starfa laghenta menn, helst vönum húsaviðgerðum, þó ekki skilyrði.**
**S. 661 0117.**

V&V
VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ

Vörubíla- & Vinnuvélaverkst ehf Bifvélavirki/vélvirki eða maður vanur viðgerðum vinnuvéla og tengi- og festivögnum með meirapróf óskast til starfa sem fyrst. Traust og gott fyrirtæki með næg verkefni. Frekari uppl. í s. 588 4970 Guðmundur.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

**Helgarvinna**
Feskar Kjötvörur óskar eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar. Nánari upplýsingar veitir Ómar í s. 660 6300.

## TAPAÐ / FUNDIÐ

**MacPro tölvu stolið**
aðfaranótt 30. apríl (silfurlituð með beyglu á neðra vinstra horni) með Serial No. W872522EXAH.
Mikilvæg námsgögn eru í tölvunni,
**FUNDARLAUNUM HEITIÐ OG ÞAGMÆLSKU.**
Þeir sem hafa tölvuna undir höndum eru beðnir að hafa samband í s: 893-5100 eða sveinn@skeifan15.is."




Mótmælin harðna

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttirnar um lögregluaðgerðirnar við Rauðavatn. Hann er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is




**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum. Mikil vinna í boði og íslenskukunnátta nauðsynleg.**
**Uppl. í s. 857 0900.**

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í framreiðslu. Óskum einnig eftir duglegum og áhugasömum starfsmönnum í sal. Góð íslenskukunnátta er áskilin.**
**Upplýsinga veitir Ólína í s. 696 7684 milli 10-12 og 14-17 eða olina@lækjarbrekka.is**

**Veitingahúsið Nings Kópavogi**
**Óskar eftir duglegum og samviskusömum bilstjórum í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 Elínborg og einnig inn á www.nings.is**

**Bráðvantar trésmið!**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir ofl. Einnig vantar múrara eða mann vanan flísalögnum. Framtíðarvinna. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Au-pair óskast. Á suðurlandi. Uppl. í s. 865 5613.

**G.G Lagnir**
Óskum eftir meiraprófsbílstjóra og gröfumanni. Uppl. í s. 660 8870, www.gglagnir.is.

Firma specjalizujaca sie w systemach chlodzenia poszukuje elektryka, mechanika lub hydraulika do pracy przy montazu sprzetu do chlodzenia oraz klimatyzacji. Konieczna znajomosc j. angielskiego. Informacje udzielane sa pod nr. 8675490.

Carpenters wanted to build wooden houses / smiðir óskast í timbur húsasmíði. Tel. 865 3161.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Karlmaður óskar eftir vinnu. Vanur byggingavinnu, margt kemur til greina. Get byrjað strax. S. 863 7434.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu Golfkerrulager. Kerrurnar eru rafknúnar m/teimur 180W mótorum og fjarstýringum. Nánari uppl. í síma 841 8430.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

„Rakel" við suðumark! Mögnuð upptaka. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8495.

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár
**Sími: 588 9090**

**OPIÐ HÚS** — **FLÉTTURIMI 21 – 1. HÆÐ**



Falleg og nýstandsett 5 herbergja 124,1 fm íbúð á 1. hæð með um 50 fm. Sólpalli. Merkt stæði í bílageymslu.



Íbúðin skiptist m.a. í stofu og fjögur svefnherbergi. Sér þvottahús í íbúð.
**Verð 32,5 millj.**

**ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 13.00-14.00. SÖLUMUÐUR VERÐUR Á STAÐNUM.**



# Bílstjóri í sumar
# Eskifjörður

Óskum eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í afleysingar í sumar við olíuafgreiðslustöð okkar á Eskifirði. Viðkomandi þarf að hafa „trailer" réttindi. Skeljungur sér um að senda bílstjóra á ADR námskeið þeim að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar veitir Pétur G. Jónsson hjá Skeljungi í síma 444 3052. Hægt er að sækja um á www.skeljungur.is eða senda upplýsingar á starf@skeljungur.is.

Skeljungur hf. er olíufélag sem leggur áherslu á eldsneytissölu, verslunarrekstur og góða þjónustu undir vörumerkjum Shell. Starfsfólk er um 300 og starfar á Shell og Select, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkurflugvelli og víða á landsbyggðinni. Skrifstofur félagsins eru að Hólmaslóð 8 í Reykjavík.

Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti hæfileika sína í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku.

**Skeljungur**



# Sumarbústaður í landi Munaðarness til sölu



Um er að ræða glæsilegt 50 fm heilsárshús, byggt árið 1987, sem stendur á 15000 fm leigulóð. Mikill gróður og gott útsýni. Langt er í næsta bústað og því mikið næði.

**Upplýsingar veitir Marta í síma 863 3445**



**SELTJARNARNESBÆR**
**Mýrarhúsaskóli - Sparkvöllur**
**Jarðvinna, uppsteypa, yfirborðsfrágangur og lagnir**
**ÚTBOÐ**

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í gerð sparkvallar á lóð Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.

Verkið felst í jarðvinnu við völlinn, fullnaðarfrágangi battagirðingar með steyptum sökklum umhverfis völl, fullnaðarfrágangi hitalagna og lýsingar fyrir völl, ásamt hellulögn og frágangi gróðurmoldar utan battagirðingar.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| - Brot og rif á malbiki: | ~ 880 $m^2$ |
| - Gröftur: | ~ 1.560 $m^3$ |
| - Fyllingar: | ~ 1.210 $m^3$ |
| - Steypa: | ~ 45 $m^3$ |
| - Klæðining: | ~ 1.250 lm |
| - Hellulögn : | ~ 80 $m^2$ |
| - Hitalagnir : | ~ 3.200 lm |
| - Ljósastaurar : | ~ 6 stk |

Verktími: 5. júní - 31. júlí 2008

Útboðsgögn verða afhent frá og með föstudeginum 2. maí á skrifstofu tæknideildar, Bygggörðum 1, Seltjarnarnesi. Einnig er hægt að óska eftir þeim á rafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið helga@seltjarnarnes.is.

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en fimmtudaginn 15. maí kl. 11:00



# Stuttárbotnar
Húsafell
Glæsilegur heilsárbústaður

**Stærð: 116,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 23.940.000**
**Bílskúr: Nei**

**RE/MAX Skeifan**








**Opið hús lau og sun kl. 14:00-16:00**

**Verð: 34.900.000**

Glæsilegt bjálkahús með gestahúsi með einstöku útsýni á besta stað við Stuttárbotna í landi Húsafells. Allt innbú í báðum húsum fylgir. Bústaðurinn er heilsársbústaður og er rétt við þjónustumiðstöðina, sundlaugina og golfvöllinn. Einstaklega vandaður bústaður þar sem öll vinna er unnin af fagmönnum. Leiðarlýsing: Keyrt inn í Húsafell, framhjá sjoppunni og tjaldstæðum. Beygt inn afleggjara fyrir Stuttárbotna og þar er bústaðurinn á hægri hönd.



Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is

## SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

## Námsráðgjafi

Námsráðgjafi óskast í hlutastarf. Áhugasamir sendi upplýsingar um starfsferil og menntun á netfangið ohj@hradbraut.is.

Trúnaði er heitið og öllum verður svarað.

***Upplýsingar um starfið eru ekki veittar í síma.***

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

## Enskukennari

Enskukennari óskast í fullt starf næsta vetur. Áhugasamir sendi upplýsingar um starfsferil og menntun á netfangið ohj@hradbraut.is.

Trúnaði er heitið og öllum verður svarað.

MJÓLKURSAMSALAN

## Bílstjórar í vörudreifingu

MS Reykjavík óskar eftir að ráða bílstjóra í vörudreifingu. Um er að ræða bæði sumarafleysingar og framtíðarstörf.

Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um.

Meiraprófsréttindi eru áskilin eða 5 tonna réttindi.

Nánari upplýsingar veitir Þórður Jóhannsson í síma 569-2320. Umsóknarfrestur er til 6. maí nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is

Mjólkursamsalan ehf. er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda um land allt. Félagið rekur 7 starfsstöðvar víðs vegar um landið. Hjá félaginu starfa 450 starfsmenn.

Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu félagsins

**www.ms.is.**




## VERKFRÆÐINGAR / TÆKNIFRÆÐINGAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða verk- og/eða tæknifræðinga til starfa við framkvæmdastjórnun á vinnusvæðum.



## MÆLINGAMENN

Vegna nýrra og krefjandi verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða starfsfólk á vinnusvæði fyrirtækisins í mælingar og úrvinnslu mælingagagna.

*Við leggjum áherslu á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.*

*Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu og er um framtíðarstörf að ræða fyrir rétta aðila.*

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2008.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

TIL LEIGU

## Faxafen
### - skrifstofuhúsnæði til leigu

Skrifstofuhúsnæði, 200 fm, er til leigu á 2. hæð í Faxafeni. Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið ohj@hradbraut.is. Upplýsingar fást einnig í síma 517-5040.

FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

FÉLAG FASTEIGNASALA

## Opinn fundur
### Fasteignamarkaður á vordögum.

Félag Fasteignasala heldur opinn fund fyrir almenning föstudaginn 2. maí n.k á Grand Hótel frá kl 15-17. Á fundinum mun verða varpað ljósi á stöðu fasteignamarkaðarins nú á vordögum og líklega þróun næstu mánaða.

**Framsögumenn:**

Ingibjörg Þórðardóttir formaður FF
Þorsteinn Arnalds, aðstoðar framkvæmdastjóri mats- og hagsviðs Fasteignamats ríkisins
Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands
Ásgeir Jónsson forstöðumaður greiningadeildar Kaupþings
Guðmundur Bjarnason framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs
Hallur Magnússon sérfræðingur

**Fundarstjóri:**
Jón Guðmundsson lögg.fasteignasali

Á eftir mun fundargestum gefast kostur á að setja fram sínar skoðanir og spyrja framsögumenn.




## STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTI

ÍSTAK óskar eftir að ráða einstaklinga til starfa í mötuneyti í nýrri þjónustumiðstöð fyrirtækisins á Tungumelum í Mosfellsbæ.



## STARFSFÓLK Í RÆSTINGAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða einstaklinga til starfa við ræstingar í nýrri þjónustumiðstöð fyrirtækisins á Tungumelum í Mosfellsbæ.
Um fullt starf er að ræða.

*Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum störfum og geti hafið störf fljótlega.*

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2008.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**



## Fartölva með 17" breiðskjá

**Asus A7CC-7S020G**
17" TFT WXGA breiðskjár • Innb. vefmyndavél • Intel Core 2 Duo T5500 1.67GHz örgjörvi • ATI MOBILITY RADEON X1450 512MB skjákort • 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni • 120GB 5400rpm SATA harður diskur • Intel High Definition samhæft hljóðkort • 10/100 Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort • SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari • DVD Dual Layer brennari • 5 USB 2.0, FireWire, Express, DVI, infrared og VGA út tengi • Line in, Mic og heyrnartólstengi • Bluetooth • Innbyggður sjónvarpsmóttakari • Windows Vista Ultimate stýrikerfi • Flott taska og lasermús fylgja

**129.989 kr.**
Fullt verð ~~149.989~~




**6.889 kr.**

## 500GB flakkari



**WD Essential 500GB USB 3.5**
Western Digital My Book WDG1U5000E • Flakkari með 500GB hörðum disk • Slekkur á sér samhliða tölvu • Háhraða USB 2.0

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



## Prentari

**Canon iP4500**
Prentar 10x15 blæðandi myndir á 21 sek. og 31 á mín. í sv/hv • Hágæða 9600x2400 dpi upplausn • Canon FINE 1pl hágæða smádropatækni • Prentun beint á DVD/CD • PictBridge tengi • Single Ink fimm lita kerfi • ChromaLife100 • USB 2.0

**11.989 kr.**
Fullt verð ~~14.989~~



## Fjölnota

**Brother DPC350C**
Fjölnota prentari • 2" LCD skjár sýnir myndina • Allt að 25 bls. á mín. í lit og 30 í sv/hv • Prentupplausn 6000x1200dpi • Skanni með 600x2400dpi uppl. • Innb. kortalesari fyrir CF, SD, MMC og XD kort

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~19.989~~



## 7.2 milljóna punkta

**Casio EXZ77**
7.2 milljónir punkta uppl. • EXILIM Engine 2.0 • BESTSHOT • Face Detection • Anti-Shake DSP • 2.6" LCD skjár • 3x Optical og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm • **You Tube Capture Mode** • Hágæða hreyfimyndataka • 11.4MB innra minni • Tekur SD/SDHC/MMC/MMCplus kort

You Tube Capture Mode

**17.989 kr.**
Fullt verð ~~24.989~~



## 8.1 milljóna punkta

**SONY DSCW100**
8.1 milljón punkta uppl. • 2,5" LCD skjár • 3x Optical • 6x Digital zoom • Carl Zeiss linsa • Hreyfimyndataka • USB tenging • 64MB minni innbyggt

**24.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~



## 10.1 milljóna punkta

**Olympus MJU1010SV**
10.1 milljónir punkta uppl. • 7x Optical og 5x Digital Zoom • Linsa: 6.6 - 46.2mm • 2,7" LCD skjár • Dual Image Stabilization • Face Detection Technology • TruePic III myndvinnsla • Frábær við öll birtuskilyrði • Hreyfimyndataka með hljóði • USB 2.0 • Tekur xD kort

**34.989 kr.**
Fullt verð ~~39.989~~



## Ferðatæki með CD

**Lenco SCD25**
Nett ferðatæki • FM útvarp • Geislaspilari • Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA • Heyrnartólstengi • Góðir hátalarar

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

## 600w DivX heimabíókerfi



**Philips HTS3357**
Heimabíókerfi með fjölkerfa DivX DVD spilara • 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari • Video Upsacaling í 720p/1080i • 2 framhát. á gólf, miðja, 2 bakh. og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með 40 stöðvaminnum • USB og Line-In að framan • SCART (með RGB) og HDMI tengi • Digital Coaxal tengi • Fjarstýring

**39.989 kr.**
Fullt verð ~~44.989~~

### Opnunartími

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI




**2ja diska sérútgáfa á DVD fylgir öllum þessum tækjum**

## 52.989 kr.
Fullt verð ~~54.989~~

**19 tommur**

**LCD með innb. DVD 12 og 220v**

**United TVD7056**
19" LCD breiðtjald með innb. DVD spilara • Upplausn: 1440x900 punktar • Skerpa: 500:1 • Nicam Stereó • Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • 12v og 220v • 12v snúra fylgir

## 119.989 kr.
Fullt verð ~~139.989~~

**32 tommur**

**Philips 32PFL5322**
32" LCD breiðtjald • Pixel Plus HD • HD Ready • Upplausn: 1366x768 punktar • Skerpa: 4.000:1 • Active Control og Contrast Plus • 2 x 20w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

## 119.989 kr.
Fullt verð ~~149.989~~

**40 tommur**

**Dantax 40LCDV7**
40" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Progressive Scan • 2.000:1 skerpu • Nicam Stereó hljóðkerfi • 2 x Scart (með RGB) • 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi • textavarp ofl.

**LCD breiðtjöld**

## 169.989 kr.
Fullt verð ~~219.989~~

**42 tommur**

**Toshiba 42C3000PG**
42" LCD breiðtjald • HD Ready 1366x768p • ActiveVision myndkerfi • Active Backlight kerfi • 15000:1 Dyn. Contrast • 8 ms svartími • 10 Bit Processing • DCDi Faroudja Prog. Scan • 3D Color System • 2 HDMI v1.3, 2 Scart, 1 VGA, 1 Component

## 199.989 kr.
Fullt verð ~~219.989~~

**42 tommur**

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

**Plasma breiðtjald**

**Panasonic TH42PV70F**
42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma Sjónvarp • Upplausn: 1024x768 punktar • V-Real 2 Engine tækni - Frábær myndgæði • Advanced 3D Colour management • Motion Pattern Noise Reduction • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl

## 249.989 kr.
Fullt verð ~~269.989~~

**42 tommur** **FULL HD**

**Philips 42PFL7662D**
42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus HD breiðtjald • Uppl.: 1920x1080 p • Progr. Scan • HD Ready • Skerpa: 5.000:1 • Innb. Digital DVB-T mótt. • 3D Combfilter • Active Control • 2 x 10w Nicam stereó • Incredible Surround • 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt. • Textav. ofl.

# Einnig sýningareintök af sjónvörpum á ÓTRÚLEGU VERÐI
# Ath. aðeins í Max Kauptúni Garðabæ!

MAX RAFTÆKI

**Dæmið er einfalt – Hlutirnir eru ódýrari í Max!**

*Tilboðin gilda til 07. 05. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

# Samstaða til sigurs á verðbólgu

UMRÆÐAN

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skrifar í tilefni af 1. maí



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í dag fagnar alþjóðleg hreyfing jafnaðarmanna 1. maí við krefjandi aðstæður sem okkur svíður öll undan. Ókyrrð á fjármálamörkuðum, lánsfjárkreppa, verðhækkanir á nauðsynjum og erfiðleikar á húsnæðismörkuðum eru heimsfyrirbæri sem jafnaðarmenn við stjórnvölinn um víða veröld þurfa nú að takast á við.

Áhættusækin og fyrirhyggjulaus peningahyggja hefur eina ferðina enn orðið þess valdandi að efnahagsfleyið hefur steytt á skeri og það þarf sameiginlegt átak til að koma því á siglingu aftur. Það þurfti alltaf reglur eins og jafnaðarmenn hafa margítrekað. Markaðurinn er hluti af samfélaginu en ekki yfir það hafinn. Eins og Gylfi Þ. Gíslason sagði: Þarfur þjónn en vondur herra.

Vandinn sem við Íslendingar glímum nú við er í senn heimsvandi og heimavandi. Við þurfum eins og aðrir að draga af hvoru tveggja lærdóma. Allir viðurkenna nú að kosningaloforð stjórnarflokkanna frá vorinu 2003 um allt í senn 90% húsnæðislán, stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar og skattalækkanir reyndust samfélaginu dýr í framkvæmd. Afleiðingin var mikil þensla, mesti viðskiptahalli sem sögur fara af og alltof hátt gengi krónunnar. Og nú er komið að skuldadögunum. Þá bregður svo við – eins og stundum vill gerast – að þeir sem harðast gengu fram í því að kveikja eldana standa nú álengdar og þykjast hvergi hafa nærri komið.

**Verjum heimilin**

Samfylkingin átti enga aðkomu að stjórn efnahagsmálanna á síðasta kjörtímabili. Hún hlóð hvorki bálköstinn né kveikti í. Hún hefur hins vegar ákveðið að axla ábyrgð á þeim erfiðleikum sem nú steðja að með það að markmiði að standa vörð um kjör almenns launafólks.

Allt frá því ný ríkisstjórn var mynduð hef ég ítrekað verið spurð að því hvert sé hennar mikilvægasta verkefni. Ég hef alltaf og undantekningalaust svarað efnahagsmálin, að ná hér jafnvægi og leggja nýjan grunn að velferð og framförum. Um þetta fjallaði Samfylkingin m.a. í sérstöku riti í aðdraganda kosninganna fyrir ári þar sem bent var á váboðana í efnahagsmálum en jafnframt þann ójöfnuð sem hér fékk að þrífast í skjóli þenslunnar.

Frá því ný ríkisstjórn tók við í maí á síðasta ári hefur hún gert verulegar endurbætur á velferðarkerfinu m.a. með viðamiklum réttarbótum fyrir aldraða, hækkun skattleysismarka sem og hækkun vaxta- og barnabóta. Um leið hefur hún búið í haginn í efnahagsmálum og fyrir framtíðina m.a. með því að koma á víðtæku samráði við aðila vinnumarkaðarins, hefja undirbúning rammafjárlaga til fjögurra ára og fjárfesta í rannsóknarsjóðum og grunngerð samfélagsins, með áherslu á samgöngubætur og bætt fjarskiptanet.

*Ríkisstjórnin, sveitarfélögin, seljendur vöru og þjónustu, Íslendingar allir, eiga einn góðan kost sem er að berjast gegn verðbólgunni og kveða hana hratt niður.*

**Tala þurfti máli Íslands**

Það er engin launung að íslenskir jafnaðarmenn vilja láta reyna á umsókn að Evrópusambandinu og telja að íslenskt launafólk greiði það alltof dýru verði að halda uppi sjálfstæðri örmynt sem skoppar eins og korktappi í ólgusjó alþjóðlegra fjármagnshreyfinga. Fjármagnseigendur geta hugsanlega varið sig en ekki almenningur. Um þessa sýn okkar jafnaðarmanna eru deildar meiningar í röðum annarra stjórnmálaflokka en kannanir benda til þess að almenningur styðji okkar stefnu í vaxandi mæli.

Hver sem niðurstaða þessarar umræðu kann að verða þá breytir það ekki þeirri staðreynd að íslenska krónan er og verður okkar gjaldmiðill enn um hríð. Meðan svo er verðum við að standa vörð um hana.



Við Íslendingar sáum ekki fyrir að erlendir kaupahéðnar, sem skeyta hvorki um heiður né sóma, myndu nú á þessu vori sverfa svo skart að gjaldmiðlinum, hagkerfinu og bönkunum að það skapaði hættu fyrir afkomu fjölskyldna og fyrirtækja í landinu. Slíkar atlögur munu endurtaka sig ef við gefum á okkur færi. Þess vegna kom aldrei annað til greina en að ríkisstjórnin stæði þétt með bönkunum á alþjóðavettvangi og talaði ákveðið máli Íslands. Og þess vegna kemur ekki annað til greina en að treysta stoðir fjármálakerfisins til framtíðar. Ekki vegna þess að það þurfi að verja eigendur bankanna – eins og sumir vilja vera láta – heldur vegna hins að ef leiðir bankanna að lánsfé lokast þá eru þeir heldur ekki í stakk búnir til að veita einstaklingum og fyrirtækjum þá lánafyrirgreiðslu sem öllu máli skiptir fyrir vöxt og viðgang samfélagsins.

**Einn góður kostur**

Á þessu vori brýnir maísólin okkur öll til einingar á erfiðum tímum. Samhent sókn gegn verðbólgu er brýnasta verkefni okkar allra. Enginn græðir á verðbólgu, hér eru allir með í tapinu og þurfa allir að leggja sitt af mörkum ef sigur á að nást.

Með samstilltu átaki undir forystu Alþýðusambands Íslands tókst að berja verðbólguna niður árið 2001. Nú þurfum við að gera slíkt hið sama. Ríkisstjórnin, sveitarfélögin, seljendur vöru og þjónustu, Íslendingar allir, eiga einn góðan kost sem er að berjast gegn verðbólgunni og kveða hana hratt niður. Það er samstaða sem skilar sterkara samfélagi.

Samfylkingin – jafnaðarflokkur Íslands sendir samstöðukveðju til verkalýðshreyfingarinnar sem á samkomum um land allt horfir í dag til framtíðar en minnist um leið upprunans og þeirra sem ruddu brautina. Verkalýðshreyfingin hefur skilað samfélaginu ómældum ávinningi á fyrri árum með því að veita mikilvæga forystu við aðstæður eins og nú eru uppi.

Nú er slík forysta mikils metin og ríkisstjórnin er reiðubúin til samstarfs. Við höfum sögulega kjarasamninga að verja sem byggðu á jöfnuði og réttlæti. Þær hugsjónir verða áfram leiðarljós okkar jafnaðarmanna í þeim ögrandi verkefnum sem framundan eru.

*Höfundur er formaður Samfylkingarinnar.*





Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda. Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.

AUSTURLAND TÆKIFÆRANNA

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 42094 04.2008




Fáðu Sælureitinn sendan heim. Sjá www.husa.is

Lestu allt um sumarblómin bls. 122- 125

Lestu allt um trjáklippingar bls. 140-146




Þú getur fundið verð á vörum sælureitsins á www.husa.is

# STRÍÐ GEGN MOSA

## opið í dag í Húsasmiðjunni og Blómavali Skútvogi




Grasfræ 1kg **999** ~~1.699~~
10203052




Grasáburður 5kg **879** ~~1.190~~
5087660




Garðakalk 12,5kg **990** ~~1.549~~
10220784




Úrvals gróðurmold 10ltr **249** ~~399~~
10333655

## Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa.

**Notum mosaeyði eða:**

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.



Mosaeyðir **2.290** ~~2.990~~
10205047

Sýpris **799**





ÍS á 10kr í Skútuvogi

Í garðinum verður boðið upp á pylsur

Milli kl. 12:00 og 14:00



# GAS! GAS!




**15%**
afsláttur
**Af öllum gasgrillum**

**Aðeins í dag!**

**Gildir aðeins í Skútuvogi**

**opið**
til kl. 21:00

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

**KÍNVERSKI KVIKMYNDALEIKSTJÓRINN JOHN WOO ER 62 ÁRA Í DAG**

*„Myndirnar mínar eru alltaf tengdar fjölskyldu, vináttu, heiðri og föðurlandsást.“*

***John Woo var alinn upp í stórborginni Hong Kong og draumur hans var alltaf að verða kvikmyndagerðarmaður. John Woo hefur leikstýrt fjölda mynda sem slegið hafa í gegn um allan heim. Þektustu myndirnar hans eru Broken Arrow, Face off og Mission Impossible 2.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 1.MAÍ 2003**

## *Verkefninu lokið samkvæmt Bush*

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, stóð í púlti í beinni útsendingu og tjáði heiminum það að áætlanir hersins í Írak hefðu tekist og að verkefninu væri lokið.

Þessi orð mælti George um borð í bandaríska flugmóðurskipinu Abraham Lincoln sem var þétt skipað hermönnum sem fögnuðu orðum forsetans mikið. George Bush tók það fram seinna í ræðu sinni að nú tækju við friðartímar og uppbygging í Írak og sú uppbygging yrði erfið. Einnig tók hann fram að stríðinu í Írak væri lokið en stríðið gegn hryðjuverkum væri enn í fullum gangi og tæki tími að leysa.

En eins og heimurinn veit þá er stríðinu í Írak langt frá því að vera lokið þrátt fyrir að Saddam Hussein sé komin yfir móðuna miklu og her Íraks berjist ekki móti þeim bandaríska. Upp hafa sprottið skæruliðahreyfingar sem berjast af fullum krafti gegn her Bandaríkjanna.



Á hverjum degi falla tugir manna í átökum um allt Írak.

**MERKISATBURÐIR**

- **1615** Áttatíu farast af þrettán skipum á Breiðafirði í aftakaveðri.
- **1783** Nýey myndast í neðansjávareldgosi suðvestur af Reykjanesi. Ári síðar er hún horfin.
- **1923** Fyrsta kröfugangan 1. maí á Íslandi gengin.
- **1935** Einkasala ríkisins á bílum tekur til starfa.
- **1937** Maístjarnan, kvæði Halldórs Laxness, birtist í fyrsta skipti.
- **1970** Upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar má rekja til þátttöku hennar í kröfugöngu verkalýðsins þetta ár.
- **1985** Minnst er hundrað ára afmælis Jónasar Jónssonar frá Hriflu og afhjúpuð er brjóstmynd af honum.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorkell Páll Pálsson**

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Þórhildur Lilja Þorkelsdóttir | |
| Jón Gunnar Þorkelsson | Sigrún Haraldsdóttir |
| Herdís Þorkelsdóttir | Einar Einarsson |
| Ágústa Þorkelsdóttir | Ólafur H. Óskarsson |
| Páll Vikar Þorkelsson | |
| Lilja Þorkelsdóttir | Garpur Dagsson |

og afabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Sölvason**

Þórðarsveig 1, 113 Reykjavík,

lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi 26. apríl sl. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Edda Hrönn Hannesdóttir | |
| María Garðarsdóttir | Theodór S. Friðgeirsson |
| Elín Inga Garðarsdóttir | Brynjar H. Jóhannesson |
| Ríkey Garðarsdóttir | Margrét Sigurðardóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Inga Björnsdóttir**

læknir, Goðabyggð 11, Akureyri,

sem andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 23. apríl, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. maí kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| Björn Sverrisson | Aðalbjörg Sigmarsdóttir |
| Ármann Sverrisson | Kristín Sigurðardóttir |
| Sólveig H. Sverrisdóttir | Gunnar Eiríksson |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Sigmar Guðmundsson**

frá Sæfelli, Eyrarbakka,

verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 3. maí kl. 14.00.
Þeir sem vilja minnast hans er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

| | |
|---|---|
| Böðvar Ingvars Halldórsson | Halla Emilía Jónsdóttir |
| Ásta Halldórsdóttir | Jón Sighvatsson |
| Ólafía Anna Halldórsdóttir | Vigfús Guðmundsson |
| Ingveldur Dagmar Halldórsdóttir | Guðmundur Stefánsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



**TÓNLIST** Ívar Baldvin Júlíusson, formaður Lúðrasveitar verkalýðsins, hvetur menn til að mæta í kröfugöngu í dag og hlýða á sveitina spilar nokkur vel valin lög. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS:** FAGNAR FIMMTÍU OG FIMM ÁRA AFMÆLI

# Blásið í lúðra fyrir alþýðuna

Lúðrasveit verkalýðsins er virk blásarasveit á höfuðborgarsvæðinu. Hún var stofnuð árið 1953 með það að markmiði að efla tónmennt verkalýðsins, leika á útifundum, spila í kröfugöngum og öðrum samkomum sem skipulagðar voru af alþýðunni og til gamans má nefna að aldrei hafa verið greidd félagsgjöld og er frítt á alla tónleika sveitarinnar. Sveitin fagnar 55 ára afmæli á þessu ári.

„Lúðrasveit verkalýðsins var undir stjórn Haralds Guðmundssonar í fyrstu og voru fyrstu tónleikarnir í maí árið 1953. Æfingahúsnæði sveitarinnar var upphaflega skúr við húsið á Tjarnargötu 20. Árið 1962 flutti sveitin sig um set í MÍR-salinn að Þingholtsstræti. Þaðan fór sveitin að Vesturgötu 3. Tveimur árum seinna var flutt í Skipholtið en síðar festi lúðrasveitin kaup á efstu hæðinni í Skúlatúni 6 og er þar í dag,“ segir Ívar Baldvin Júlíusson, formaður Lúðrasveitar verkalýðsins, sem annast daglegan rekstur sveitarinnar, meðal annars með því að skipuleggja tónleikahald, ásamt því að spila á klarínett með henni. En við það má bæta að verkalýðsfélögin hafa stutt við bakið á starfsemi sveitarinnar og sömuleiðis Reykjavíkurborg sem veitti sveitinni fyrst starfsstyrk árið 1960.

Saga og uppruni Lúðrasveitar verkalýðsins er leiðarljósið í öllum þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur, en starf hennar er mjög fjölbreytt. Sveitin stendur fyrir tónleikum tvisvar á ári og jafnvel oftar og spilar við ýmsar opinberar athafnir 1. maí og 17. júní. Hún hefur einnig spilað fyrir einkaaðila og fyrirtæki við góðan orðstír.

„Nú eru á milli fjörutíu og fimmtíu manns sem spila með lúðrasveitinni og hefur fjölgað mikið að undanförnu,“ segir Ívar. „Lúðrasveitin á í samstarfi við hljómsveitina 200.000 naglbíta og við útsettum í sameiningu tíu lög eftir hana. Verið er að leggja lokahönd á upptökurnar og gefinn verður út diskur á seinni hluta þessa árs. Svo verða haldnir tónleikar, meðal annars á Akureyri og í Reykjavík, en þetta samstarf hefur verið skemmtilegt og lofar góðu.

Annars mun Lúðrasveit verkalýðsins spila í kröfugöngunni í dag, sem fer frá Hlemmi niður á Ingólfstorg og hefst klukkan 13.30. Við stefnum síðan á landsmót lúðrasveita í Þorlákshöfn í september,“ segir Ívar, sem hvetur alla til að mæta í kröfugönguna og hlýða á sveitina spila nokkur vel valin lög.

**mikael@frettabladid.is**

## Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitar eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sígarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is





# Spennandi tímar

Sigrún Hlín Sigurðardóttir tekur í dag við starfi forstöðumanns markaðssviðs Ferðamálastofu. Hún hefur starfað hjá fyrirtækinu í rúm 14 ár, þar af stýrt markaðsmálum fyrir Bretland síðastliðin sex ár. Sigrún Hlín tekur við af Ársæli Harðarsyni sem horfið hefur til annarra starfa.

Sigrún Hlín telur spennandi tíma fram undan að því er fram kemur á síðu Ferðamálastofu og ótal tækifæri til áframhaldandi sóknar. „Vonandi mun ég þar geta lagt mitt af mörkum,“ er þar haft eftir henni.

- gun



**FERÐAVERÐLAUN BMI PUBLICATIONS** Sigrún Hlín veitti verðlaununum viðtöku á ferðasýningunni World Travel Market sl. haust.

# Fengu fyrstu verðlaun

Sjötta árs nemar í Tannlæknadeild Háskóla Íslands fóru með sigur af hólmi í rannsóknarkeppni tannlæknanema í Norður-Evrópu nýlega. Þeir tóku við fyrstu verðlaununum í Tívolí við hátíðlega athöfn. Sautján verkefnum var teflt fram í keppninni en rannsóknarniðurstöður Íslendinganna slógu í gegn. Þær sýndu ótvírætt að sítrónusýra og fosfórsýra sem notaðar eru sem rotvarnarefni í íslenska drykki valda óbætanlegum skemmdum á glerungi tanna. Nemarnir kortlögðu drykkina og skoðuðu hverjir þeirra væru mest glerungseyðandi. Þeir komust meðal annars að því að sítrónusýran, sem er þar á meðal notuð í heilsudrykki ýmiss konar, er mikill skaðvaldur.



**KÁTIR ÚTSKRIFTARNEMAR ÚR TANNLÆKNADEILD HÍ.** Birgir Björnsson, Sólveig Anna Þorvaldsdóttir, Heiðdís Halldórsdóttir, Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, Ása Margrét Eiríksdóttir og Jón Hafliði Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VERÐLAUNAAFHENDING** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra veitti Vilborgu Einarsdóttur, framkvæmdastjóra og stofnanda Mentors, Vaxtarsprotann í Grasagarðinum í Laugardal.

# Verðlaun til Mentor

Fyrirtækið Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2008 fyrir öfluga uppbyggingu en það jók veltu sína milli áranna 2006 og 2007 um 48,6 prósent.

Vaxtarsprotinn er farandgripur úr áli og honum fylgir skjöldur úr sama efni til eignar. Hann er veittur á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í Reykjavík og var það gert nú í annað sinn. Tilgangur með veitingunni er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti.

Mentor er 20 manna fyrirtæki sem stofnað var árið 1990. Það er upplýsingakerfi fyrir skóla sem þróað hefur verið á Íslandi en starfar líka í Svíþjóð og Danmörku og auðveldar daglega vinnu kennara og skólastjórnenda við skráningu í hópa og ástundun, vinnslu stundataflna og einkunna og skipulagningu á einstaklingsmiðuðu námi. Einnig eykur það möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og þátttöku þeirra í skólastarfinu. Vefang þess er www.mentor.is

## AFMÆLI



**WES ANDERSON LEIKSTJÓRI ER 39 ÁRA Í DAG.**



**SIGURÐUR HELGASON KAUPSÝSLUMAÐUR ER 62 ÁRA Í DAG.**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR ER 57 ÁRA Í DAG.**



**UNNUR ÓLAFSDÓTTIR VEÐURFRÆÐINGUR ER 56 ÁRA Í DAG.**

---



*Elskuleg frænka okkar,*

**Kristbjörg P. Steinþórsdóttir**
Hólabraut 15, Akureyri,

lést á heimili sínu 24. apríl.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Jakob Tryggvason**
**Guðrún Andrésdóttir.**

---



*Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og fyrrv. eiginkona,*

**Ragna Vilhelmsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi hinn 28. apríl sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Daníel M. Knipe** **Veróníka Björk Gunnarsdóttir**
**Kristján Þór Ólafsson**
**Vilhelm Þór Júlíusson**
**Guðbjörg Benjamínsdóttir** **Einar Þorvarðarson**
**Benjamín Vilhelmsson**
**Agnes Vilhelmsdóttir**
**Kolbrún Vilhelmsdóttir**
**Martyn Knipe**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Okkar ástkæri*

**Jósef Halldórsson**
byggingarmeistari, Dvalarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

andaðist mánudaginn 28. apríl 2008. Jarðarförin auglýst síðar.

**Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Föðurbróðir minn,*

**Sigurþór Jónasson**
frá Efri-Kvíhólma,

andaðist á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, hinn 27. apríl sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðfinna Sveinsdóttir.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Ólafsdóttir**
frá Stóru-Mörk,

síðast til heimilis að Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, lést hinn 28. apríl síðastliðinn. Jarðsett verður í Stóra-Dalskirkju laugardaginn 3. maí kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og frænka,*

**Vilborg Ósk Ársælsdóttir**
hárgreiðslumeistari,
Vesturhólum 21, Reykjavík,

lést á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 29. apríl.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Finnbogi G. Kristinsson**
**Kristinn Finnbogason**
**Pálína K. Pálsdóttir**
**Guðrún H. Ársælsdóttir**
**Páll H. Ársælsson**
**Sigurður Ársælsson** **Anna Dóra Guðmundsdóttir**
**og frændsystkini.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Björg Hjálmarsdóttir**
frá Steinhólum við Kleppsveg,
Leynisbraut 18, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness hinn 19. apríl.
Útförin fer fram frá ríkissal Votta Jehóva að Hraunbæ 113, Reykjavík, laugardaginn 3. maí kl. 14.00.

**Garðar Óskarsson**
**Bergþór N. Bergþórsson** **Arndís Edda Jónsson**
**Erling Bergþórsson** **Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Þorsteinsson** **Þórdís Björk Sigurgestsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, dóttir okkar, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Nanna Hjaltadóttir**
Leikskálum, Dalabyggð,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi föstudaginn 25. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Stóra-Vatnshornskirkju í Haukadal, Dalabyggð, laugardaginn 3. maí 2008 kl. 13.00.

**Ólafur S. Guðjónsson**
**Inga A. Guðbrandsdóttir** **Hjalti Þórðarson**
**Kristín G. Ólafsdóttir**
**Viðar Þór Ólafsson** **Fanney Þóra Gísladóttir**
**Sædís Birna Sæmundsdóttir** **Sigurvin Þórður Viðarsson**
**Gróa Margrét Viðarsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**
**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

# 1. maí



**Munið árlegt 1. maí kaffi Rafiðnaðarsambandsins og MATVÍS að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin, að lokinni kröfugöngu og útifundi.**

MATVÍS


# STUÐ MILLI STRÍÐA Að ætla eða vera

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ÆTLAR EKKI AÐ GERA NOKKURN SKAPAÐAN HLUT Í SUMAR



Í dag er 1. maí. Svona ef það hefði farið fram hjá einhverjum. Það fór fram hjá mér að maí stefndi hraðbyri í átt til okkar. Það þrátt fyrir að leikskólabarnið sem ég bý með hafi kyrjað Maístjörnuna fullum hálsi síðustu daga. Ég var ekki að kveikja og fékk fyrir vikið dálítið áfall þegar ég áttaði mig á þessu ástandi. Mín viðbrögð voru að hrökkva í gír og reyna að fara að plana komandi sumar eftir bestu getu, gera lista yfir allt sem ég ætla mér að gera (fara í fjallgöngu) og ekki gera (fara til Kanarí), þegar ég mundi allt í einu eftir loforði sem ég hafði gefið sjálfri mér og var í þann veginn að svíkja.

Eitt stykki gull af manni sagði mér nefnilega um daginn frá rannsókn sem hann hafði nýlega komist á snoðir um. Niðurstöður hennar sýndu að meðalmanneskja ver um sextíu prósentum af tíma sínum í að hugsa um framtíðina á einn eða annan hátt. Það nær ekki bara yfir almennar áætlanagerðir, eins og hvað maður ætli að verða, hvar maður vilji búa og þar fram eftir götunum. Í því felst líka allur sá tími sem fólk ver í að ímynda sér hvernig hlutirnir verði, eitthvað á þessum nótum: Ég ætla út að borða í kvöld. Ég ætla að fara í gula pilsið mitt, svo ætla ég að hringja á leigubíl, svo kem ég inn á staðinn, ég verð örugglega fyrst svo ég ætla bara að fá mér mojito, svo kemur félagsskapurinn og ég ætla að panta mér kjúkling. Þegar á hólminn er komið gerist þetta: þú ferð í rauða kjólinn af því að gula pilsið var skítugt, færð far með Gullu frænku, ert ekki fyrst á staðinn og færð þér lax eftir smá umhugsun. Áætlanirnar sem maður gerir í huga sér standast nefnilega ekki nærri því alltaf.

Það hræðir mig að svo miklum tíma sé eytt í að áforma eitthvað sem aldrei verður. Tímanum hlýtur að vera betur varið í annað. Gullmaðurinn kveðst vera hættur að hugsa svona mikið fram í tímann eftir að hafa lesið um ofannefnda rannsókn. Ég feta hér með í fótspor hans. Sáuð þið þetta? Nútíð. Ekkert „ætla“.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Rhodos

7. eða 14. júní

frá kr. 49.990



**Ótrúlegt sértilboð**
**Kassandra íbúðahótelið**

*** Örfáar íbúðir - síðustu sætin ***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Rhodos í júní. Bjóðum nokkrar íbúðir á Kassandra íbúðahótelinu á frábæru verði. Skelltu þér til Rhodos og búðu á fjölskylduvænu íbúðahóteli skammt frá lalyssos ströndinni. Kassandra býður góða aðstöðu á meðan á dvölinni stendur. Íbúðir með 1 eða 2 svefnherbergjum í boði.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Kassandra í viku , 14. júní. Brottför 7. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Kassandra í viku, 14. júní. Brottför 7. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Akureyri, Egilsstaðir, Selfoss, Hveragerði, Reykjavík, Akranes, Hafnarfjörður, Njarðvík, Sandgerði, Kópavogur, Neskaupstaður, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Súðavík, Ísafjörður, Vík í Mýrdal og Hreðavatnsskáli **eiga fleira sameiginlegt** en **fallega náttúru** og **fagurt mannlíf.**

# Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**




**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK













# Daglegt starf myndlistarmanna til sýnis

**Sjónlistadagurinn er runninn upp, annað árið í röð. Á degi þessum opna fjölmargir íslenskir myndlistarmenn vinnustofur sínar fyrir almenningi og bjóða þannig upp á sjaldfengna sýn inn í daglegt starf sitt.**

Samband íslenskra myndlistarmanna stendur að Sjónlistardeginum, en segja má að tilgangur þeirra sé tvíþættur. Annars vegar vekur dagurinn athygli á því mikla starfi sem unnið er á vinnustofum listamanna víðs vegar um landið og hins vegar auðveldar hann aðgengi almennings að vinnustofunum. „Það eru margir sem hafa áhuga á að heimsækja vinnustofur myndlistarmanna og kynnast betur því starfi sem þar fer fram, en kunna ekki við að knýja dyra. Með því að bjóða fólki inn að fyrra bragði náum við vonandi að svala forvitni einhverra,“ útskýrir Áslaug Thorlacius, sem er í forsvari fyrir skipuleggjendur Sjónlistadagsins.

Hátíðin fór fram í fyrsta skipti fyrir ári og var þá samtvinnuð opnun Sjónlistamiðstöðvarinnar á Korpúlfsstöðum. Áslaug segir almenning hafa tekið deginum afar vel í fyrra og margir hafi nýtt sér heimboðin á vinnustofurnar. „Ég held að fólki þyki almennt frekar spennandi að kynnast því hvernig myndlistarmenn vinna, enda eru margir sem sjá þetta starf fyrir sér sem hálfgerða draumavinnu. Starf myndlistarmannsins er þó heilmikil vinna og ekki síður stressandi og lýjandi en önnur störf, þó svo að vinnuskipanin sé að mörgu leyti óhefðbundin. Það hafa sumir hnýtt í okkur fyrir að halda þessa dagskrá á frídegi verkalýðsins, en okkur þykir einmitt viðeigandi að nota þann góða dag til þess að vekja athygli á okkar starfi.“



**FLÓÐ Á KORPÚLFSSTÖÐUM** Sýningin Flóð er hluti af hátíðarhöldum í tilefni af Sjónlistadeginum.

Á Korpúlfsstöðum verður heilmikil dagskrá í tilefni dagsins. Þar sýna myndlistarmenn í kjallaranum sýninguna Flóð, en eins og flestir muna eftir flæddi inn á vinnustofur listamanna í byrjun árs með talsverðum afleiðingum. Vinnustofur á Korpúlfsstöðum verða að sjálfsögðu opnar og tónlistarmenn úr hljómsveitinni Hjaltalín, þau Sigríður Thorlacius söngkona, Guðmundur Óskar Guðmundsson bassaleikari og Hjörtur Ingvi Jóhannsson píanóleikari, munu flytja tónlistaratriði í stóra salnum. Dagskráin hefst kl. 13 og stendur til kl. 17.

Auk hátíðarinnar á Korpúlfstöðum mun fjöldi listamanna um land allt opna vinnustofur sínar. Áhugasömum er bent á að heimsækja heimasíðu Sambands íslenskra myndlistarmanna, www.sim.is, til þess að kynna sér dagskrá Sjónlistadagsins í heild.

vigdis@frettabladid.is

# Ástin vinnur þrautir allar

Söngleikurinn Ástin er diskó, lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason verður frumsýndur á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld í leikstjórn Gunnars Helgasonar. Verkið er ástarsaga umvafin tíðaranda áttunda og níunda áratugar síðustu aldar, en þá áttu sér stað talsverð átök í dægurmenningu Vesturlanda þegar pönkarar og diskóboltar börðust um yfirráð almenningsvitundarinnar. Í söngleiknum fá gamlar og nýjar diskó- og pönkperlur að hljóma í frábærum flutningi okkar bestu listamanna. Skyldi engan undra að tímabilið í kringum 1980 hafi orðið leikskáldinu Hallgrími að yrkisefni, enda var það um margt merkilegt í tónlistarsögu okkar, diskóæðið var í algleymingi og hérlend dægurlagatónlist litaðist af henni á sama tíma og pönkið gerði strandhögg og hleypti öllu í bál og brand. Undir kæruleysislegu yfirborði dægurmenningarinnar mátti þó greina þjóðfélagsátök þar sem tekist var á um þýðingarmeiri hluti en öryggisnælur og axlapúða.




**ÓLÍKIR ÞJÓÐFLOKKAR** Ljósmynd frá æfingu á söngleiknum Ástin er diskó, lífið er pönk.

Söguþráður verksins er á þá leið að diskódrottningin Rósa, nýkrýnd Ungfrú Hollywood, hittir fyrir pönknaglann Nonna niðri á Hallærisplani. Nonni og Rósa virðast við fyrstu sýn eiga fátt sameiginlegt, en eitthvert einkennilegt aðdráttarafl dregur þau hvort að öðru. Munu heildsaladóttirin fótafima og hinn hugumstóri forsöngvari Neysluboltanna ná að sætta sín ólíku sjónarmið?

En að sögupersónum ólöstuðum er eitt stærsta aðdráttarafl söngleiksins óumdeilanlega tónlistin. Meðal slagara í söngleiknum má nefna kaldastríðsóðinn „Hiroshima“ eftir Bubba Morthens, diskósmellinn „Dagar, nætur“ eftir Jóhann G. Jóhannsson og hið sívinsæla „Fjólublátt ljós við barinn“ eftir Gunnar Þórðarson og Þorstein Eggertsson.

Tónlistarstjóri sýningarinnar, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, hefur sjálfur samið sjö ný lög fyrir sýninguna og auk þess státar hún af tveimur splunkunýjum pönklögum sem báru sigur úr býtum í pönklagasamkeppni Þjóðleikhússins og Rásar 2 í vetur.

- vþ

# Sællegir tónar á Sauðárkróki

Þær Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari koma fram á tónleikum í Sauðárkrókskirkju í kvöld kl. 20.30. Tónleikarnir eru liður í Sæluviku Skagfirðinga og ber efnisskráin þar af leiðandi sælukeim. Þær stöllur munu meðal annars leika túlkun Louis Spohr á stefjum úr Töfraflautu Mozarts, þekkt frönsk lög og lag eftir Tsjaíkovskí. Að auki verða flutt nokkur íslensk sönglög í útsetningum fyrir fiðlu og hörpu og botni verður svo slegið í þessa glaðlegu efnisskrá með nokkrum sígaunalögum.

Laufey og Elísabet hafa starfað saman að tónlistarflutningi um langa hríð og komið fram á tónleikum bæði í Hollandi og á Íslandi. Samstarf þeirra hefur verið gjöfult, enda hafa íslensk tónskáld samið verk sérstaklega fyrir þær og í sumar munu þær leika á tíunda Alheimsþingi hörpuleikara sem haldið verður í Amsterdam. Geisladiskur með flutningi þeirra á ýmsum verkum, bæði nýjum íslenskum og eldri erlendum, er væntanlegur innan skamms.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 500 kr., en eldri borgarar og ungmenni undir átján ára aldri fá þó frítt inn.



**LAUFEY SIGURÐARDÓTTIR OG ELÍSABET WAAGE** Koma fram í Sauðárkrókskirkju í kvöld.

- vþ


GOTT Á HAUS
NOTUM HJÁLM
Reykjavíkurborg
UMFERÐARSTOFA
EIMSKIP

# bíó

bio@frettabladid.is

### > KARLKYNS BRÚÐARMÆR

Stjarna sjónvarpsþáttanna Grey's Anatomy, Patrick Dempsey, fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Made of Honor. Dempsey leikur þar hinn lánlausa piparsvein sem kemst að því að ástin í lífi hans ætlar að kvænast Skota. Hann reynir því af öllum mætti að koma í veg fyrir það.



## *Dugguholufólkinu boðið á tuttugu hátíðir*

„Ég reyni að fara á mikilvægar hátíðir en ekki allar enda væri það kannski aðeins of mikið af ferðalögum," segir Ari Kristinsson, leikstjóri Duggholufólksins. Barnamyndin hefur rakað til sín verðlaunum á kvikmyndahátíðum og hlaut meðal annars aðalverðlaunin á norsku barnamyndahátíðinni í Kristianssand. Þar var það CIFEJ-dómnefndin sem valdi íslensku barnamyndina úr hópi sextíu kvikmynda. CIFEJ eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1955 og hafa það að markmiði sínu að koma á framfæri myndum fyrir börn og unglinga.

Ari segir þessi verðlaun vera ákaflega mikilvæg, þau auðveldi alla sölumöguleika og opni dyr fyrir nýjum möguleikum. Ari er nú á leiðinni til Cannes þar sem hann hyggst kynna myndina fyrir áhugasömum kaupendum.

„Við höfum fengið boð á yfir tuttugu kvikmyndahátíðir og þetta hefur því gengið mjög vel," segir Ari.

Og leikstjórinn ætlar einnig að nýta sér meðbyrinn sem Duggholufólkið hefur nú. Síðast liðu tíu ár á milli mynda en Ari er þegar farinn að leggja drög að næstu mynd en vill þó ekki gefa neitt upp að svo stöddu. „Ég er svo hjátrúarfullur að ég vil það helst ekki. En ég get þó staðfest að ég ætla að fara strax af stað með næstu mynd á næsta ári."



**VELGENGNI** Dugguholufólk Ara Kristinssonar hefur farið sigurför á barnamyndahátíðum í Noregi og Kanada.

- fgg

## Gibson loks í nýrri mynd



Leikarinn Mel Gibson ætlar að fara með aðalhlutverkið í sinni fyrstu kvikmynd síðan 2002. Myndin nefnist Edge of Darkness og er byggð á breskri sjónvarpsþáttaröð frá árinu 1985.

Gibson lék síðast í myndunum Signs og We Were Soldiers. Árið 2004 leikstýrði hann síðan hinni umdeildu The Passion of the Christ og tveimur árum síðar Apocalypto. Síðarnefnda myndin kom út skömmu eftir að Gibson var handtekinn fyrir ölvunarakstur og við það tækifæri hrópaði hann ókvæðisorðum að lögreglunni. Baðst hann afsökunar á hegðun sinni og fór í áfengismeðferð. Síðan þá hefur Gibson haft sig lítið í frammi þar til nú.

**MEL GIBSON** Gibson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Edge of Darkness.

OPIÐ
í dag
kl. 11-17
velkomin
KOLAPORTIÐ



**FER Á KOSTUM** Robert Downey Jr. þykir stórskemmtilegur í hlutverki vísindamannsins Tonys Sparks enda hæg heimatökin; Sparks er bæði drykkfelldur og kvensamur.

# Upprisa Roberts Downey

**Robert Downey Jr. virðist loksins vera búinn að finna sig á nýjan leik eftir erfið og mögur ár í klóm eiturlyfjanna. Nýjasta kvikmynd hans, Iron Man, hefur fengið frábæra dóma.**

Glöggir lesendur Fréttablaðsins tóku eftir því að kvikmyndagagnrýnandi blaðsins, Vignir Jón Vignisson, gaf Iron Man fjórar stjörnur af fimm í gær og lét þess getið að Robert Downey væri frábær í hlutverki vísindamannsins Tonys Sparks. Aðdáendur leikarans hafa beðið lengi eftir því að hann fengi úr einhverju alvöru hlutverki að moða og nú virðist sem þessi gamla ´80 hetja hafi loks fengið uppreisn æru.

### Leiklistin í genunum

Einhvern veginn lá það alltaf fyrir að Downey legði leiklistina fyrir sig. Faðir hans og alnafni var leikstjóri, handritshöfundur og kvikmyndatökumaður sem fékkst aðallega við sjálfstæða kvikmyndagerð með góðum árangri. Móðir Downeys, Elsie, var efnilegur dansari og söngkona og Downey því í blóð borið að reyna fyrir sér í skemmtanabransanum.

Níundi áratugurinn færði Downey gull og græna skóga og orðspor hans náði hæstu hæðum fyrir frammistöðuna í Less Than Zero. Ef marka má nýleg orð sem leikarinn lét falla virðist eiturlyfjafíknin þá hafa verið farin að gera vart við sig en Less than Zero varð þess valdandi að hann fór endanlega yfir strikið og neytti kókaíns eins og hverrar annarrar fæðu. En Hollywood er slétt sama þótt menn dópi og djúsi svo lengi sem það ratar ekki á forsíður dagblaðanna. Downey virtist hafa endalausa orku og fór á kostum sem Charlie Chaplin í hinni þó misjöfnu mynd um gamanleikarann goðsagnakennda. Tíundi áratugurinn virtist ætla að reynast Downey vel og kvikmyndir á borð við Only You, Natural Born Killers og Restoration hlutu allar náð fyrir augum gagnrýnenda og kvikmyndahúsagesta.



**KUNNUGLEG SJÓN** Robert Downey var oft á forsíðum slúðurblaðanna. Ekki var það þó fyrir leik heldur eiturlyfjaneyslu og aðra misjafna hegðun.

### Eiturlyfjafíknin rústar allt

En 1997 fór að halla undan fæti hjá Downey og eiturlyfjafíknin náði heljargreipum. Í ágúst það sama ár var leikarinn handtekinn fyrir að hafa misst af lyfjaprófi og þær voru ófáar „mugshots"-myndirnar sem birtust af honum í blöðum vestanhafs næstu árin. Kvikmyndaborgin lokaði dyrum sínum fyrir leikaranum sem fékk úr litlu að moða.

Downey ákvað því í upphafi þessarar aldar að fara í gegnum þekktar bakdyr að upprisu ferils og tók að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Ally McBeal. Frammistaða hans á skjánum þótti hífa þetta lögfræðidrama upp úr meðalmennskunni og Downey hlaut tilnefningu til Emmy-verðlauna. En leikarinn gat ekki hamið fíkn sína í eiturlyfin og undir lok þáttaraðarinnar var hann rekinn vegna kókaínneyslu. Dómari í Kaliforníu dæmdi hann til árs betrunarvistar auk þess sem hann hlaut þriggja ára skilorðsbundinn dóm.

Og það var ekki fyrr en 2005 að Downey sneri aftur fyrir alvöru á hvíta tjaldið með kvikmyndinni Gothika, arfaslakri hryllingsmynd með Halle Berry. Sagan segir hins vegar að framleiðandi myndarinnar, Joel Silver, hafi haldið aftur fjörutíu prósentum af launum hans sem tryggingu fyrir því að hann myndi ekki hrynja í það á nýjan leik. Aðrir framleiðendur hafa leikið sama leik að undanförnu en Downey kippir sér lítið upp við það. Árið 2005 reyndist Downey hins vegar happadrjúgt og kvikmyndatilboðin hafa eiginlega komið á færibandi síðan þá; Kiss, Kiss, Bang, Bang, Good Night and Good Luck og Zodiac.

Framhaldið gefur það til kynna að ekkert lát verði á nýlegri og allsgáðri velgengni Downeys. Næsta hlutverk hans í gamanmyndinni Tropic Thunder er þegar farið að vekja umtal enda Downey bæði svartur og nánast óþekkjanlegur. Sem er kannski lýsandi fyrir upprisu Roberts Downey.

- fgg



what happens in VEGAS
Heimsfrumsýnd 7. maí
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
BÍÓMIÐI
Cameron & Ashton
what happens in
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
SENDU SMS JA VBV
Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!
9
HVER VINNUR!
einkamal.is
Levi´s Stores
Kringlunni og Smáralind
betsson.com



**Nú er tími...**

*...bjartsýninnar kominn, og um að gera að leggja drög að lautarferðum sumarsins! Þeir sem ekki eiga tágakörfu á lager geta fjárfest í lautarferðartöskum og bakpokum, sem búnir eru öllu sem til þarf til góðra stunda úti við. Þá er ekkert eftir nema að smyrja nestið, kaupa vínið og finna flíspeysuna.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN SÖLVI TRYGGVASON SJÓNVARPSMAÐUR

# Blessunarlega laus við súrmatar-snobb



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég get alls ekki verið án kaffis, þá er ég alveg ómögulegur. Ég var líka mikill kókisti, en er reyndar laus undan því núna. Annars er það helst hafragrautur og bananar, það er morgunmaturinn.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég var í Japan fyrir stuttu og borðaði þar Kobe-nautakjöt. Það var á mjög skemmtilegum stað þar sem kokkurinn eldaði kjötið beint ofan í mann. Maður sat svona ofan í gryfju, og pannan var bara rétt innan við borðið. Þetta var mjög skemmtilegt, og maturinn alveg frábær.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Smokkfiskur, mér finnst hann mjög vondur. Svo er ég líka blessunarlega laus við að vera að snobba fyrir þorramatnum, mér finnst súrmatur vondur og er stoltur af því.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég veit ekki hvort ég get kallað það leyndarmál, en ég set yfirleitt hvítlauk og ólívuolíu í allt sem ég elda. Og kóríander. Það er heilög þrenning.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég borða nú yfirleitt súkkulaði eða nammi, en það lætur mér hins vegar yfirleitt líða verr. Ef ég er skynsamur finnst mér voða gott að borða góða súpu.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á oftast til egg og smjör. Og svo geymi ég hvítlaukinn í ísskápnum.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég myndi taka með mér lambalæri, eins mikið af því og ég gæti. Svo tæki ég vatn, og myndi bara tína kókoshnetur á eyjunni.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég borðaði wasabi-baunir úti í Japan núna um daginn. Þær voru skrítnar, en ágætar samt. Svo hef ég borðað froskalappir, sem mér fannst bæði skrítnar og vondar.

# Ávextir í eftirrétt

Með rísandi sól vilja margir létta það sem á borð er borið heima við og fiskur og salöt heilla marga. Hvað eftirrétti varðar er um að gera að prófa að sjóða ávexti heima við. Sömu reglur gilda um slíka suðu óháð því hvaða ávextir eða suðuvökvi verður fyrir valinu, Fjölmargar uppskriftir er að finna á internetinu, til dæmis á síðunni Epicurious.com.

Þegar ávextir á borð við perur og epli eru soðnir á þennan hátt þarf fyrst að afhýða þá og fjarlægja kjarnann, helst án þess að stilkurinn losni frá. Til eru sérstök áhöld til þeirra nota, en teskeið gæti einnig komið að góðu gagni. Sé notast við viðkvæmari ávexti, eins og ferskjur eða plómur, er hýðið ekki fjarlægt.

Setjið ávextina í suðuvökvann, sem getur verið vín, vatn, ávaxtasafi, eða einhver blanda þess, ásamt kryddi og sykri, í potti, og leggið matardisk ofan á til að halda ávöxtunum á kafi í vökvanum.

Sjóðið við vægan hita í um tíu mínútur, og notið hníf til að athuga hvort ávextirnir eru tilbúnir. Þeir mega ekki verða of mjúkir. Misjafnt er hvort ávextirnir eru þá fjarlægðir úr vökvanum og kældir, eða látnir kólna í vökvanum, áður en þeir eru bornir fram með einhverju girnilegu, ís, vanillusósu eða öðru.

Suðuvökvann má svo geyma, sjóða niður, og nota sem sósu með ávaxtakeim með kjöti eða öðru góðgæti.



**SOÐNAR PERUR** Það er ekki erfitt að sjóða ávexti heima við, en eldunaraðferðin býður upp á alls kyns útfærslur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Barþjónar keppa



**STÍFAR ÆFINGAR** Mikla þjálfun þarf til að ná langt í „flair". Fyrsta Íslandsmeistaramótið í „flair" verður haldið á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Íslandsmeistaramót barþjóna fer fram í Turninum á sunnudagskvöld, en þar verður í fyrsta skipti haldin svokölluð „flair"-keppni. „Við erum annars vegar með árlegt Íslandsmeistaramót, og sá sem vinnur þann titil fer á heimsmeistaramótið í Púertó Ríkó í haust. Nú verður hins vegar líka keppt í „flair", sem er svona flöskukast eins og í myndinni gömlu með Tom Cruise," útskýrir Margrét Gunnarsdóttir, forseti Barþjónaklúbbs Íslands. Hún segir nokkra íslenska barþjóna vera að æfa „flair"-taktana, en mikla æfingu þarf til að ná góðum árangri. „Danilo Oriba, sem er þrefaldur heimsmeistari, æfir sig í átta til tíu tíma á dag," bendir hún á.

Íslandsmeistaramótið hefst klukkan 18 í Turninum, en „flair"-keppnin klukkan 22.30. Kvöldverður með þriggja rétta matseðli hefst klukkan 20, og kostar 5.900 krónur á mann. Bóka þarf borð fyrir klukkan 16 í dag. Allir eru velkomnir á keppnina, en nánari upplýsingar má nálgast á bar.is.






# Spunaeldhús Bergþóru

**Bergþóra Guðnadóttir reynir að elda góðan mat á hverjum degi. Hún býður upp á nýstárlega útfærslu af fiski og kartöflum, svona á krepputímum.**



**MEÐ ELDAMENNSKU Í BLÓÐIN** Bergþóra Guðnadóttir er alin upp af gourmet-kokki, að hennar sögn. Hún býður upp á útfærslu af soðningu og kartöflum, í sumarlegum salatbúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bergþóra Guðnadóttir hönnuður segir allan gang á því hversu miklum tíma hún verji í eldhúsinu. „Ég er alin upp af mömmu sem var mikill gourmet-kokkur, en það er samt ekki endilega þannig að ég eldi alltaf lúxusmat. Við reynum frekar að gera góðan mat á hverjum degi. Stundum get ég verið allan daginn að stússast eitthvað í eldhúsinu, en þetta salat tekur til dæmis skamman tíma," segir Bergþóra.

Hún og eiginmaður hennar, Jóel Pálsson, eru fólkið á bak við fatamerkið Farmers Market og Bergþóra segir hönnuðinn í henni einnig koma fram í eldhúsinu. „Mér finnst svo gaman að setja saman liti og bragð. Eldamennskan er oft svona spuni hjá mér," segir Bergþóra, sem kveðst léleg í að fylgja uppskriftum. „Ég á samt fullt af matreiðslubókum og finnst mjög gaman að lesa þær til að fá hugmyndir," segir hún.

Farmers Market hefur gengið vel á síðustu árum, og er nú komið í sókn á erlendri grund. „Við tókum þátt í útvistarvörusýningu í München í febrúar, og sýndum svo á tískuvikunni í Kaupmannahöfn. Okkur finnst mjög gaman að við pössum inn á báða markaðina, það var svona það sem við lögðum upp með," útskýrir Bergþóra, en vörur frá Farmers Market fást nú á svo ólíkum stöðum semJapan, New York og Nuuk.

## FISKISALAT MEÐ RÓSMARÍNBRAUÐI

**Fiskisalat:**
½ kg soðnar og flysjaðar kartöflur, í bitum
1 msk. smjör
2 msk. olía
600g fiskur
150 g humar
Blandað salat
Rucola salat
Paprika
Rauðlaukur
Ferskt basil
Ólívur, svartar og grænar
Sólþurrkaðir tómatar
Kapers
Kirsuberjatómatar
Gúrka
Avókadó
Furuhnetur og sólblómafræ

**Dressing:**
1 msk. Dijon sinnep
½ dl hvítvínsedik
1 tsk. maldon-salt
mulinn svartur pipar
1 dl ólívuolía
Smá chili-olía

**Brauð:**
3 dl hveiti
3 dl hvítt spelt
½ pk. þurrger
1 tsk. hrásykur
2-2,5 dl volgt vatn
Rósmarín
Maldon-salt
Parmesanostur

**Dressing:**
Allt nema olíur þeytt saman þar til freyðir ofurlítið, þá er ólívuolíu og chili-olíu hrært út í.

**Salat:**
Smjör og olía hituð á pönnu, humar steiktur í augnablik, kryddaður með svörtum pipar. Vatn hitað að suðu í djúpri pönnu með loki. Fiskbitar, til dæmis sjófryst ýsa, settir út í og suðan látin koma upp. Fjarlægið af hellu og látið fiskinn standa í um 2 mín., eða þar til hann er rétt soðinn í gegn.

Skerið kartöflur, papriku, gúrku og avókadó í bita. Skerið rauðlauk og sólþurrkaða tómata í ræmur. Blandið vel saman fiski, kartöflum, ólívum, sólþurrkuðum tómötum og kapers og dálitlu af dressingunni. Blandið salati og öðru grænmeti saman í skál og hellið fiskblöndunni yfir. Hellið restinni af dressingu og sáldrið fræjum yfir salatið.

**Brauð:**
Vatn, ger og sykur hrært saman. Látið standa, ef freyðir er gerið í lagi.

Hveiti og spelt blandað saman í skál. Gerblöndu hellt saman við og hnoðað vel. Látið hefa sig í að minnsta kosti 30 mín.

Deigi skipt í tvennt. Hvor hluti flattur út mjög þunnt og settur á bökunarplötu klædda bökunarpappír. Penslað með ólívuolíu og maldon-salti og rósmaríni stráð jafnt yfir. Parmesan-ostur rifinn yfir. Skorið eftir endilöngu með kleinujárni eða hníf í um 2 cm breiðar ræmur. Bakað í um 220°C heitum ofni í um 10 mín.

sunna@frettabladid.is

# Eldamennska af lífi og sál

Veitingastaðurinn Af lífi og sál mun setja mark sitt á lífið á Laugaveginum í sumar, en hann verður opnaður í portinu þar sem Vín og skel var áður. Birkir Hjálmarsson, sem á staðinn, ásamt Sigríði Vilhjálmsdóttur, segir aðaláherslu hans vera á hina gömlu, góðu eldamennsku. „Okkur langar að sleppa frá þessari ný-norrænu matargerð, þar sem maður fær kannski tíu millilítra af bláberjafrauði í forrétt. Við ætlum að gefa fólki almennilega matarskammta," segir Birkir og hlær við.

Á Af lífi og sál verður fastur fimmtán til tuttugu rétta dagseðill, þar sem gestir geta meðal annars gætt sér á ítölskum eggjakökum, fylltum crepes og gúllassúpu, auk heimagerðra eftirrétta. „Kvöldunum verður hins vegar best lýst sem frjálsu, fljótandi fusion. Það verður sjö til tólf rétta seðill sem breytist á nokkurra daga fresti, eftir því hvað okkur dettur í hug að gera og í hvernig stuði kokkarnir eru," útskýrir Birkir. „Ég og Sigríður erum bæði búin að vera í mikilli rútínu undanfarin ár og langar bara að fara að leika okkur," bætir hann við.

Líf og fjör mun einkenna staðinn í sumar, en meðal annars verður boðið upp á listasýningar og lifandi tónlist í portinu. „Í dag verður Ágústa Ósk Óskarsdóttir söngkona hjá okkur, að syngja bæði djass og gospel. Og svo verður listamaður að mála gríðarlega stóra graffiti-mynd á vegginn fyrir utan í allt sumar," útskýrir Birkir.

Af lífi og sál er að finna á Laugavegi 55b, þar sem Vín og skel var eitt sinn til húsa. **- sun**



**LÍF OG FJÖR** Birkir Hjálmarsson í portinu við nýja staðinn Af lífi og sál, þar sem áhersla verður lögð á hina gömlu, góðu eldamennsku og lifandi stemningu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Betri svefn

# Komin er ný glæsileg lína af rúmum, leðurbotnum og göflum í ýmsum litum.

## Rafstillanlegir botnar og hágæða heilsudýnur.



## Við bjóðum upp á vaxtalausar raðgreiðslur allt að 12 mánuðum.

**20-50%**

**AFSLÁTTUR**

**VIKUNA FRÁ 2. - 10. MAÍ.**

*Opnunartími:*
*10-18 virka daga*
*11-16 laugardaga*

*Betri Svefn • Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfjörður • S: 565-4747*
*www.betrisvefn.is*

# Fólk

folk@frettabladid.is



## > BER ÁVÖXT

Samband Paris Hilton og Benji Madden hefur borið ávöxt. Um er að ræða ástarlagið Shine Your Light sem tónlistarmaðurinn Benji samdi um ástina sína einu og kom henni á óvart með. „Það er það fallegasta sem nokkur hefur gert fyrir mig,“ segir Paris um lagið.

# Vodkadrottning hvetur til hófdrykkju

■ Söngkonan Morena, sem syngur stuðlagið Vodka fyrir Möltu, segist enginn sérlegur talsmaður þess að fólk helli sig blindfullt. „Ég er enginn vodka-áhugamaður heldur, síður en svo,“ sagði hún nýlega í viðtali. „Maður á bara að skemmta sér án þess að verða of fullur. Lagið er um það, vodka vodka!“ Söngkonan viðurkennir einnig að fjölmörg vodkafyrirtæki hafi viljað styrkja lagið en öllum tilboðum hafi verið hafnað.

■ Spánverjar mjólka nú Eurovision sem aldrei fyrr. Keppandinn, „spænski Eiríkur Fjalarinn“ Rodolfo Chikilicuatre, var valinn eftir mikla keppni sem meðal með Rodolfo í Belgrad. Þegar höfðu stuðpíurnar Disco og Gráfica valist til verksins. Dansþátturinn fór þó eitthvað öfugt ofan í Spánverja því hann var aðeins fimmti vinsælasti þáttur kvöldsins. Hann uppskar aðeins 2 milljónir áhorfenda en 7,8 milljónir Spánverja sáu Barcelona tapa fyrir Man. Utd í fótbolta.

■ Danski popparinn Simon Mathew segist í nýlegu viðtali líklega fara í „blakkát“ á sviðinu því hann veit að um 800 milljón áhorfendur um alla Evrópu munu horfa á hann. Simon ætlar sér þó ekkert minna en sigur. Hann segist ekki hafa heyrt hin lögin en veit þó eitt: „Ef



**VODKA VODKA!** Morena er engin vodka-áhugamaður.

EUROVISION 21 DAGAR TIL STEFNU

# Siggi Lauf sáttur við Eyþór



**SIGGI LAUF** Siggi Lauf er að undirbúa nýja plötu með frumsömdum lögum á íslensku.

„Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki alveg hver það var. Var það Eyþór?“ segir tónlistarmaðurinn Siggi Lauf, spurður um álit sitt á sigurvegaranum í Bandinu hans Bubba. Sjálfur var Siggi rekinn úr þættinum strax í annarri umferð og samdi hann í framhaldinu lagið Grafhýsi frægðarinnar þar sem hann deildi hart á Bubba Morthens. „Eyþór er hörkusöngvari og átti þetta fyllilega skilið. Þeir eru báðir tveir alveg hörkusöngvarar og toppdrengir,“ segir hann og á þar við Eyþór og Arnar, sem lenti í öðru sætinu.

Siggi segist hafa fengið þó nokkur viðbrögð við Grafhýsi frægðarinnar, en lagið má heyra á myspace-síðu hans. „Viðbrögðin eru aðallega að þetta sé fyndinn texti og að þetta hafi verið gott svar,“ segir Siggi, sem er nú staddur í Barcelona þar sem hann hvílir sig á upptökum á nýrri plötu. Hann útilokar ekki að fleiri áðeilulög á borð við Grafhýsi frægðarinnar verði þar að finna. „Það er spurning hvort það sé ekki best að leyfa þeim að tala sínu máli þegar að því kemur.“ - fb




**GAS! GAS! GASGRÍMA!** Jón Karl Einarsson mótmælir á svæði Helga Hós.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Heldur heitu fyrir Helga Hóseasson

**Jón Karl Einarsson grunnskólanemi styður Helga Hóseasson í mótmælum hans á Langholtsvegi. Hann notar tímann milli samræmdu prófanna til að standa vaktina.**

Sem kunnugt er gekk eins konar mótmælabylgja yfir þjóðfélagið í síðustu viku. Í venjulegu árferði er aðeins einn maður sem stendur mótmælavaktina, Helgi Hóseasson húsasmíðameistari. Hann er kallaður „mótmælandi Íslands“ og hefur staðið vaktina á horninu á Langholtsvegi og Holtavegi um árabil. Nú hefur Helgi fengið liðsstyrk á horninu því upp á síðkastið hefur þar mátt sjá mann með gasgrímu og skilti. Jón Karl Einarsson grunnskólanemi er bak við grímuna.

„Ég er nú bara að halda stæðinu heitu fyrir hann Helga,“ segir Jón Karl. Hann býr í hverfinu og þekkir vel til Helga. „Jú, maður hefur náttúrlega oft séð hann í gegnum tíðina, bæði við að mótmæla og að þvo þvott úti á tröppunum hjá sér. Ég og vinur minn stöndum hér oft með honum, Helgi á einu horni og við á hinu. Við erum í samræmdu prófunum og þetta byrjaði þannig að það var gat í stundatöflunni því við höfðum tekið samræmda prófið í ensku í fyrra. Helgi hefur dálítið fallið í skuggann eftir skyrsletturnar frægu. Bara staðið hérna á horninu og lítið haft sig í frammi. Við viljum sýna honum stuðning.“

Á skiltinu sem Jón Karl heldur á stendur einfaldlega GAS! GAS! Óþarfi er að tíunda hvað sú tilvitnun á að fyrirstilla. Jón Karl viðurkennir fúslega að sitt skilti sé mun ómerkilegra en vönduð mótmælaskilti Helga – „Jú, jú, þetta eru nú hálfgerð bónus-mótmæli miðað við skiltin hans.“

Helgi sjálfur mætir svo loks á svæðið rétt fyrir traffíkina sem myndast þegar fólk kemur heim úr vinnunni. Hann vill fá ljóð eftir sig birt.

*Brennið þið kyrkjur, oní svarta sanda,*
*saman við mold og leir á klöppunum;*
*Landsfeðra draugsa, hórdólg, helgan anda,*
*hengið þið krosslaf upp á löppunum.*

En hvað á að gera í dag, 1. maí, á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks? „Ætli maður labbi ekki niður Laugaveginn. Maður má það víst. En ef vörubílstjórarnir gera eitthvað þá verð ég með þeim í því,“ segir Jón Karl og setur aftur upp grímuna. gunnarh@frettabladid.is

# Stórsveitin spilar

Stórsveit Samúels J. Samúelssonar heldur tónleika á Hótel Borg á föstudagskvöld. Kvöldið eftir spilar sveitin á hammond-hátíð á Djúpavogi og dagana 8. til 12. maí verður hún á tónleikaferðalagi um Belgíu og Þýskaland.

Stórsveitin var stofnuð árið 2000 og sama ár kom út platan Legoland. Í maí í fyrra kom út önnur plata sveitarinnar, Fnykur, og í október sama ár hélt sveitin í fimm daga tónleikaferð um Ísland. Með í för voru kvikmyndagerðarmenn sem vinna nú í eftirvinnslu heimildarmyndar um hljómsveitina.



**STÓRSVEITIN** Stórsveit Samúels spilar á Hótel Borg á föstudagskvöld.

Þess má geta að Fnykur verður gefin út í Japan í sumar. Tónleikarnir á Hótel Borg hefjast klukkan 22 og er miðaverð 1.500 krónur.




ORLOF 2008

**Lágmarksorlof** er **2 dagar** fyrir hvern unnin mánuð, eða **24 virkir dagar** á ári.
Lágmarksorlofslaun eru **10.17% af öllum launum**.

Eftir 5 ár í rafgreinum er orlof 25 virkir dagar og orlofslaun 10,64%.
Eftir 10 ár í rafgreinum er orlof 27 virkir dagar og orlofslaun 11,59%.
Eftir 5 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 28 virkir dagar og orlofslaun 12,07%.
Eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 29 virkir dagar og orlofslaun 12,55%.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og orlofsprósentan í 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf.

Á sumum sérsamningum RSÍ er 6 daga vetrarorlof og þá er sumarorlof 24 dagar.

Ef rafiðnaðarmaður er í orlofi og er ræstur út getur hann hafnað útkalli eða sett fram sérstakar launakröfur.

**Orlofsuppbót 2008 er kr. 24.300**
Iðnemar fá nú sömu orlofs- og desember uppbót og aðrir.

**Orlofsprósenta** vegna yfirvinnu **breytist 1. febrúar 2008**.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580-5200. wwwrafis.is



## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Courteney Cox** og eiginmaður hennar, **David Arquette**, reyna nú að eignast annað barn með glasafrjóvgun. Fyrir eiga þau dótturina **Coco**, sem nú er þriggja ára. Heimildir herma að David hafi viljað reyna að byrja fyrr, en Courteney hafi enn verið útkeyrð eftir fyrri tilraunir. „Ég var í tilfinningalegu uppnámi. Ég geri þetta væntanlega einu sinni enn,“ sagði leikkonan um þær tilraunir.



**Pamela Anderson** er loks orðin bandarískur ríkisborgari, en hún er borin og barnfædd í Kanada. „Að vera ríkisborgari er spennandi, ekki bara af því að ég má kjósa, heldur af því að ég get barist fyrir réttindum dýra á Capitol Hill,“ segir leikkonan, sem segir það hafa verið sitt fyrsta verkefni sem ríkisborgari að leggja PETA liðsinni í mótmælum gegn ómannúðlegri meðferð á dýrum.



**Pete Doherty** notar tímann í fangelsinu vel, en hann hefur tekið upp á því að stúdera Kóraninn. Doherty ku hafa beðið um enska þýðingu á þessari helgu bók eftir að hann var settur í einangrun. Vinur rokkarans kveðst hissa á því hversu rólegur Doherty sé orðinn og segir hann hafa mikinn áhuga á skrifunum.



**Chris Martin**, söngvari Coldplay, segist hafa reynt allt sitt til að gera væntanlega plötu bandsins, Viva La Vida Or Death And All His Friends, þannig að unglingar þyrftu ekki að skammast sín fyrir að viðurkenna að þeir hlustuðu á Coldplay. „Vonandi verður þeim ekki strítt of mikið – það er eiginlega hvatningin. Ég vil að það sé í lagi að hlusta á Coldplay,“ sagði Martin.




# Frestur að renna út

Íslenskir sem erlendir Eurovision-aðdáendur hafa frest til föstudags til að senda inn myndbönd á heimasíðuna Youtube.com/eurovision með eigin útgáfu af einu af þeim 43 lögum sem taka þátt í keppninni í ár.

Þeir sem ætla sér að taka þátt þurfa því að hafa hraðar hendur en þegar hafa tveir keppendur sent inn sína útgáfu af íslenska laginu This Is My Life. Í verðlaun er myndbandsupptökuvél og netspjall við Marija Serifovic, hinn serbneska sigurvegara Eurovision frá síðasta ári. Sigurvegarinn verður kynntur 19. maí, daginn áður en fyrra undanúrslitakvöldið verður haldið.



**EUROBANDIÐ** Lag Eurobandsins, This Is My Life, tekur þátt í Eurovision í ár.

# CSI-stjarna handtekin

Leikarinn Gary Dourdan, sem leikur Warrick Brown í glæpaþáttunum vinsælu CSI, hefur verið handtekinn fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum. Lögreglan kom að hinum 41 árs Dourden sofandi í bíl sínum í Kaliforníu og fann þar jafnframt kókaín, heróín og alsælu, auk nokkurra löglegra lyfja. Leikarinn var handtekinn og þurfti að dúsa í fimm klukkutíma í fangelsi þar til honum var sleppt gegn tryggingu.

Dourdan sló fyrst í gegn í þáttunum A Different World sem byggðust að nokkru leyti á hinum vinsælu þáttum The Cosby Show. Talið er að hann hætti í CSI í maí eftir að áttundu þáttaröðinni lýkur.



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**GARY DOURDAN** Dourdan er í slæmum málum eftir að hafa verið tekinn með eiturlyf í fórum sínum.

SÍÐASTI DAGURINN

Tískufatnaður á „grín“verði.

Á karnival dögum bjóðum við ótrúlega hagstæð tilboð á herra- og dömufatnaði.
Allt að **80% afsláttur** af okkar helstu vörumerkjum.

Opið í dag 1. maí frá 12-17

Egils APPELSÍN LÍMONAÐI þetta eina sanna

ERUM MEÐ BARNAFATNAÐ Á ÓTRÚLEGU VERÐI Í DAG!

Doritos

MISS SIXTY DIESEL Sparkz G-STAR
modström billi bi BRONX SAMSØE ϕ SAMSØE
LLOYD Moss [nümph] les lolitas

SETTU KASSAKVITTUN Í POTT OG VIÐ GÆTUM DREGIÐ ÞIG ÚT!



EKKI MISSA AF ÞESSU!

gallerí húsið
Laugavegi 91

CENTRUM gs skór gallerí sautján

# Myndasögur gefnar gestum

„Free Comic Book Day", þar sem milljónir myndasagna eru gefnar lesendum um allan heim, verður haldinn í sjöunda skiptið nú á laugardag. Myndasögubúðin Nexus hefur tekið þátt í uppátækinu frá upphafi og segir Þórhallur Björgvinsson, umsjónarmaður myndasagna, umsvif dagsins aukast ár frá ári.

„Í fyrra komu á bilinu tólf hundruð og fimmtán hundruð manns til okkar. Fjöldi gesta og fjöldi blaða sem við gefum eykst með hverju ári," segir hann. „Við reynum að reikna þetta út þannig að allir fái nokkra titla, en það ræðst náttúrulega af því hversu margir mæta," útskýrir Þórhallur.



**STÆKKAR ÁR FRÁ ÁRI** Þórhallur Björgvinsson segir „Free Comic Book Day" fara stækkandi ár frá ári, en Nexus hefur tekið þátt í uppátækinu frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Myndasögurnar sem gefnar verða í ár, og eru sérprentaðar fyrir tækifærið, koma úr ýmsum áttum. „Það eru stóru nöfnin, eins og Superman, Spiderman og Hell Boy, og svo mýmargir minni spámenn og sjálfstæðir útgefendur," útskýrir Þórhallur.

Kvikmyndir gerðar eftir myndasögum hafa tröllriðið bíóhúsunum undanfarin misseri, en Þórhallur segir þær ekki endilega hafa aukið vinsældir myndasagnanna sjálfra. „Ef vel tekst til eykur kvikmynd alltaf söluna eitthvað en þetta helst ekki alfarið í hendur," segir hann.

Myndasögublöð verða gefin á meðan birgðir endast, í versluninni Nexus að Hverfisgötu 103 á laugardag. Afgreiðslutími er frá kl. 12 til 18.

# Miklar breytingar á Rás 2

**Sumardagskrá Rásar 2 er að fara af stað og af því tilefni hefur stöðinni bæst góður liðsstyrkur. Á meðal nýrra útvarpsmanna eru Heiða Ólafsdóttir Idolstjarna, Matti af X-inu og félagarnir Doddi litli og Andri Freyr. Magnús Einarsson er aftur á móti farinn yfir á Rás 1.**



**NÝJAR RADDIR Á RÁS 2** Söngkonurnar Alma úr Nylon, Erla Jónatansdóttir, Sigríður Thorlacius og Hildur Vala verða saman með þátt á Rás 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum eins og fótboltalið að vori, reynum að stilla upp sem bestu liði þegar tímabilið byrjar," segir Ólafur Páll Gunnarsson á Rás 2.

Miklar breytingar eru í vændum á útvarpsstöðinni með hækkandi sól og til að mynda mun þáttur Óla Palla, Poppland, verða lengri en áður, eða frá níu til fjögur á daginn. Af því tilefni bætast þau Heiða og Matti í hópinn og munu sitja við hljóðnemann ásamt Óla og Guðna Má Henningssyni. Ágúst Bogason færir sig aftur á móti úr Popplandinu og yfir á kvöldvaktir á Rásinni. „Það er gott að fá reynslubolta eins og Matta til okkar sem hefur stundað útvarpsnám í Englandi. Hann er með ofsalega fína menntun sem nýtist vel í nútímaútvarpi."



**VELKOMINN!** Ólafur Páll Gunnarsson býður Matthías Má Magnússon velkominn til Rásar 2.

## Saknar Magnúsar

Óli Palli saknar aftur á móti Magnúsar Einarssonar, sem hefur verið lengi á Rás 2. „Hann réði mig á sínum tíma og var minn lærimeistari. Núna vildi hann snúa sér að öðruvísi dagskrárgerð og verður með vikulegan þátt á Rás 1. Þegar svona vanur maður eins og Maggi dettur út þarf að vanda það sem er sett í staðinn."

## Útvarpað frá Danmörku

Doddi litli og Andri Freyr, sem hafa getið sér gott orð sem öflugur útvarpsdúett, verða með þátt á föstudagskvöldum sem mun hugsanlega heita Litla hafmeyjan. Þátturinn verður nokkuð óvenjulegur því Andri Freyr er búsettur úti í Danmörku og verður þátturinn því sendur út þaðan að hluta til.



**MEÐ UNGLINGAÞÁTT** Félagarnir Albert Finnbogason og Marteinn Sindri Jónsson verða með unglingaþáttinn Mánafjöll á Rás 1 í sumar.

Dr. Gunni verður með spurningaþáttinn Popplandsmeistarinn í Popplandi auk þess sem Andrea Jónsdóttir byrjar með þáttinn Músíkpressan á laugardögum. Jafnframt skipta söngkonurnar Alma úr Nylon, Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín, Hildur Vala og Erla Jónatansdóttir með sér hálftíma þætti á milli fréttatíma á laugardags- og sunnudagskvöldum.

## Nýjungar á Rás 1

Nýjungar eru einnig fram undan á Rás 1 því þar hefur göngu sína daglegi þátturinn Þvælingur þar sem Guðmundur Gunnarsson og Elín Lilja Jónasdóttir heimsækja sextíu staði á landinu, einn á dag. Albert Finnbogason og Marteinn Sindri Jónsson verða með unglingaþáttinn Mánafjöll á laugardögum auk þess sem Baggalútur verður með skemmtiþáttinn Betri stofan á laugardagskvöldum þar sem þeir bjóða gestum í betri stofuna.

freyr@frettabladid.is


Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN - POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 2, 4 og 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 8 og 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2 og 4 | L |

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN | | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| MAID OF HONOR | | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | | kl. 3:30 - 5:40 - 8 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT | | kl. 10:40 | L |
| FOOL´S GOLD | | kl. 3:30 - 5:40 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| IRON MAN | DIGITAL | kl. 3:30D - 6D - 9D - 10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | | kl. 3:50 - 5:50 - 8 | 7 |
| P2 | | kl. 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D | 10 |
| UNDRAHUNDURINN | ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 | 12 |
| 21 | kl. 10:30 | 12 |
| HORTON ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 6 | L |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 | 7 |
| THE RUINS | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 5:30 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| MADE OF HONOUR LÚXUS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 1 - 2.30 - 4 | |
| 21 | kl. 10 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 1 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 1 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 3 - 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 ENSKURT | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| AWAKE | kl. 10 | |
| 21 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | 16 |
| STREET KINGS | kl. 10 | 12 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | 7 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ








**EGÓ** Bubbi og félagar í Egó halda tónleika á Nasa 17. maí.

# Arnar Geir í stað Bjössa

Trommuleikarinn Bjössi í Mínus mun ekki spila með Egó á tónleikum á Nasa 17. maí. Í skarðið hleypur Arnar Geir Ómarsson sem hefur spilað töluvert með Bubba Morthens undanfarin ár.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að Bjössi myndi tromma með Egó en af óviðráðanlegum orsökum þurfti hann að hætta við það. Aðrir meðlimir Egó á Nasa verða, auk Bubba, þeir Jakob Smári Magnússon, Hrafn Thoroddsen og Bergþór Morthens, sem spilaði síðast með Egó á afmælistónleikum Bubba fyrir tveimur árum. Miðasala á tónleikana er hafin á midi.is og er miðaverð 2.500 krónur.

# Styttist í Jettara

**Nú styttist í stórtónleika Jet Black Joe. Bandið verður ásamt Gospelkór Reykjavíkur í Laugardalshöllinni föstudagskvöldið 16. maí. Vel gengur að selja inn á tónleikana, nú eru um þúsund miðar eftir.**

**Tónleikarnir verða tvískiptir því Páll Rósinkranz mun einnig fara yfir sinn sólóferil með rokkhljómsveit og gospelkórnum. Seinni hlutinn er tileinkaður rokksveit Páls og Gunnars Bjarna. Reynt var að koma saman upprunalegri mynd Jet Black Joe án árangurs. Í staðinn spilar sú útgáfa bandsins sem troðið hefur upp síðustu árin með góðum árangri.**



**TÓNLIST**
**Interrail**
Ice
★★
Þrátt fyrir góða spretti eru lélegu lögin of mörg til að heildin sé viðunandi.

# Efnilegur rappari

Ice er listamannsnafn rapparans Soffíu Jónsdóttur. Interrail er hennar fyrsta plata og jafnframt fyrsta platan sem íslenskur kvenrappari sendir frá sér. Soffía skrifar textana sína sjálf, en á meðal þeirra sem eiga takta á plötunni eru Earmax og Fonetik Simbol.

Soffía hefur fína rödd og ágætt flæði. Textarnir eru nokkuð misjafnir en Ice rappar bæði á íslensku, sænsku, ensku og frönsku. Það eru nokkur fín lög á Interrail, t.d. Godislandet, Drottningar, Fallout og Hægar, en það vantar svolítið upp á heildarmyndina. Platan er of kraftlaus, það vantar meiri dýpt í hljóminn og það eru vonlaus lög inni á milli. Soffía er samt efnilegur rappari sem heldur vonandi áfram að gera plötur. **Trausti Júlíusson**

# Þúsund keyptu leik

Um eitt þúsund manns gerðu sér ferð í Elko og BT í Skeifunni aðfaranótt þriðjudags til að festa kaup á tölvuleiknum Grand Theft Auto IV. Þetta gekk glimrandi vel. Þegar nördarnir koma saman er aldrei neitt þras,“ segir Sverrir Bergmann tölvuleikjagúrú. DJ Danni Deluxe, Dóri DNA og Bent héldu uppi góðri stemningu á þessari miðnæturopnun auk þess sem pitsur voru í boði fyrir gesti.



**GRAND THEFT AUTO IV** Ellefti leikurinn í seríunni fékk góðar viðtökur á miðnæturopnuninni.

Sverrir segir að leikurinn hafi fengið hæstu einkunn sem hann hafi vitað um til þessa, eða rúmlega 99%. „Það lítur allt út fyrir að þetta sé besti leikur sem hefur verið gerður,“ segir hann og hlær. Leikurinn er sá ellefti í Grand Theft Auto-seríunni og telst vera sá allra flottasti hingað til.

Að sögn Sverris hefur einn leikur selst meira en Grand Theft Auto IV hérlendis á svo skömmum tíma, eða Burning Crusade, sem er uppfærsla fyrir hasarleikinn World of Warcraft. **- fb**

# Árni frumsýnir

Stuttmyndin Auga fyrir auga verður frumsýnd í Háskólabíói í dag en þar er á ferðinni mynd Árna Beinteins Árnasonar um flótta vandræðaunglingsins Gumma af upptökuheimili. Myndin er sjálfstætt framhald myndarinnar Ekki er allt sem sýnist.

Árni Beinteinn, sem er þrettán ára gamall, er leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, klippir hana og semur tónlist, og leikur þar að auki tvö hlutverk í myndinni. Þrátt fyrir ungan aldur á hann að baki langan feril innan leiklistarinnar og hefur bæði leikið á sviði og í kvikmyndum.

Auga fyrir auga er tuttugu mínútna löng. Sýningin í Háskólabíói, sem hefst klukkan 15, er öllum opin.



**LEIKSTJÓRI MEÐ MEIRU** Árni Beinteinn Árnason frumsýnir stuttmyndina Auga fyrir auga í Háskólabíói í dag, en hann er potturinn og pannan í allri gerð hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FJÖLNI 10. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

## > LYKILMAÐURINN

**Gunnar Már Guðmundsson** hefur verið leiðtogi Fjölnisliðsins og aðalmaðurinn á bak við magnaðan árangur liðsins síðasta sumar. Gunnar lék frábærlega í 1. deildinni á síðustu leiktíð og verður áhugavert að sjá hvernig hann spjarar sig í deild þeirra bestu. Gunnar lék 20 leiki fyrir Fjölni í 1. deildinni í fyrra og skoraði 12 mörk í þeim leikjum.



# Engin pressa á nýliðunum

Fjölnir úr Grafarvogi leikur í efstu deild í sumar í fyrsta skipti í skammri sögu félagsins. Velgengni félagsins hefur verið með hreinum ólíkindum og árangur liðsins síðasta sumar undir stjórn Húsvíkingsins vaska, Ásmundar Arnarssonar, er lyginni líkastur.

Ásmundur stýrði Fjölni ekki bara upp í efstu deild í fyrra heldur fór hann einnig með liðið alla leið í bikarúrslitin þar sem Fjölnir laut í lægra haldi fyrir FH í mögnuðum leik. Gríðarleg barátta, góð liðsheild og samheldni einkenndi þetta Fjölnislið í fyrra og verður eðlilega aðalsmerki liðsins í sumar.

Ásmundur hefur verið klókur á leikmannamarkaðnum í vetur og styrkt liðið með reynsluboltum og veitir ekki af þar sem flestir leikmanna liðsins eru ungir að árum og fáir með reynslu í efstu deild. Þar ber líklega hæst koma þeirra Óla Stefáns Flóventssonar og Ágústs Gylfasonar.

Óli Stefán hefur verið hjarta Grindavíkurliðsins síðustu ár og reynsla hans mun vega þungt fyrir Fjölni.

Fjölnir fékk svo mikinn happafeng í varnarmanninum unga, Kristjáni Haukssyni, sem er að láni frá Val og svo hefur reynsluboltinn Ólafur Páll Snorrason haft vistaskipti aftur í Fjölni en hann hefur verið hjá FH-ingum síðustu ár.

Það er engin pressa á Fjölnisliðinu í sumar og leikmenn liðsins munu mæta til leiks með allt að vinna en engu að tapa.



## > X-FAKTORINN

**Ágúst Þór Gylfason** var lengi vel með sterkari leikmönnum deildarinnar en hefur dalað nokkuð síðustu ár. Reynsla hans mun þó líklega vega þungt í sumar og mun Fjölnir græða vel á því ef Ágúst nær að sýna gamla takta.

**AÐRIR LYKILMENN**


KRISTJÁN HAUKSSON


ÓLI STEFÁN FLÓVENTSSON


ÓLAFUR PÁLL SNORRASON

**GENGI Á VORMÓTUNUM**
■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 3. sæti í B-deild | 2006 3. sæti í B-deild | 2005 4. sæti í B-deild | 2004 7. sæti í B-deild | 2003 2. sæti í C-deild | 2002 3. sæti í D-deild |



**GLEÐI OG SORG** Tim Duncan og Kurt Thomas fagna en vonbrigðin leyna sér ekki hjá Steve Nash. NORDIC PHOTOS/GETTY

Úrslitakeppni NBA:

# O'Neal og Kidd komnir í frí

**KÖRFUBOLTI** Það er ljóst að draumar stórstjarnanna Shaquilles O'Neal og Jasons Kidd um meistaratitil í NBA verða ekki að veruleika þar sem San Antonio Spurs sló út Phoenix Suns og New Orleans Hornets sló út Dallas Mavericks.

Spurs vann Phoenix 92-87 þar sem Tony Parker og Tim Duncan fóru fyrir meisturum Spurs. San Antonio vann einvígið 4-1.

New Orleans vann Dallas 99-94 þar sem Chris Paul fór á kostum að vanda og var með þrefalda tvennu. Hornets vann einvígið 4-1 og mætir þar með Spurs í annarri umferð úrslitakeppninnar. - óþ

# Riddarar Romans til Moskvu

**Chelsea tókst loksins að slá Liverpool út úr Meistaradeildinni í gær. Eftir að hafa tapað tvisvar í undanúrslitum fyrir strákunum frá Bítlaborginni kláruðu riddarar Romans dæmið og þeir munu því marsera til Moskvu. Þetta er í fyrsta skipti í sögu Chelsea sem liðið kemst í úrslit Meistaradeildar Evrópu.**

**FÓTBOLTI** Avram Grant tókst í gær það sem José Mourinho tókst aldrei - að koma Chelsea í úrslit Meistaradeildarinnar. Chelsea lagði Liverpool, 3-2, í mögnuðum leik sem varð að framlengja. Didier Drogba svaraði gagnrýni Benitez með því að skora tvisvar.

Eins og búast mátti við fór leikurinn rólega af stað. Liverpool fékk fyrsta hættulega færi leiksins er Fernando Torres slapp í gegnum vörn Chelsea. Petr Cech lokaði markinu og varði vel. Kalou komst í ágætt færi skömmu síðar eða á 33. mínútu, skaut að marki en Reina varði. Drogba var fyrstur að átta sig, náði frákastinu og þrumaði boltanum í nærhornið niðri. Glæsilegt mark. Drogba fagnaði með því að renna sér á maganum en hann var mjög ósáttur við myndbandið sem Rafa Benitez, stjóri Liverpool, gerði af „dýfunum“ hans fyrir leikinn. Hann stóð fljótt upp og renndi sér aftur fyrir framan markið hjá Liverpool, Benitez eflaust til mikillar „skemmtunar“.

Ræða Benitez hefur verið öflug því strákarnir hans mættu grimmir til leiks og í tvígang á upphafsmínútunum skall hurð nærri hælum hjá Chelsea-markinu. Leikmenn Liverpool héldu áfram að bæta í sóknarþungann og á 64. mínútu átti Youssi Benayoun frábæran sprett sem endaði með laglegri stungusendingu á Torres í teiginn sem kláraði færið eins og stakur fagmaður. 1-1. Hvorugu liðinu gekk að skapa sér færi það sem eftir lifði venjulegs leiktíma og því varð að framlengja.

Framlengingin byrjaði með látum og Essien skoraði fljótlega mark fyrir Chelsea sem var dæmt af vegna rangstöðu en sóknarmaður Chelsea var talinn trufla Reina í markinu. Skömmu síðar var brotið á Ballack í teignum og réttilega dæmd vítaspyrna. Frank Lampard, sem missti móður sína fyrir viku, tók vítið og hann skoraði af feiknaöryggi.

Liverpool vildi fá víti þegar það virtist vera brotið á Hyypia en ekkert var dæmt.

Didier Drogba skoraði síðan rétt fyrir lok fyrri hálfleiks framlengingar og Chelsea í toppmálum. Ryan Babel minnkaði muninn þegar þrjár mínútur lifðu framlengingar með langskoti og líflína fyrir Liverpool. Tíminn reyndist aftur á móti ekki nægur og Chelsea komið í úrslit.

„Þetta er mjög sérstakt og ég er ánægður fyrir hönd félagsins enda höfum við beðið lengi eftir þessu,“ sagði Didier Drogba eftir leik.

„Benitez er frábær stjóri og það sem hann sagði um mig er ekki got fyrir ímyndina. Ég held að hann hafi gert þetta því hann taldi að Chelsea væri einfaldlega of sterkt fyrir Liverpool og því varð hann að gera eitthvað til þess að koma okkur úr jafnvægi.“ - hbg



**ÓTRÚLEGUR** Didier Drogba lofaði því að láta verkin tala á vellinum og hann stóð við stóru orðin með því að skora tvisvar í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**SÆT STUND** Frank Lampard sýndi stáltaugar með því að skora úr víti í gær. Hann fagnaði með því að minnast móður sinnar sem lést fyrir viku síðan. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




# KÖTTARABALL!

Föstudagskvöldið 2. maí
í félagsheimili Þróttar, Laugardal
Húsið opnar kl. 20 - verð kr. 1.000

- Ceres 4
- Sólmundur Hólm, eftihermukóngur Íslands
- Splunkunýtt Þróttaralag frumflutt
- Opnun nýrrar Köttararsíðu
- Leikmenn mfl. karla kynntir
- Ársmiðar á Köttuðu tilboðsverði
- Glæný Köttaraskírteini seld á staðnum
- Dj Ellert & Schram leika fyrir dansi fram á rauðanótt

ALLIR KÖTTARAR...KONUR OG KARLAR!
Mætum og komum okkur í gírinn fyrir sumarið
18 ára aldurstakmark


Hans Mathiesen leystur undan samningi og Fram í aðhaldsaðgerðum:

# Allt of há laun í íslenska boltanum

**FÓTBOLTI** Landsbankadeildarlið Fram sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem Fram kom að samkomulag hefði náðst við Danann Hans Mathiesen um að slíta samningi. Tímasetning þessarar aðgerðar vekur óneitanlega athygli en örstutt er í mót.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var samningur Hans við Fram í dönskum krónum og hafa laun hans því rokið upp úr öllu valdi síðustu vikur. Framarar hafi því eðlilega viljað taka í taumana.

„Það er ekki ástæðan en það er eins með okkur og alla aðra þessa dagana að við þurfum að skoða reksturinn í þaula en það kom þessu ekkert við. Samningur er samningur og við hefðum staðið við hann hefði þess þurft,“ sagði Lúðvík Þorgeirsson, formaður Fótboltafélags Reykjavíkur.

„Við erum að skoða alla samninga og það er rétt að þegar gengið fer á fleygiferð þá töpum við eins og margir aðrir,“ sagði Lúðvík en það hafa flogið margar fiskisögur upp á síðkastið um bágan fjárhag Framara sem og að FL Group væri á leiðinni út. Lúðvík segir ekkert hæft í þeim sögum.

„Það hefur í rauninni ekkert breyst hjá okkur. Við erum með samning við FL Group sem er til 2009 og engin breyting orðið á því. Við erum samt klárlega með aðhald í rekstrinum og það er ekkert launungarmál. Ég sé fyrir mér að landslagið sé að breytast hjá félögunum og þegar það verður samið næst verður það á öðrum forsendum. Launin hér á Íslandi eru allt of há,“ sagði Lúðvík.

Hans Mathiesen var frekar daufur í dálkinn þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann sagðist vera að pakka og hefði ekki hugmynd um hvert hann væri að fara. Það yrði ákveðið á næstu dögum. Hann sagðist ekki vera kominn með samning við neitt annað lið en sagðist vel vera til í að skoða að spila áfram hér á landi hefðu einhver lið áhuga á sér. - hbg



**TAKK FYRIR MIG** Hans Mathiesen hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Fram. Hann útilokar ekki að spila áfram á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!**

**MEÐ ÞIG Í HUGA**

# SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM LJÓSMYNDUM





**OLYMPUS**
**Mju-770SW**

Engin venjuleg myndavél.

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C)
- Þolir 100 kg. þrýsting
- 3x aðdráttur í linsu

VATNSHELD
HÖGGHELD

*Verð: 38.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 32.900 kr**

**OLYMPUS**
**Mju-840**

Ótrúlega mikið fyrir lítið.

- 8.0 Miljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Innbyggð hristivörn
- Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- Face Detection fyrir góðar andlitsmyndir
- ISO 64-1600 ljósnæmni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

*Verð: 29.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 25.900 kr**

## *Magnaðar myndavélar á tilboðsverði –*

**OLYMPUS**
**E-410**

Öflug en fislétt og meðfærileg.

- 10.0 milljón pixlar
- Live View á 2,5" skjá
- Rykfríar myndir (Dust Reduction System)
- Depth of field Preview
- Lokarahraði 1/4000 – 60 sek, Bulb
- Tekur allt að 3 ramma á sekúndu
- 21 mismunandi programstillingar.
- Sjálfvirk eða handvirk stilling á ljósopi og lokahraða.
- Jpeg og RAW skráarsnið

**TVÆR LINSUR:**
**14–42 mm og 40–150 mm**

*Verð: 74.900 kr*

**TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr**



**3ja ára ábyrgð** á öllum **OLYMPUS** myndavélum hjá ORMSSON

# ORMSSON

KVIKA

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| **SÍÐUMÚLA 9** | **SMÁRALIND** | **KEFLAVÍK** | MODEL-**AKRANESI** | ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** | **AKUREYRI** | BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** | VÍK-**EGILSSTÖÐUM** | VÍK-**NESKAUPSTAÐ** | VÍK-**REYÐARFIRÐI** | ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 |

## > Harrison Ford

Allt til ársins 1970 var Ford ætíð titlaður sem Harrison J. Ford til aðgreiningar frá lítt þekktum nafna sínum. Joðið er þó ekki stytting á neinu því Ford á sér ekkert millinafn. Ford leikur forseta Bandaríkjanna í myndinni Air Force One sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á ÓUMHVERFISVÆNAN JAY LENO

# Æðisgengnar bílasögur úr takti við tímann

Jay Leno er mikill bíladellumaður eins og aðdáendum spjallþáttar hans ætti að vera kunnugt um. Hann á fjöldann allan af bílum og finnst því vel við hæfi að spyrja gesti sína líka út í þeirra bílaáhuga, sérstaklega þó karlana.

Keanu Reeves mætti í þáttinn um daginn og spjallaði um mótorhjólaáhuga sinn og Patrick Dempsey greindi frá því að hann ætti átta eða níu bíla – hann var ekki alveg viss. Leno kryddaði síðan samtölin með eigin reynslusögum af bílum og hló dátt að öllu saman.

Leno er mikið í mun að ná til hins almenna borgara í þáttum sínum með því að fara út á götu og spjalla við fólk og lesa upp fyndnar fyrirsagnir sem það hefur sent honum. Þegar hann fer aftur á móti að spyrja stjörnurnar út í bílaflota þeirra er hann kominn á hálan ís. Fáir þeirra sem horfa á þáttinn geta leyft sér að eiga fleiri en einn bíl og í rauninni er þetta umræðuefni mjög fjarri hinum hefðbundna Leno-áhorfanda sem þykir nóg um að borga svimandi hátt bensínið fyrir einn bíl.



**JAY LENO** Spjallþáttastjórnandanum vinsæla leiðist ekki að spyrja út í bíladellu viðmælenda sinna.

Þegar leikkonan Julia Louis-Dreyfus mætti síðan til Leno þar sem hún hvatti fólk til að vera meðvitað um umhverfi sitt leit okkar maður sérlega illa út. Bílaútblásturinn sem hann lofar og prísar í hverjum þættinum á fætur öðrum virkaði hjákátlegri en nokkru sinni fyrr þegar Dreyfus kenndi honum að nota umhverfisvænan klósettpappír og hvatti fólk til að hætta að nota plastpoka í búðum, allt til að draga úr gróðurhúsaáhrifum.

Spurningin er sú hvort Leno hafi sjálfur áttað sig á þessum mótsögnum og á því hversu mikið hann er úr takti við tímann með þessu bílabrölti sínu. Sennilega ekki.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.40** Zenit-Bayern Munchen
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** The Sentinel
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.35** What About Brian?
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Law & Order: Criminal Intent
SKJÁREINN



▶ **22.25** Bones
STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Bú!, Fæturnir á Fanney, Uss!, Friðþjófur forvitni, Hopp og hí Sesamí, Trillurnar, Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar og Prinsessan í eyðimerkurríkinu
**10.55 Búálfar** (The Borrowers)
**12.20 Englendingur fór upp hæð og kom niður af fjalli**
**13.55 Önnur hlið á Evrópu**
**14.55 Ragnar í Smára**
**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjallastúlkan Noemi** (2:3)
**17.55 Litli draugurinn Laban** (1:6)
**18.05 Krakkar á ferð og flugi** (1:10)
**18.30 EM 2008** (4:8)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Tímamót** Heimildamynd eftir Guðmund Erlingsson.
▶**20.35 Hvað um Brian?** (2:5) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
**21.20 Trúður** (2:10)
**21.50 Fé og freistingar** (6:10) (Dirty Sexy Money)
**22.35 Anna Pihl** (10:10)
**23.20 EM 2008** (4:8)
**23.50 Arthúr konungur** (King Arthur) Bandarísk bíómynd frá 2004.
**01.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Sentinel**
**08.00 The Producers**
**10.10 Barbershop 2. Back in Buisness**
**12.00 Guess Who**
**14.00 The Producers**
**16.10 Barbershop 2. Back in Buisness**
**18.00 Guess Who**
▶**20.00 The Sentinel** Stjörnumhlaðinn samsærístryllir í anda 24 með Michael Douglas, Kiefer Sutherland, Kim Basinger og Evu Langoria.
**22.00 Air Force One**
**00.00 Derailed**
**02.00 Girl Fever**
**04.00 Air Force One**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Doddi litli og Eyrnastór, Ofurhundurinn Krypto, Kalli kanína og félagar, Nornafélagið, Justice League Unlimited, Sabrina - Unglingsnornin og Tutenstein
**10.45 Garfield 2** (Grettir 2)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Standoff** (8:18)
**13.15 The New Adventures of Old Christine** (5:22)
**13.50 Amazing Race** (6:13)
**14.50 Funky Monkey**
**16.25 Ocean's Twelve**
**18.30 Fréttir**
**19.05 Yoanna - á tónleikum** Upptaka frá útgáfutónleikum Yohönnu sem hún hélt nýverið á Rúbín. Yohanna, sem naut mikilla vinsælda hér á árum áður sem barnastjarnan Jóhanna Guðrún, gaf á dögunum út sína fyrstu plötu í mörg ár.
**19.40 The Simpsons**
**20.05 Friends** (19:24)
**20.30 Hæðin** (7:9)
**21.35 The New Adventures of Old Christine** (7:22) Önnur þáttaröð þessa skemmtilega sjónvarpsþáttar með Juliu Louis-Dreyfus úr Seinfeld.
**22.00 My Name Is Earl** (13:13) Þriðja þáttaröð eins allra ferskasti og skemmtilegasti gamanþáttur síðari ára. Þátturinn sló í gegn þegar hann var sýndur á Sirkus og nú er hann kominn á Stöð 2. Jason Lee er áfram í hlutverk i gæðahyskisins Earl, sem rembist áfram við að bæta fyrir misgjörðir sínar með æði miðjöfnum árangri.
▶**22.25 Bones** (5:13) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones. Þessir vandaði þáttur hefur átt vaxandi vinsældum að fagna bæði hérlendis sem vestanhafs og er nú kominn í hóp með þeim allra vinsælustu hjá áskrifendum Stöðvar 2. Sem fyrr fylgjust við með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Bönnuð börnum.
**23.10 ReGenesis** (9:13) Hörkuspennandi þættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
**00.00 In God We Tru$t**
**01.40 Cold Case** (14:18)
**02.25 Big Shots** (8:11)
**03.10 Ocean's Twelve**
**05.15 Funky Monkey**
**06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT besta sætið

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool)
**08.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**15.20 Meistaradeild Evrópu** (Chelsea - Liverpool)
**17.00 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**17.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**18.15 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
▶**18.40 UEFA Cup** Bein útsending frá leik Zenit og Bayern München í Evrópukeppni félagsliða.
**20.40 UEFA Cup** Útsending frá leik Fiorentina - Rangers í Evrópukeppni félagsliða. Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl. 18.40
**22.20 Sterkasti maður í heimi 1982** Þáttur um keppnina sterkasti maður heims árið 1982. Íslendingur voru sem kunnugt er mjög sigursælir í keppninni hér á árum áður. Fyrst Jón Páll Sigmarsson og í kjölfarið Magnús Ver Magnússon.
**23.25 UEFA Cup** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**01.05 UEFA Cup** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

## SPORT 2 enski boltinn

**15.30 Portsmouth - Blackburn**
**17.15 Tottenham - Bolton**
**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**20.30 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðina 1992-1993.
**21.00 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.
**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2**
**23.50 Coca Cola mörkin**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Ungfrú Reykjavík** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Innlit / útlit** (e)
**19.40 Game tíví** (16:20) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.10 Everybody Hates Chris** (11:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
**20.35 The Office** (19:25)
**21.00 Life - Lokaþáttur** Það er komið að síðasta þættinum að sinni. Crews og Reese eru send til að rannsaka morð á manni sem var skotinn til bana á heimili sínu. En Crews yfirgefur morðstaðinn til að elta uppi manninn sem hann heldur að sé sekur um morðið sem Crews var sjálfur sakaður um 12 árum áður.
▶**21.50 Law & Order. Criminal Intent** (2:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Læknir er myrtur og fljótlega kemur í ljós að hann var mikill kvennabósi og átti stórt safn af myndbandsupptökum af afrekum sínum. Þegar kennari sonar hans reynist vera á einni spólunni berast böndin að afbrýðissömum eiginmanni hennar. Chris Noth (Mr. Big úr Sex and the City) leikur lögreglumanninn Mike Logan en hann hefur nú fengið nýjan félaga, Megan Wheeler (Julianne Nicholson sem lék í Ally McBeal).
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.20 Cane** (e)
**01.10 C.S.I.**
**01.50 Vörutorg**
**02.50 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### Hæðin



Í kvöld verður sýndur sjöundi þátturinn af Hæðinni og nú er komið að lokaverkefninu. Í næstu viku verður þátturinn í beinni útsendingu og þá ræðst með símakosningu hvaða par vinnur keppnina og fær tvær milljónir í verðlaunafé. Í þættinum í kvöld eru eldhúsið og borðstofan gerð klár og pörin yfirgefa Hæðina með trega.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Tímamót
### Sjónvarpið kl. 19.35

Heimildarmynd um Guðjón, Sigurbjörn og Steinþór bjuggu í áratugi ásamt fleiri vistmönnum á Tjaldanesheimilinu í Mosfellsdal, út af fyrir sig í rólegri sveit. Þegar ákvörðun er tekin um að loka heimilinu og leggja starfsemina niður tekur líf þeirra miklum stakkaskiptum og þeir kynnast nýrri hlið á lífinu og sjálfum sér.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlist að morgni dags
**09.03** Okkar á milli
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Í tilefni dagsins
**11.00** Guðsþjónusta í Grafarholtssókn
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ritþing um Einar Kárason
**14.10** Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalýðfélaganna í Reykjavík
**15.00** Sir Willard White í spor Paul Robeson
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.08** Kazantzakis og Sorbas
**17.20** Þú varst bæði auralaus og illa klæddur maður
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Það vorar fyrir vestan
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Með á nótunum
**21.00** Tónaflóð á danskri Mön
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Söngvaleikurinn Deleríum Búbónis
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**17.50 Talk Show With Spike Feresten**
**18.15 Extreme. Life Through a Lens**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Skífulistinn**
**20.50 Talk Show With Spike Feresten** (8:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
**21.15 Extreme. Life Through a Lens** (13:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**22.00 Grey´s Anatomy - Sagan til þessa** Grey´s Anatomy snýr úr verkfallsleyfi að viku liðinni og því er ekki úr vegi að staldra fyrst við og rifja upp hvað drifið hefur á daga skurðlæknanna fram til þessa í fjórðu þáttaröð.
**22.50 Medium** (6:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Bönnuð börnum.
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir, varaformaður Neytendasamtakanna, tekur fyrir málefni sem brenna á neytendum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannessson formaður Jafnréttindafélags Íslands ræðir um þau þjóðmál sem efst eru á baugi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**9.05** Aftenshowet med Vejret **9.45** Hvad er det værd? **10.15** Miss Marple. Det forstenede ansigt **12.10** Dronningens søster **13.45** Pigen og millionæren **15.30** Fandango **16.00** Når elefantungen melder sin ankomst **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Verdens sejeste dansker **17.30** Rabatten **18.00** Hammerslag **18.30** Venner på eventyr **19.00** TV Avisen **19.15** Open Range **21.30** Under huden **22.40** Naruto

## NRK 1

**8.05** Ut i naturen **9.00** Jazz og kajakk **9.20** Det siste slepet - tusen år med tømmerfløting er over **10.05** Spekter **11.00** Ruiner og limousiner **11.30** Bør Børson jr. **14.20** Odvar Nordli forteller **15.15** Miljøgudstjeneste **15.45** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Katten Mons **16.45** Punktert **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Gnistrende Wenche! **18.55** Frå solside til skuggeland? **19.25** Höök **20.25** Omid Djalili-show **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nonnen **22.10** Spooks **23.05** Korte grøss **23.30** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.25** Lantz i P4 **10.55** Var fan är mitt band? **11.25** Elina - Som om jag inte fanns **12.40** Big Love **13.30** Morgonsoffan **14.00** Valborg från Ulvön **15.15** Karamelli **15.45** Sagoträdet **16.00** Bolibompa **16.20** Lycka är... **16.25** Krumelurdjur **16.30** Mamma Spindels alla små kryp **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Brottet **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag Granskning **22.10** Klass 9A


ICELANDAIR · YVES SAINT LAURENT · FLUGFÉLAG ÍSLANDS · Krabbameinsfélagið · margt smátt · www.gassi.is





ÍSLENSKA SIA.IS AAV 41254 04.2008

ÞVÍ FYRR
ÞVÍ BETRA

ÞÚ KAUPIR YSL GOLDEN GLOSS UM BORÐ Í FLUGVÉLUM ICELANDAIR OG Í FRÍHÖFNUM FLUGFÉLAGS ÍSLANDS OG STUÐLAR AÐ ÞVÍ AÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN GREINIST FYRR.

*Ein kona af hverjum tíu hér á landi greinist með* BRJÓSTAKRABBAMEIN *einhvern tíma á ævinni. Til að* AUKA LÍFSLÍKUR *og* LÍFSGÆÐI *er nauðsynlegt að greina brjóstakrabbameinið snemma. Verið er að taka upp* BÆTTA TÆKNI *hérlendis en hún er dýr. Með kaupum á* YSL GOLDEN GLOSSI *í flugvélum Icelandair og í fríhöfnum Flugfélags Íslands í Reykjavík og á Akureyri leggur þú þitt af mörkum til að auka lífsgæði fjölda íslenskra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein. ALLUR ágóði af sölunni rennur beint til Krabbameinsfélagsins.*

LÍFSLÍKUR KVENNA Á ÍSLANDI EFTIR GREININGU Á BRJÓSTAKRABBAMEINI ERU MEÐ ÞVÍ BESTA SEM GERIST. HÖLDUM ÞEIRRI STÖÐU OG BÆTUM HANA.

Á ALLRA VÖRUM

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Hamborgarabúllan, það er langbesti bitinn. Annars er það bláberjaskyr, og það fyrir Ragnar.“*

Gísli Pétur Hinriksson, verðandi kerfisstjóri.

# Alla leið í vinnugalla frá Bangladess

Á laugardaginn hefst sjónvarpsþátturinn Alla leið þar sem Páll Óskar fer yfir Eurovision-lögin í ár með hjálp valinkunnra spekinga. Þátturinn kemur í stað samnorræna þáttarins með Eika Hauks sem hefur verið lagður niður. Að auki við hressandi efnistök munu áhorfendur fá að njóta þess að sjá Pál í nýjum glansjakkafötum í hverjum þætti. Hvernig er það, á hann endalaust af þessum jakkafötum?

„Það mætti halda það því maður er svo oft að koma fram,“ segir Palli. „Ég passa mig náttúrulega að vera ekki alltaf í sömu fötunum. En ég er furðu sparneytinn. Tek oft gömul föt og flikka upp á þau svo þau líta út sem ný. Hún Selma Ragnars er snillingur í þessu. En ég hef svo sem ekki tölu á fötunum mínum. Starfsins vegna kaupi ég marga vinnugalla á ári.“

En þetta fæst nú varla í Vinnufatabúðinni?

„Nei. Margir flottustu gallarnir eru sérsaumaðir á mig frá grunni. Þar nýt ég meðal annars aðstoðar áðurnefndrar Selmu og Cocos vinar míns. Hann er flugþjónn og þvælist víða starfsins vegna. Hann var í Bangladess þar sem hann rambaði fyrir algjöra tilviljun á litla saumastofu sem sérhæfir sig í svona fíniríisfötum. Öll fötin sem ég klæðist í Alla leið-þáttunum þremur eru þaðan. Hver einasta pallíetta er handsaumuð í.“

Palli segir að Alla leið-þættirnir veiti áhorfendum leiðsögn í gegnum þann frumskóg sem Eurovision-keppnin er orðin. „Það eru 43 lög að keppa sem ber vott um það stjórnleysi og rugl sem keppnin er orðin. Við einblínum á lögin í forkeppninni sem Ísland tekur þátt í og reynum líka að fara yfir sem mest af hinum lögunum.“ - glh




**PASSAR SIG AÐ VERA EKKI ALLTAF Í SÖMU FÖTUNUM** Páll Óskar í settinu á Alla leið sem hefst á laugardaginn.



**LÁRÉTT**
**2.** ósvikinn **6.** hljóm **8.** bar að garði **9.** yfirbreiðsla **11.** skóli **12.** mont **14.** uppgerðarveiki **16.** átt **17.** fiskur **18.** tæfa **20.** samtök **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fita **3.** tveir eins **4.** hlutavelta **5.** angra **7.** naggrís **10.** í hálsi **13.** hrökk við **15.** áætlun **16.** arinn **19.** bókstafur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ekta, **6.** óm, **8.** kom, **9.** lak, **11.** ma, **12.** grobb, **14.** skróp, **16.** sv, **17.** áll, **18.** tík, **20.** aa, **21.** ónáð. **LÓÐRÉTT: 1.** tólg, **3.** kk, **4.** tombóla, **5.** ama, **7.** marsvín, **10.** kok, **13.** brá, **15.** plan, **16.** stó, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Elisabeth.
2. Andvígur.
3. Gísli Örn Garðarsson.

LÁRA ÓMARSDÓTTIR: GOTT AÐ LOSNA ÚR SVIÐSLJÓSINU

# Lára í upplýsingafulltrúann

„Ég er að fara að vinna sem upplýsingafulltrúi hjá Iceland Express,“ segir Lára Ómarsdóttir, fyrrum fréttamaður Stöðvar 2.

Fátt hefur verið meira rætt undanfarna daga en Lára og ummæli sem hún lét falla í miðju atinu á Suðurlandsvegi fyrir viku þegar vörubílstjórar og lögregla tókust á. Lára var á vettvangi, ræddi við ónefndan aðila í vakstjórn og spurði hvort hún ætti að fá einhvern til að henda eggjum í lögguna. Ummæli þessi fóru á netið og voru harðlega gagnrýnd. Þó svo að Lára segði að um kaldhæðið grín væri að ræða kom allt fyrir ekki og harðskeyttir bloggarar og álitsgjafar töldu það fyrirslátt. Lára sagði upp störfum í kjölfarið þar sem hún taldi að trúverðugleiki sinn sem fréttamanns hefði beðið hnekki og trúverðugleiki Stöðvar 2 væri í voða.

„Nei, ég er ekki á flæðiskeri stödd og ekki langur tími, eða rétt tæp vika, síðan ég sagði upp störfum. Þetta er nú bara þannig til komið að þeir hringdu í mig og eftir að ég fór til að kynna mér starfsemina og fyrirtækið sló ég til,“ segir Lára og talar um að henni hafi litist mjög vel á Iceland Express og allar aðstæður þar. Þeir hjá flugfélaginu voru ekki þeir einu sem settu sig í samband við Láru og buðu henni starf en þetta hljómaði mest spennandi að mati Láru. Hin nýja starfslýsing hennar hljómar í grófum dráttum á þá leið að hún er tengiliður milli fyrirtækisins og fjölmiðla. Lára ætti að leika sér að því og hefur einmitt sýnt fram á hæfileika sem upplýsingafulltrúi jeppaklúbbs sjónvarpsfólks hjá Stöð 2 – NFS. „Já, já,“ hlær Lára og segist verða áfram innan dyra í því ágæta félagi þótt horfin sé frá störfum sem fréttamaður.



**LÁRA ÓMARSDÓTTIR** Verður tengiliður Icleand Express og fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lára segist ekki farin að hugsa svo langt aðspurð hvort hún sjái fyrir sér að taka aftur til starfa sem fréttamaður. En maður skyldi aldrei segja aldrei. Lára segir að það hafi ekkert verið sérlega góð reynsla til að byrja með að vera efniviður frétta í stað þess að segja þær, en það hafi ekki verið alslæmt þegar til kastanna kom. Hún segist vera algjörlega sátt við þá ákvörðun sína að segja upp störfum þegar hún lítur til baka. Og vill ekki benda neinum fingrum þótt spurt sé um hvort útsendingarstjórar, vaktstjórar og fréttastjóri, sem þiggi laun með tilliti til meintrar ábyrgðar, hljóti ekki eðli málsins samkvæmt að tengjast málinu.

„Jú, það er rétt. Þetta voru mistök á mistök ofan og tilviljanir. Ef spurt er um ábyrgð, þá axla ég mína og síðan verða aðrir að gera upp við sig hvað þeir gera. Ég get bara svarað fyrir mig og mína samvisku. Þar með er ég ekki að segja að aðrir eigi að segja upp. En mér þótti óþægilegt að hafa ekki stjórn á atburðarásinni og vildi stöðva hana,“ segir Lára og vísar til þeirrar umræðu sem hófst í kjölfar atviksins. Hún segist ekki munu sakna sviðsljóssins. „Nei, það held ég ekki. Ég er búin að fá nóg af því í bili.“ jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Þórunn Sigurðardóttir** var í síðustu viku kosin í stjórn EFA – Europian Festival Association á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Antalya í Tyrklandi. Þórunn, sem er að láta af störfum sem stjórnandi Listahátíðar, var þar stödd ásamt arftaka sínum, **Hrefnu Haraldsdóttur**. EFA eru samtök helstu listahátíða heims þótt Evrópulöndin fari þar fremst í flokki og þykir nokkur heiður að fá inni hjá þessum samtökum. Og þeim mun meiri er heiðurinn sem Þórunni er sýndur en hún ætlar nú fyrst fyrir alvöru að fara að láta til sín taka í menningunni á heimsvísu.

Skakki turninn er nýtt tímarit sem **Illugi Jökulsson** ritstýrir og kennir þar ýmissa grasa. Í næsta tölublaði, sem kemur út á morgun, er meðal annars greint frá japanskri mannætu sem gekk laus á Íslandi! Þar er um að ræða hina frægu japönsku mannætu sem át kærustu sína í París fyrir tæpum 30 árum og varð alheimsstjarna út á það. Mannætan sú var í fríi á Íslandi fyrir fáeinum árum og Skakki turninn birtir fallega mynd af honum frá árinu 1998 við Næpuna þar sem hann er með austurrískri vinkonu sinni. Blaðamönnum Skakka turnsins mun ekki hafa tekist að hafa upp á vinkonunni þrátt fyrir tilraunir til þess. - jbg




# Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

**Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.**





# Spila fyrir Angelinu Jolie

Hljómsveitinni Hjaltalín hefur verið boðið til London að spila á Time for Peace, kvikmynda- og tónlistarhátíðinni 12. maí. Hátíðin verðlaunar tónlistar- og kvikmyndafólk fyrir afburðalistaverk í þágu friðar, manngilda og jákvæðra breytinga á samfélaginu.

„Við urðum steinhissa þegar við fengum þetta tilboð,“ segir Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín. „Það voru víst einhverjir í valnefnd hátíðarinnar sem höfðu heyrt lagið okkar „The Trees don't Like the Smoke“ og báðu okkur að koma og spila það og annað lag til.“

Fimm manna útgáfa af Hjaltalín spilar á hátíðinni því aðrir meðlimir eru uppteknir í prófum á sama tíma. Sigríður segir texta lagsins passa ágætlega við inntak hátíðarinnar. „Þetta er voða „beisik“ texti. Hann fjallar um það að við eigum að vera góð við trén sem hafa aldrei gert okkur neitt.“

Time for Peace-hátíðin hefur verið haldin síðan 1994. Valnefndina skipa þrjátíu sendifulltrúar hjá Sameinuðu Þjóðunum í Genf. Meðal tilnefndra mynda eru The Darjeeling Limitied eftir Wes Anderson og A Mighty Heart eftir Michael Winterbottom. Angelina Jolie er svo tilnefnd fyrir leik sinn í A Mighty Heart og Vanessa Redgrave fyrir leik í myndinni Evening. Það eru því engin smámenni sem munu hlusta á Hjaltalín. Einn þekktasti kokkur heims, Jean André Charial, sér svo um að elda ofan í mannskapinn.



**SUMARIÐ TEKIÐ MEÐ TRUKKI** Sigríður og Högni Egilsson eru í framlínu Hjaltalín.

Stafræn smáskífa með trjálaginu góða er komin út og fæst á heimasíðunni kimi.grapewire.net. Tónleikaútgáfa af laginu fylgir með í kaupbæti. Sigríður segir að sumarið verði tekið með trukki. „Við höfum ekkert náð að æfa upp nýtt efni, enda hafa allir verið svo uppteknir í skóla. Við gerum örugglega eitthvað nýtt og sniðugt í sumar og spilum sem mest. Við vorum að hita upp fyrir múm í New York og svo förum við í lítinn tónleikatúr í lok maí.“ - glh

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

### STENDUR TIL 11. MAÍ

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR SUMARIÐ

**HEFST Í DAG FIMMTUDAG 1.MAÍ**

### 66°Norður

| | |
|---|---|
| Jakkar................ | 2.000 – 4.500 kr. |
| Fleece................ | 2.000 – 3.000 kr. |
| Dúnúlpur............ | 7.000 kr. |
| Krakka flauelsbuxur........ | 1.000 kr. |
| Krakka jakkar..... | 2.000 kr. |
| Regnjakkar barna........ | 1.000 kr. |
| Krakka peysur.............. | 1.000 kr. |
| Barna fleecebuxur........ | 1.500 kr. |
| Vinnu fleecepeysur................ | 500 kr. |
| Vinnuúlpur.......... | [illegible] kr. |
| Vind-jakki........... | [illegible] kr. |
| Vind-buxur........... | 1.000 kr. |

### Skór

| | |
|---|---|
| Herraskór frá....................... | 2000 kr. |
| Dömuskór frá....................... | 1000 kr. |
| Barnaskór frá....................... | 500 kr. |
| Ecco dömuskór frá. 5000 áður 11995 kr. | |
| Dömustígvél frá..... 3000 áður 14995 kr. | |

### Blend

| | |
|---|---|
| Jakkar frá........................ | 3000 kr. |
| Peysur frá........................ | 1500 kr. |
| Skyrtur frá........................ | 1500 kr. |
| [illegible] frá........................ | 1000 kr. |
| [illegible] frá........................ | 2000 kr. |
| Kjólar frá........................ | 1500 kr. |
| [illegible] frá........................ | 1500 kr. |



BLEND she | Kaupfélagið | 66° NORÐUR | ecco | skór.is | BLEND | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



„...fyrst á visir.is“








**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna


## Dagur þakklætis

Í dag er góður dagur til að þakka fyrir þá dásamlegu tilviljun að þú fæddist í besta landi í heimi. Að þú sért hluti af hamingjusömustu þjóð í heimi og hafir ítrekað borið gæfu til að kjósa þér bestu leiðtoga alheimsins.

Í skjóli golfstraumsins, ein á gleðiskerinu sígræna, getum við varist vondum erlendum áhrifum. Ekki viljum við að belgískir níðingar komist í náttúruauðlindir okkar og spænskir sósíalistar veiði allan fiskinn. Það segir sig sjálft að okkar grænmeti sem vaxið hefur undir hátæknilegum flúorljósum er miklu betra en erlent krabbameinssólbrunnið sorp. Okkar ostar betri en mengaður viðbjóður, okkar kjöt betra en sýkt og saurugt útlent dót. Allt er best á Íslandi. Þetta vita heiðvirðir borgarar og greiða því með glöðu geði fyrir dýrasta mat í heimi. Auðvitað verður að ofurtolla útlenda sorpið svo kjánar fari sér ekki að voða. Fáum við ódýran mat deyjum við öll úr sjúkdómum og hættum að tala íslensku.

**ÓSKEIKULIR** leiðtogar okkar hafa með dugnaði og útsjónarsemi tekist að koma verðbólgunni hærra en hún hefur verið í átján ár. Húsnæðismarkaðurinn er í blóma og bilið milli ríkra og fátækra hefur aldrei verið meira. Íslenska krónan stendur eins og klettur í hafinu þegar fárviðri geisa annars staðar. Alls konar frábærar mótvægisaðgerðir til að viðhalda stöðugleikanum hafa skilað þessari himnesku niðurstöðu því íslenskir stjórnmálamenn hugsa svo sannarlega langt fram í tímann. Hér er allt svo unaðslegt að okkar besta fólk getur leyst alþjóðleg ágreiningsmál með litla putta á meðan þjóðarskútan siglir inn í sólarlag eilífrar hamingju. Leiðtogar okkar eru hálfguðir. Sérstök eftirlaunalög eru því sá minnsti þakklætisvottur sem alþýðufólk getur sýnt leiðtogum sínum. Risavaxnar gullstyttur á Lækjartorgi eða pýramídar væru eðlilegt framhaldsskref.

**ÞEGAR** sora- og spillingaröfl færa sig upp á skaftið er gott að vita af sterkri lögreglu sem mannfjöldastjórnar hryðjuverkamönnum með hamingjuúða. Efla þarf sérsveitirnar og ganga harðar fram við íslenskt hryðjuverkafólk. Upplagt væri að úða eina uppreisnarhjúkku eða vörubílstjóra með reglulegu millibili öðrum til aðvörunar. Svei soraöflum sem rugga báti fullkomleikans.

**KÆRU** landsmenn. Í dag skulum við sameinast í söng og ganga til móts við enn bjartari framtíð, lýtalausum leiðtogum okkar til dýrðar. Það er, ef þið eruð ekki of upptekin við að bóna hjólhýsin.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 1. maí, 122 dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.59 | 13.25 | 21.53 |
| Akureyri | 4.31 | 13.10 | 21.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


